# FRÉTTABLAÐIÐ

217. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 18. SEPTEMBER 2019


# Vill aðkomu fagfjárfesta að flugvellinum

**Á næstu þremur árum er gert ráð fyrir um 30 milljarða króna framkvæmdum Isavia á Keflavíkurflugvelli. Flugvallarfjárfestar hafa sýnt áhuga. Auðveldara að sækja fjármagn en þekkinguna. Stjórn Isavia hefur ekki rætt málið sérstaklega.**

**VIÐSKIPTI** Sveinbjörn Indriðason, forstjóri Isavia ohf., telur að skoða ætti aðkomu fjárfesta að félaginu til að tryggja fagþekkingu í rekstri og fyrirhugaðri uppbyggingu Keflavíkurflugvallar. „Ég tel skynsamlegt að horfa með jákvæðum augum til þess að sækja viðbótarfjármögnun með viðbótarhlutafé,“ segir Sveinbjörn í viðtali við Markaðinn. Hann telur æskilegt að það fjármagn komi frá fagfjárfestum. „Ef það kæmi hér inn erlendur fjárfestir sem sérhæfir sig í að fjárfesta í alþjóðlegum flugvöllum þá kemur með honum mikil þekking sem væri mjög jákvæð fyrir okkur.“

Í kortunum kunna að vera talsverðar skipulagsbreytingar á Isavia. Forstjórinn segir að huga verði að því að skilja samkeppnishluta félagsins frá öðrum þáttum. „Við verðum líka að viðurkenna þá staðreynd að rekstur Keflavíkurflugvallar er sú eining sem ber langmestu áhættuna og er í raun eina einingin sem getur haft veruleg neikvæð áhrif á eigin fé Isavia. Það þarf því að meðhöndla þá áhættu í samræmi við það,“ segir hann en segir að ekki sé tímabært að svo stöddu að útlista í smáatriðum hvað í því felst.

Hann segir að áhugasamir flugfjárfestar hafi verið í sambandi við Isavia. „Við tökum vel á móti öllum og það fá allir kynningu á því sem við erum að gera. Það er mikill áhugi á að koma að fjármögnun slíkra innviðaverkefna. Það er okkar mat að það sé ekki stórkostlega erfitt að fá inn fjárfesta í verkefnin sem fram undan eru á Keflavíkurflugvelli.“

Á næstu þremur árum er gert ráð fyrir um 30 milljarða króna framkvæmdum Isavia á Keflavíkurflugvelli. Sveinbjörn segir þetta vera risavaxin verkefni. „Í peningum verður fjárhæðin vel norðan við hundrað milljarða króna þegar uppbyggingaráætlunin er fullframkvæmd.“

Sveinbjörn segir mun meiri verðmæti felast í því fyrir Isavia að fá inn fagfjárfesta sem hafa þekkingu á rekstri flugvalla en í fjármununum sem slíkum. „Það er auðveldara að sækja fjármagnið en þekkinguna. En ef það kæmi hér inn erlendur fjárfestir sem sérhæfir sig í að fjárfesta á alþjóðlegum flugvöllum þá kemur með honum mikil þekking sem væri mjög jákvæð fyrir okkur. Við höfum á tiltölulega fáum árum vaxið úr litlum flugvelli í alþjóðlegan flugvöll með öllum þeim tækifærum og áskorunum sem því fylgir,“ segir hann.

Að sögn Sveinbjörns hefur stjórn Isavia ekki rætt þetta sérstaklega. Þeir viti þó af heimsóknum áhugasamra fjárfesta. Aðspurður um hvort einhver vinna í þessa veru sé í gangi í fjármálaráðuneytinu telur hann svo ekki vera. – **ds / sjá Markaðinn**

> **Ef það kæmi hér inn erlendur fjárfestir sem sérhæfir sig í að fjárfesta í alþjóðlegum flugvöllum þá kemur með honum mikil þekking sem væri mjög jákvæð fyrir okkur.**
>
> Sveinbjörn Indriðason, forstjóri Isavia ohf.





Ísland fer fyrir Norrænu ráðherranefndinni sem stendur fyrir ráðstefnu um áhrif #metoo-hreyfingarinnar í samvinnu við rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við HÍ. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra opnaði ráðstefnuna í Hörpu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Fallið frá skráningu Almenna leigufélagsins

**VIÐSKIPTI** Almenna leigufélagið, næststærsta leigufélag landsins, hefur hætt við áform um skráningu félagsins á Aðalmarkað.

Þá verður sett á fót sérstakt fimm manna fjárfestingarráð, skipað fulltrúum sumra af stærstu hluthöfum sjóðsins sem á og rekur Almenna leigufélagið, en sjóðurinn er í stýringu Kviku, sem mun í kjölfarið einnig tilnefna tvo nýja fulltrúa í stjórn félagsins. Á meðal þeirra sem taka sæti í ráðinu eru fulltrúar frá TM og sjóðastýringarfélaginu Stefni.

Aðkoma sjóðfélaga kemur til vegna vaxandi undiröldu margra úr röðum þeirra vegna reksturs sjóðsins, einkum hvað varðar rekstrarkostnað. Hlutverk fjárfestingarráðsins verður að leggja mat á stöðu leigufélagsins, sem skilaði um þrettán milljóna hagnaði á fyrri árshelmingi, og taka ákvarðanir um næstu skref.

Þar er til skoðunar að sjóðnum verði slitið áður en líftími hans rennur út, sem er um mitt næsta ár, og að hluthafarnir eignist beint hlutabréf í leigufélaginu og taki við rekstrinum.

Eignasafn Almenna telur 1.200 íbúðir en heildareignir félagsins eru 48 milljarðar. – **hae / sjá Markaðinn**

> **13**
>
> **milljónir var hagnaður félagsins á fyrri árshelmingi.**







## Veður




Suðaustan og austan 8-15 m/s í dag, en 15-20 með suðurströndinni þangað til síðdegis. Víða rigning, talsverð á suðurhelmingi landsins. Hiti 6 til 11 stig yfir daginn.
SJÁ SÍÐU 14

# Urð og grjót upp í mót

FRÉTTABLAÐIÐ Farðu á frettabladid.is



Franska klifuríþróttakonan Svana Bjarnason hefur notið þess að undanförnu að iðka íþrótt sína í bröttu og sprungnu íslensku bergi þar sem víða leynist dýrmætt grip sem getur bjargað glöggum og góðum fjallageitum þegar hvergi virðist hægt hönd að festa. Mánudeginum eyddi hún með fylgdarliði sínu undir hinu formfagra Vestrahorni og tilþrifin minntu helst á sjálfan Sylvester Stallone í Cliffhanger. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Hvetja til banns gegn rafrettum

**HEILBRIGÐISMÁL** Rúmlega 15 prósent 10. bekkinga á Íslandi eru hugsanlega háðir rafrettum. Þetta eru niðurstöður nýrrar skýrslu um heilsu og líðan grunnskólanemenda sem var lögð fyrir fund skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar á dögunum. Alls svöruðu 7.159 nemendur um land allt könnuninni sem hefur verið lögð fyrir um árabil að tilstuðlan Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

> **Þetta eru ótrúlegar tölur sem við þurfum að taka alvarlega.**
>
> Ársæll M. Arnarson, prófessor



Um 65 prósent nemenda hafa aldrei prófað að reykja rafrettu en um 20 prósent hafa fiktað mismikið við slíkt. 15,2 prósent segjast hafa reykt rafrettur oftar en 30 daga yfir ævina og eru því hugsanlega háðir reykingunum. „Þetta eru ótrúlegar tölur og eitthvað sem við þurfum að taka alvarlega,“ segir Ársæll, M. Arnarson, annar skýrsluhöfunda. Að hans mati er sorglegt að sjá svo háar tölur meðal ungra krakka í ljósi þess árangurs sem hafi unnist í baráttunni gegn hefðbundnum tóbaksreykingum á undanförnum árum. „Þetta gengur þvert á allt sem við höfum verið að berjast fyrir. Það eru engar rannsóknir sem hafa sýnt fram á skaðleysi rafrettna en sífellt fleiri vísbendingar benda til þess að fólk sé að fara illa út úr þessu.“ Hann segir greinilegt að rafretturnar höfði til ungmenna. „Við leggjum til að bann við rafrettum verði tekið til alvarlegar athugunar,“ segir Ársæll. - **bþ**

## Vilja rýmri opnunartíma

**SAMGÖNGUMÁL** Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu á fundi borgarstjórnar í gær til að opnunartími stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar yrði gerður sveigjanlegri til þess að létta á umferð á



Eyþór L. Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins

höfuðborgarsvæðinu. Þá yrði þess freistað gera þetta í samvinnu við atvinnurekendur og ríkið. Tillögunni var vísað til umhverfis- og skipulagsráðs. „Það hefur ekkert gerst í þessum málum í fimm ár,“ sagði Eyþór L. Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins, þegar hann lýsti vonbrigðum þar sem lausnin væri ódýr og mætti vinna hratt. – **bþ**



NÁNAR Á UU.IS EÐA Í SÍMA 585 4000

# Prófessor sagður tapa trúverðugleika sínum

**Tónlistarprófessor sem gerði samanburðargreiningu á lögunum Söknuði og You Raise Me Up er sagður hafa fórnað trúverðugleikanum með vinnubrögðunum. Þetta kemur fram í andsvörum lögmanns Jóhanns Helgasonar fyrir dómi.**

**DÓMSMÁL** Lögmaður Jóhanns Helgasonar gagnrýnir harkalega tónlistarfræðing sem samdi greinargerð fyrir vörn tónlistarfyrirtækjanna Universal og Warner í lagastuldarmáli Jóhanns vegna lagsins Söknuðar. Eins og fram kom í Fréttablaðinu 8. júlí hafnaði Lawrene Ferrara, tónlistarprófessor sem samdi greinargerð fyrir hönd fyrirtækjanna sem Jóhann Helgason hefur stefnt, líkindum milli Söknuðar og You Raise Me Up, eftir Rolf Lövland.

„Það eru engin slík líkindi milli laganna sem gefa til kynna að You Raise Me Up sé stæling á Söknuði,“ sagði í greinargerð fyrir hönd Warner Music og Universal Music.

„Sérfræðingur hinna stefndu fórnaði trúverðugleika sínum með því að halda fram að lögin líkist ekki og með því að nota gallaða aðferðafræði,“ segir hins vegar í greinargerð lögmanns Jóhanns, Michaels Machat, sem lögð var fram á föstudag við dómstól í Los Angeles.

Á föstudag var einnig lögð fram greinargerð doktor Judith Finell, tónlistarfræðings og sérfræðings fyrir hönd lögmanns Jóhanns Helgasonar. Segir þar að líkindin milli Söknuðar og You Raise Me Up séu mikil. Þau séu meiri en milli þessara tveggja laga innbyrðis heldur en milli þeirra hvors um sig og eldri tónsmíða sem Ferrara nefnir.

Líkt og Ferrara hefur Finell komið sem sérfræðingur að fjölmörgum dómsmálum. Hún var meðal annars sérfræðivitni fyrir fjölskyldu Marvins Gay í tímamótamáli þar sem dæmt var að lagið Blurred Lines væri stuldur á laginu Got to Give It Up eftir Gay.

„Dr. Finell segir að tilvist Londonderry Air þýði á engan hátt að You



Málsókn Jóhanns var kynnt í apríl á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Ferrara beitir vafasömum röksemdum vegna þess að honum er borgað fyrir það.**
>
> Michael Machat, lögmaður Jóhanns Helgasonar



Raise Me Up hafi verið samið sjálfstætt,“ vitnar Machat í niðurstöðu Finells. Þar er vísað til röksemda Ferrara um að bæði Söknuður og You Raise Me Up byggi á írska þjóðlaginu Danny Boy – öðru nafni Londonderry Air.

Í greinargerð sinni segir Finell að Ferrara noti annars vegar gríðarlega þrönga skilgreiningu í samanburði á Söknuði og You Raise Me Up en beiti hins vegar miklu víðari skilgreiningu í samanburði á lögunum tveimur við eldri verk.

„Þessi mótsögn leiðir lesandann og ályktanirnar að rangri og óáreiðanlegri niðurstöðu,“ segir hún.

Lögmenn Universal og Warner hafa krafist frávísunar málsins. Michael Machat segir að þar sem þeir beri hvorki brigður á höfundarrétt Jóhanns að Söknuði né dragi í efa að Rolf Lövland hafi haft aðgang að íslenska laginu snúist málið um líkindi milli laganna.

„Sérfræðiskýrsla stefndu er byggð á gallaðri aðferðafræði og skilgreiningum sem beitt er á mismunandi veg. Í henni tekst ekki að afsanna hin augljósu líkindi milli Söknuðar og You Raise Me Up,“ segir Machat. Því beri að hafna kröfunni um frávísun.

„Ferrara beitir vafasömum röksemdum vegna þess að honum er borgað fyrir það,“ segir í greinargerð lögmanns Jóhanns. Og um mikla peninga er að tefla því samkvæmt frétt á vefsíðu Universal frá 2016 er You Raise Me Up eitt tekjuhæsta lag allra tíma. **gar@frettabladid.is**

+PLÚS



# #metoo ráðstefna í Hörpu

Fjöldi fólks kom saman í Hörpu í gær á fyrsta degi ráðstefnu um áhrif #metoo. Katrín Jakobsdóttir flutti opnunarávarp á ráðstefnunni þar sem hún talaði um mikilvægi þess að huga að samspili kyns, kynþáttar og stéttar við mismunun og áreitni. Anton Brink, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með.







NISSAN
Innovation that excites

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

# TREYSTU Á REYNSLUNA

## VELDU MEST KEYPTU RAFBÍLA Í HEIMI

ENNEMM / SÍA / NM95592




### NISSAN e-NV200 – 100% RAFBÍLL

Drægi 200 km. Rafhlaða 40 kWh, 109 hestöfl

**VERÐ FRÁ: 4.790.000 KR.**

### NISSAN LEAF – 100% RAFBÍLL

Drægi 270 km. Rafhlaða 40 kWh, 150 hestöfl

**VERÐ FRÁ: 4.390.000 KR.**

**Nissan hefur verið leiðandi í framleiðslu rafbíla síðan árið 2010 þegar Nissan Leaf var kynntur til sögunnar. Enginn rafbíll hefur unnið til jafn margra umhverfisverðlauna og enginn framleiðandi hefur selt jafn marga rafbíla og Nissan.**

**Nissan Leaf** er ekki einungis valinn vegna reynslunnar heldur þeirrar staðreyndar að hann er einn skemmtilegasti rafbíll sem í boði er. Nissan Leaf er hlaðinn staðalbúnaði og nýjungum á borð við e-Pedal sem er sjálfvirk hemlun sem endurnýtir orku og auðveldar akstur í þéttbýli.

**Nissan e-NV200** er sendibíll sem byggir á þaulreyndri rafbílatækni Nissan Leaf. Fyrir fyrirtæki sem ætla að skipta yfir í rafbíl er gott að vita að e-NV200 hefur þegar verið valinn í þjónustu margra af stærstu og öflugustu fyrirtækjum landsins.

**3,95%**
**KJARAVEXTIR**

- **Fastir vextir**
- **Engin verðtrygging**
- **Ekkert lántökugjald**
- **Lægri mánaðargreiðsla**
- **Miklu lægri kostnaður**

Hagstæð leið til að fjármagna bílakaupin. Kynntu þér **3,95% Kjaravexti** hjá sölumönnum BL eða á www.bl.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ 120.000 KM

**PRÓFAÐU FYRST RAFBÍLANA SEM FLESTIR VELJA**
**VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR**

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

* Drægi hverrar hleðslu miðast við uppgefnar tölur framleiðanda um drægi samkvæmt nýjum WLTP staðli.




FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1** **„Ég vildi að ég hefði getað gripið systur okkar sem var hrint af svölunum“** Baráttukonan Þórdís Elva Þorvaldsdóttir boðar til mótmæla gegn niðurfellingu nauðgunarmála.

**2** **Kona féll fram af svölum í Breiðholti** Kona féll fram af svölum í Hólahverfi í Breiðholti. Vitni sögðu í samtali við Fréttablaðið að karlmaður hefði hent henni fram af þeim niður á steyptar tröppur.

**3** **Vitni segir einkaskilaboð afhjúpa brotaþolann** Vitni í máli Árna Gils fullyrðir að brotaþolinn í málinu, sem kveður Árna hafa stungið sig í höfuðið með hnífi, sé að ljúga.

**4** **„Fordæmalaust virðingarleysi við störf þingsins“** Snörp orðaskipti urðu í þingsal þar sem skipulagshæfileikar forseta Alþingis voru gagnrýndir.

**5** **Óttast um líf sonar síns: „Hann er búinn að fá lokadóminn“** Inga Lóa Birgisdóttir óttast um líf sonar síns sem glímt hefur við fíknivanda og kallar eftir hjálp.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

## Sá grunaði braut skilorð

**LÖGREGLUMÁL** Konan sem talið er að hafi verið hrint fram af svölum í Hólahverfi í Breiðholti liggur alvarlega slösuð á sjúkrahúsi en er ekki í lífshættu.

Hún féll fram af svölum á annarri hæð hússins en samkvæmt vitnum var henni hrint af svölunum niður á steyptar tröppur.

Maðurinn, sem grunaður er um að hafa átt þátt í falli konunnar, var handtekinn á vettvangi og hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald fram til 15. október. Maðurinn, sem er á fertugsaldri, er að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, talinn hafa rofið í verulegum atriðum skilyrði skilorðsbundins dóms. – **bdj, vá**

# Lýstu áhyggjum af meðferð skattamála við þingfestingu

**Jafnt sækjendur, verjendur og dómarar telja meðferð skattlagabrota ekki í lagi nú þegar þrír dómar hafa fallið hjá Mannréttindadómstól Evrópu. Fjórða málið er komið til efnismeðferðar í Strassborg. Þetta kom fram við þingfestingu máls í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudaginn.**




**Sækjandi, verjandi og dómari ræddu skattamálin vítt og breitt við þingsetningu í héraðsdómi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**DÓMSMÁL** Þingfesting í máli Andrésar Kristins Konráðssonar, sem ákærður er fyrir skattalagabrot, tók óvænta stefnu þegar til frjálslegra skoðanaskipta kom milli sækjanda, verjanda og dómara um stöðu rannsókna- og ákærumeðferða skattalagabrota.

Við upphaf þinghalds lét sækjandi málsins þess getið að nýlegur úrskurður ríkisskattstjóra gæti haft áhrif á fjárhæðir í ákæru, ákærða til hagsbóta og til þess gæti komið að gefa þyrfti út aðra ákæru.

Gestur Jónsson, verjandi Andrésar, sagði ljóst að gerður yrði ágreiningur um þennan nýja úrskurð. „Hann verður til meðferðar hjá yfirskattanefnd í 12 mánuði og á sama tíma er málið til meðferðar fyrir dómstólum,“ sagði Gestur og lét fylgja þá skoðun sína að það væri allt komið í vitleysu í meðferð þessara skattamála. Vísaði Gestur þar til nýlegra dóma sem fallið hafa gegn Íslandi í Mannréttindadómstól Evrópu um brot gegn ákvæði Mannréttindasáttmálans um bann við endurtekinni refsingu fyrir sama brot.

Dómarinn, Guðjón St. Marteinsson, lét þess getið að það fari orðið allir fram á frávísun í þessum málum. Farið hefði verið fram á frávísun í fjórum slíkum málum í vikunni og fimm mál sem biðu þingfestingar lyktuðu af frávísunarkröfum.

Gestur upplýsti að enn eitt málið væri komið til efnismeðferðar hjá MDE og fullyrti að ríkislögmanni hefði nýverið borist bréf frá MDE þar sem því væri beint til stjórnvalda að reyna að ná sáttum í máli Braga Kristjánssonar. Lýsti Gestur því viðhorfi að stjórnvöld yrðu að fara að bregðast við með einhverri línu í þessum málum.

Dómarinn tók að nokkru undir áhyggjur verjandans af stöðunni. „Ég hef engan hitt, hvorki verjanda, sækjanda, né dómara sem telur að þetta sé í lagi,“ sagði Guðjón.

Sigríður Árnadóttir, sem sótti þing fyrir ákæruvaldið, sagðist þá hafa heimildir fyrir því að tíðinda væri að vænta frá stjórnvöldum alveg á allra næstu dögum og vísaði til nefndar sem skipuð var skömmu eftir að þriðji áfellisdómurinn kom frá MDE í vor.

Dómarinn sagði slík tíðindi hafa verið flutt fyrir löngu og vísaði til nefndar sem skilaði skýrslu árið 2013 þar sem allir helstu embættismenn málaflokksins sammæltust um að breytingar væru óumflýjanlegar og þyldu ekki bið. Meðal þeirra sem skrifuðu undir þá skýrslu var Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri.

Fyrirspurn til dómsmálaráðuneytisins um starf þeirrar nefndar sem skipuð var í vor hafði ekki verið svarað þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Aðspurður segist Ragnar H. Hall, lögmaður Braga Kristjánssonar, bundinn trúnaði um stöðu máls Braga hjá MDE, samkvæmt reglum hjá dómstólnum sem gilda meðan þess er freistað að ná sáttum.

**adalheidur@frettabladid.is**

### Snúið að ná sáttum við Braga

Bragi Kristjánsson var sakfelldur fyrir meiriháttar skattalagabrot, fyrst í héraði árið 2016 eftir að málinu hafði ítrekað verið frestað að beiðni ákærða meðan beðið var niðurstöðu mála sem voru til meðferðar hjá MDE. Málið var að lokum flutt og dæmt þrátt fyrir að niðurstaða væri ekki komin ytra. Dómurinn var svo staðfestur af fullskipuðum sjö manna dómi í Hæstarétti í september 2017. Dómur Hæstaréttar féll nokkrum mánuðum eftir að MDE kvað upp dóm í máli Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar. Taldi Hæstiréttur málin ekki sambærileg og sakfelldi Braga.

Með vísan til þess að fjölskipaður Hæstiréttur sakfelldi Braga kann ríkislögmanni reynast örðugt að ná sáttum við hann í Strassborg.

**Ég hef engan hitt, hvorki verjanda, sækjanda né dómara sem telur að þetta sé í lagi.**



Guðjón St. Marteinsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur






ERT ÞÚ MEÐ HÁLSBÓLGU?
Strefen®
**Bólgueyðandi** og **verkjastillandi** munnúði við særindum í hálsi




Strefen 16,2 mg/ml munnholsúði, lausn inniheldur flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga úr einkennum bráðra hálssærinda hjá fullorðnum. Einn skammtur (3 úðaskammtar) aftast í hálsinn á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, upp að hámarki 5 skammtar á 24 klst. tímabili. Ráðlagt er að nota lyfið að hámarki í þrjá daga.
Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn – lægra verð


RISA
PARKET · FLÍSAR · HURÐIR
ÚTSALA
35-60% AFSLÁTTUR
AF LAGERVÖRU
ALLRA SÍÐUSTU DAGAR
SÉRTILBOÐ
HVÍTAR SLÉTTAR INNIHURÐIR
VERÐ AÐEINS KR.
31.990
Birgisson®
Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is



Frá Odsherred. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fjórir dagar í vinnuvikunni

**DANMÖRK** Sveitarfélagið Odsherred, á Norður-Sjálandi, verður það fyrsta í Danmörku til að innleiða fjögurra daga vinnuviku. Um er að ræða þriggja ára tilraunaverkefni sem hefst strax í þessari viku. Hjá sveitarfélaginu starfa um 300 manns sem munu ekki vinna á föstudögum.

Styttingin nemur þó ekki heilum degi því að opnun á öðrum virkum dögum lengist í báða enda, þannig að vinna þarf einn dag í viku frá 7 til 19. Hefðbundin vinnuvika í Danmörku er 37,5 stundir en verður 35 hjá starfsmönnum Odsherred.

Samkvæmt Sören Kuhnrich, fulltrúa eins starfsmannafélagsins, eru starfsmenn fullir tilhlökkunar og hafa samskipti við bæjarstjórn um verkefnið hafi verið góð. – khg



Endurgerð Endeavour siglir í höfn í Whitby. NORDICPHOTOS/GETTY

## Maoríar loka á kaftein Cook

**NÝJA-SJÁLAND** Bæjaryfirvöld í Mangonui hafa bannað endurgerð skipsins Endeavour að koma í höfn í tilefni þess að 250 ár eru síðan skipherrann James Cook sigldi fyrstur Evrópumanna í kringum Nýja-Sjáland. Bærinn er að mestu byggður Maoríum en þjóðin á slæmar minningar um Cook.

„Hann var villimaður,“ sagði Anahera Herbert-Graves, leiðtogi Ngati Kahu iwi ættbálksins. „Hvert sem hann fór voru morð, mannrán, nauðganir.“

Skipið siglir sama hring og Cook gerði árin 1769 og 1770. Hefur siglingin verið gagnrýnd fyrir að upphefja nýlendustefnuna.

Ráðuneytisstjóri menningarmálaráðuneytisins segist skilja tilfinningar frumbyggjanna og að skipið muni aðeins stoppa þar sem það er velkomið. – khg

## Merkel fundar með konungi Jórdaníu



Angela Merkel, kanslari Þýskalands, fundaði með Abdullah II, konungi Jórdaníu, í Berlín í Þýskalandi í gær. Leiðtogarnir ræddu meðal annars árás sem gerð var á olíuvinnslustöðvar í Sádi-Arabíu á laugardaginn og áhrif hennar á olíuverð. NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Segja sterkar sannanir fyrir þöggun breskra þingmanna

**Hæstiréttur Bretlands tekur nú fyrir lögmæti ákvörðunar Boris Johnson um fimm vikna þingfrestun. Niðurstöðu er að vænta á fimmtudag. Leiðtogi skoskra Íhaldsmanna greinir frá því af hverju hún sagði af sér á dögunum og leiðtogi Frjálslyndra demókrata gírar sig upp í kosningar sem sagðar eru óraumhæfar.**

**BRETLAND** Hæstiréttur Bretlands hefur nú til meðferðar ákvörðun Boris Johnson forsætisráðherra um fimm vikna þingfrestun eftir að dómstóll í Skotlandi úrskurðaði hana ólöglega. Johnson segist bera mikla virðingu fyrir dómstólnum og vill vita hver úrskurðurinn er áður en hann kallar saman þingið að nýju.

Kærendur í málinu eru 75 þingmenn stjórnarandstöðunnar. Fyrir dóminum í gær sögðu lögmenn þeirra að sterkar sannanir væru fyrir því að Johnson væri að reyna að þagga niður óánægjuraddir á þinginu með frestuninni, til þess eins að koma harðlínustefnu sinni um útgöngu án samnings þann 31. október í gegn.

Brenda Hale, forseti hæstaréttar og barónessa, ítrekaði áður en þinghald hófst að úrskurður réttarins, sem er væntanlegur á fimmtudag, myndi ekki hafa nein áhrif á útgöngudagsetninguna sjálfa. Þessi yfirlýsing Hale endurspeglar vel þá tregðu breska dómskerfisins til að snerta á útgöngumálunum. Dómarar vonuðust til þess að stjórnmálamenn gætu leyst málið sjálfir.

Ruth Davidson, fyrrverandi leiðtogi Íhaldsmanna í Skotlandi, greindi í viðtali við ITV frá ástæðu afsagnar sinnar sem var mikið áfall fyrir flokkinn. Davidson hefur mikið persónufylgi og vann stóran kosningasigur 2017, þrátt fyrir að flokkurinn hafi tapað á landsvísu.

Upphaflegu ástæðurnar sem hún gaf voru persónulegar ástæður og að fjölskyldulífið samrýmdist ekki lífi stjórnmálamannsins. Hún hafði þá nýlega eignast barn með eiginkonu sinni. Marga grunaði hins vegar að ný stefna Boris Johnson væri ástæðan og Davidson staðfesti það í viðtalinu. Harðlínustefnan og þingfrestunin, sem nú er slegist um fyrir dómstólum, skipti þar mestu. „Ég hef haft miklar efasemdir um Brexit,“ sagði Davidson og að þessar efasemdir hefðu gert það að verkum að hún hefði ekki lengur treyst sér til að leiða flokkinn.

Á meðan beðið er eftir úrskurði hæstaréttar um þingfrestun eru leiðtogar stjórnmálaflokkanna að gíra sig upp í kosningabaráttu. Einn þeirra er Jo Swinson, leiðtogi Frjálslyndra demókrata, en hennar flokkur mun verða með skýra stefnu um að draga útgönguna til baka. Flokkurinn hélt nýlega landsþing sem Swinson lokaði með þeim orðum að flokksmenn þyrftu að „berjast upp á líf og dauða um hjarta og sál Bretlands“. Ekki aðeins þyrfti að berjast gegn útgöngunni sjálfri heldur einnig „hinum nýju popúlísku stjórnmálum“. Frjálslyndir demókratar hafa verið á mikilli siglingu undanfarna mánuði í könnunum og með skýrum skilaboðum vonast þeir til að geta sameinað þá sem kusu gegn útgöngunni árið 2016.

Hvort draumur Swinson um kosningasigur verði að veruleika eða ekki skal ósagt látið því að starfsmenn kjörstjórna hafa haft samband við ríkisstjórnina og viðrað áhyggjur sínar af snemmbúnum kosningum. Segja þeir kosningar með aðeins mánaðar fyrirvara óraunhæfar, bæði hvað varðar undirbúning, starfsfólk, fjármögnun og fleira. Einnig þyrfti að huga að utankjörfundaratkvæðum og Bretum búsettum erlendis. Áreiðanleiki kosninga með svo miklum flýti væri í hættu. kristinnhaukur@frettabladid.is



Breskir dómarar skera úr um lögmæti þingfrestunar. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Ég hef haft miklar efasemdir um Brexit.**
>
> Ruth Davidson, fráfarandi leiðtogi skoskra Íhaldsmanna






**Maxima Hollandsdrottning var tignarleg þegar hún mætti á setningu hollenskaþingsins í Haag í gær. Dagurinn ber heitið Prinsadagurinn en árlega kemur hollenska konungsfjölskyldan saman við setningu þingsins þar sem æðsti leiðtogi landsins flytur ræðu fyrir hönd konungsfjölskyldunnar.** NORDICPHOTOS/GETTY




**Hillary Clinton flutti ræðu á viðburði sem haldinn var af Bandarísku kennarasamtökunum í George Washington háskóla í gær. Viðburðinum var ætlað að vekja athygli á áskorunum lýðræðislegra stofnana og rétti og kúgun bandarískra kjósenda.**



**Ísraelar gengu til þingkosninga í gær, í annað sinn á þessu ári. Forsætisráðherra landsins, Benjamin Netanyahu, tókst ekki að mynda meirihlutastjórn þegar kosið var í apríl og boðaði því til nýrra kosninga í maí.  Aldrei fyrr hafa kosningar verið með svo stuttu millibili í Ísrael.**



**Austurríska leikkonan Ana Milva Gomes sýndi mikla innlifun við æfingar á söngleiknum Cats í Vínarborg í gær. Söngleikurinn verður frumsýndur í Ronacher-leikhúsinu í Vín á fimmtudaginn.**



**Þessi kona ásamt fjölda annarra var skoðuð af augnlækni í Sanaa, stærstu borg Jemen, í fyrradag. Góðgerðarsamtökin Nibras gefa þeim sem mögulega hafa hlotið skaða í borgarastyrjöldinni sem þar geisar fría skoðun augnlæknis í samstarfi við heilbrigðisráðuneyti landsins.**

15%
afsláttur
af pöntunum
frá auping



# Tveir sérfræðingar verða í verslun okkar um helgina 19. - 21. september

**Kíktu í heimsókn og þú gætir unnið Y stól og dúnmjúka kodda frá auping!**

auping
with love

CARL HANSEN & SØN
PASSIONATE CRAFTSMANSHIP

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is

epal







**MUHAMAD**
**"THE WEAVER" Í EPAL**

Vefarinn Muhamad verður í Epal Skeifunni föstudag til laugardags og sýnir vefun á hinum heimsþekkta Y stól sem hannaður er af Hans J. Wegner. Mohamad starfar hjá Carl Hansen og þykir framúrskarandi í þessari iðngrein.

Sjón er sögu ríkari.

15%
afsláttur af
pöntunum og
lagervörum frá
Carl Hansen

# Áfengið sótt yfir lækinn



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Kaupmaðurinn á horninu er einn þeirra sem geta dregið úr bílaumferð. Bent hefur verið á að höfuðborgarbúar muni í ár sóa níu milljón klukkustundum í umferðartafir í borginni, svo ekki sé minnst á þau áhrif sem vitað er að bílaumferð hefur á umhverfið.

Forsenda þess að kaupmaðurinn geti dregið úr samgönguvandanum er að stefna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um að dagleg verslun og þjónusta sé sem næst íbúunum, svo þeir geti sótt það helsta án þess að ræsa bifreið, nái fram að ganga. Ein algeng neysluvara er hins vegar af óskiljanlegum ástæðum eingöngu seld af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem virðist hvorki hirða um skynsemi né skipulag í rekstri sínum.

Fyrir þinginu liggur nú frumvarp um að sveitarfélögin hafi aðkomu að staðarvali þegar hið opinbera opnar nýja áfengisverslun. ÁTVR hefur hingað til haft allt um það að segja hvar áfengisverslanir eru staðsettar án þess að hafa samráð við handhafa skipulagsvaldsins, sem eru sveitarfélögin. Skemmst er að minnast þess þegar ÁTVR lokaði verslun sinni í miðbæ Garðabæjar og opnaði nýja verslun í Kauptúni við Costco, þvert á stefnu bæjarstjórnar. ÁTVR hefur ítrekað opnað nýjar búðir við stofnbrautir frekar en að sækja inn í hverfin. Það er sérstaklega furðulegt í ljósi framsækinnar stefnu ÁTVR í umhverfismálum að verslunin beini fólki með svo afgerandi hætti að því að nota einkabílinn. Frumvarpið er eðlilegt skref í átt að nútímanum. Sjálfbærum hverfum þar sem má sækja helstu neysluvörur með því að hjóla eða ganga stutta vegalengd.

Enn eðlilegra skref væri að gera sölu áfengis frjálsa, enda fráleitt að ríkið standi yfirhöfuð í verslunarrekstri. Ríkið getur þó skapað skilyrði fyrir rekstrinum og sett umgjörð með reglugerð.

Frelsi og lýðheilsa eru ekki andstæður. Reykingafólki fækkar, þótt tóbakssala sé frjáls.

Lýðheilsumarkmiðum má vel ná fram samfara því að sala áfengis verði frjáls. Þótt áfengi verði selt í verslun kaupmannsins á horninu, eru áfengisgjöld áfram há, salan háð ströngum skilyrðum frá hinu opinbera og enn þurfa allir að hafa náð tvítugsaldri til að fá að kaupa vín.

Margir, sem ekki mega heyra minnst á frjálsa sölu áfengis, nefna að aukið aðgengi kalli á aukna neyslu. Reynslan sýnir að margir þættir geta leitt til meiri drykkju, til dæmis aukin velmegun. Rökin falla svo um sjálf sig þegar sölustöðum áfengis fjölgar gríðarlega ár frá ári en samt minnkar drykkja ungmenna.

Lýðheilsumarkmiðum er hægt að ná þótt frjáls verslun og eðlilegt samkeppnisumhverfi fái að þrífast hér á landi.

Verslun er skipulagsmál og liður í því að styrkja nærumhverfi borgaranna. Þar eiga almannahagsmunir og framtíðarsýn að ráða för, ekki skammtímasjónarmið úreltrar einokunarverslunar í ríkiseigu.

**Það er sérstaklega furðulegt í ljósi framsækinnar stefnu ÁTVR í umhverfismálum að verslunin beini fólki með svo afgerandi hætti að því að nota einkabílinn.**

Verkalýðsfélagið Hlíf

**ALLSHERJARATKVÆÐA-GREIÐSLA**

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu um kjör fulltrúa Verkalýðsfélagsins Hlífar á þing Starfsgreinasambands Íslands, sem haldið verður á Hótel Reykjavík Natura dagana 24.-25. október 2019.

Tillögum með nöfnum 6 aðalfulltrúa og 6 varafulltrúa ber að skila á skrifstofu Hlífar fyrir kl. 15:00, föstudaginn 27. september n.k.

Meðmæli minnst 60 félagsmanna þurfa að fylgja tillögunni.

*Kjörstjórn Hlífar*

## Halldór




## Frá degi til dags

**Verði Guðs vilji**

**Guði sé lof að sælir eru hógværir þar sem Þjóðkirkjan hefur fengið yfir sig mun meira af lasti en lofi í seinni tíð. Himnarnir kunna þó að opnast og baða hana ljósi hróssins eftir að biskup og vígslubiskupar brugðust við máli séra Ólafs Jóhannssonar með yfirlýsingu á mannamáli. Í stað þess að tala tungum taka þeir nú frásagnir þolenda trúanlegar, fordæma brotin og heita því að kirkjan muni færa verkferla í slíkum málum til betri vegar. Tæplega tilviljun, en mögulega guðleg forsjá, að við þennan nýja tón kveði eftir ráðningu Péturs Markan sem nýs samskiptastjóra kirkjunnar.**

**Boðorðin nýju**

**Skrípaleikurinn í kringum siðareglur Alþingis heldur áfram og nú hafa þær í merkingarleysi sínu sett skipan nefndarformanna í bál og brand. Brennimerkt siðareglunum þykja Bergþór Ólason og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir ótæk til nefndarformennsku. Hann fyrir subbulegan kjaftavaðal á Klaustri hinna syndugu og hún fyrir að fara of frjálslega með sjöunda boðorðið í beinni útsendingu. Siðareglufarganið hefur þannig aðeins kostað tíma og peninga og skapað vandræði og deilur. Guð hjálpi þeim sem freista þess að setja þingheimi siðareglur sem fá hann til að líta í eigin barm.**

**arib@frettabladid.is**

# Loftslagsbankinn



Kolbeinn Óttarsson Proppé
alþingismaður Vinstri grænna

Ríkið er eigandi að stærstum hluta íslenska fjármálakerfisins. Sú staða gefur okkur færi á því að hugsa upp á nýtt hvernig við teljum réttast að fjármálakerfið sé, þjóðinni til heilla. Loftslagsváin er stærsta viðfangsefni stjórnvalda í dag. Við eigum að hugsa allar okkar ákvarðanir út frá henni, þar með talið þegar kemur að fjármálakerfinu.

Víða er unnið að góðum verkefnum sem miða að því að gera samfélagið kolefnishlutlaust og enn víðar eru góðar hugmyndir sem ekki komast til framkvæmda, sumar vegna fjárskorts. Ríkið styrkir við nýsköpun og rannsóknir í þeim efnum. En hvers vegna ekki að ganga skrefinu lengra og nýta bankakerfið sem hefur hvort eð er það hlutverk að lána peninga til verkefna almennings og atvinnulífs?

Hvers vegna ekki að stofna fjárfestingarbanka loftslagsmála sem hefur lánastefnu sem tekur meira tillit til áhrifa á kolefnishlutleysi en arðsemiskröfu? Sem lánar fyrst og fremst til verkefna sem skila árangri að gera Ísland kolefnishlutlaust, verkefna sem eiga kannski óhægt um vik að fá lán hjá hefðbundnum lánastofnunum.

Við gætum horft til Norðurlandanna hvað fyrirmyndir varðar. Norræni fjárfestingarbankinn hefur til dæmis sett sér sjálfbærnimarkmið sem hafa áhrif á útlánastefnuna. Að ekki sé minnst á Norræna umhverfisfjárfestingasjóðinn NEFCO. Hann lánar til verkefna sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Ísland er aðili að báðum þessum stofnunum. Hví ekki að stofna eina slíka hér heima fyrir?

Hvítbók um fjármálakerfið, sem kom út í fyrra, kom inn á ýmislegt ágætt varðandi bankakerfið, en heldur fannst mér afgreiðslan á samfélagsbanka rýr þar. Samfélagsbanki getur nefnilega verið alls konar. Hann getur verið fjárfestingarbanki loftslagsmála, eða umhverfisfjárfestingarsjóður. Hann getur líka hugað að byggðamálum í lánastefnu sinni, lánað inn á svæði sem aðrir bankar gera trauðla í dag. Eða hann getur gert bæði.

Að láta arðsemiskröfu eina ráða er gamaldags hugsun, enda þarf að taka kolefnisverð inn í alla útreikninga. Fjárfestingabanki loftslagsmála mundi gera það.

**Hvers vegna ekki að stofna fjárfestingarbanka loftslagsmála sem hefur lánastefnu sem tekur meira tillit til áhrifa á kolefnishlutleysi en arðsemiskröfu?**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Orkupakkar og loftslagsmál



**Baldur Pétursson**
fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóri hjá EBRD

Mikið hefur verið rætt um orkupakka á umliðnum mánuðum, á afar þröngu lögfræðilegu sviði, en lítil umfjöllun hefur verið um efni þriðja orkupakkans eða orkustefnu innri markaðar ESB/EES. Hvort sem fjallað er um orkumál, fjármálamarkaði, atvinnurekstur eða rekstur heimila, er forsenda árangurs og farsældar að fjallað sé á faglegan og ábyrgan hátt um viðkomandi málefni, ekki síst í fjölmiðlum.

**Orkustefna ESB/EES**

Kjarninn í orkustefnu ESB á innri markaðnum og um leið EES er að veita neytendum örugga, sjálfbæra, samkeppnishæfa og hagkvæma orku sem byggir á orku- og loftslagsstefnu landanna. Orkumál eru eins og aðrar vörur og þjónusta innan fjórfrelsis EES á innri markaði ESB, sem hefur verið undirstaða bættra lífskjara sl. 25 ár hér á landi. Orkustefna ESB/EES á innri markaðnum á að vera leiðandi á alþjóðavettvangi varðandi endurnýjanlega orku, orkunýtni o.fl. í baráttunni við loftslagsbreytingar. Stefnunni má skipta í 5 flokka sem eru: 1. orkuöryggi, samstaða og traust, 2. samþættur innri orkumarkaður, 3. orkusparnaður, 4. minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda og 5. rannsóknir, nýsköpun og samkeppnishæfni.

Til að ná árangri í baráttunni við loftslagsbreytingar, voru sett markmið innan orkumarkaðarins miðað við 1990 um að fyrir 2030 myndi koltvíoxíð ($CO_2$) minnka um 40%, endurnýjanleg orka yrði meiri en 27%, og orkusparnaður meiri en 27% og tengingar yfir landamæri yrðu a.m.k. 15%. Orkustefna er því ein helsta forsenda þess að hægt sé að ná loftslagsmarkmiðum innan ESB/EES. Þessi stefna hefur skilað miklum árangri, m.a. við að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda, sem byggir á samstarfi ríkja og hagsmunaaðila.

Innan Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD), þar sem ég starfaði, er mikil áhersla á að uppbygging orku- og fjármálamarkaða sé traust, hagkvæm og skilvirk. Þetta stafar af því að þessar greinar eru burðaratvinnugreinar hvers hagkerfis, þar sem atvinnulíf, einstaklingar, heimili og hagkerfin í heild byggja mikið á þessum greinum. Orkumarkaður á innri markaði Evrópu, innan ESB og EES, er sá allra þróaðasti á alþjóðavettvangi, vegna hagkvæmni, nýtni og sparnaðar í útblæstri á $CO_2$, og hefur verið notaður sem fyrirmynd til uppbyggingar orkumarkaða í öðrum heimshlutum.

**Mikilvægasta atriðið**

Í nýlegu mati nefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar kemur fram að draga þarf enn frekar úr útblæstri koltvísýrings fyrir árið 2030, eða 45% í stað 40%, til að mögulegt sé að koma í veg fyrir að hiti hækki umfram 1,5. Hiti hefur þegar hækkað meira á norðurslóðum og valdið þiðnun freðmýra sem veldur enn frekari aukningu á gróðurhúsalofttegundum. Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hefur hvatt sum ríki til enn meiri samdráttar, eða 55%, sökum þess hversu vandinn sé mikill og að hraða þurfi lokun kolaorkuvera.

Margir vísindamenn á sviði loftslagsmála, segja að næstu 18 mánuðir muni því ráða úrslitum um hvort hægt verði að koma í veg fyrir að hitastig á jörðinni hækki um meira en 1,5 stig á þessari öld, til að koma í veg fyrir óafturkræfan skaða, sem einungis verði gert með stórvirkari verkefnum til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Skaði og áhrif aukinnar hlýnunar geta haft mikil og stigvaxandi áhrif á frekari losun koltvíoxíðs s.s. með þiðnun freðmýra, hækkun á yfirborði sjávar, veðurfar, landbúnað, matvælaframleiðslu, atvinnugreinar, efnahagskerfi, lífskjör, fólksflutninga, þjóðaröryggi, o.fl. Baráttan við loftslagsvandann er því orðin mikilvægasta verkefnið sem mannkynið hefur nokkru sinni staðið frammi fyrir og er orðið kapphlaup við tímann.

**Skilvirk orkukerfi ESB/EES**

Helsta orsök loftslagsbreytinga er aukið magn koltvíoxíðs ($CO_2$) í andrúmsloftinu, sem að stærstum hluta hefur komið frá orkuiðnaði, vegna brennslu á kolum, olíu, gasi og öðru jarðefnaeldsneyti. Skilvirk orkukerfi, eins og innan ESB/EES, eru því mikilvæg forsenda í baráttu við loftslagsvandann, með markvissum og skipulögðum aðgerðum eins og unnið er að. Mikil endurnýjanleg orka á Íslandi hefur skilað miklum árangri í baráttunni við loftslagsbreytingar, þar sem allur iðnaður og þjónusta nýtir slíka orku, innanlands eða til útflutnings.

Aukin skilvirkni orkukerfa ESB/EES, bætt nýting og öflugri dreifikerfi hafa auðveldað aukningu á endurnýjanlegri orku og lokun kolaorkuvera, sem dregið hefur hraðar úr losun gróðurhúsalofttegunda, sem gagnast öllum óháð landamærum. Orkustefna ESB/EES hefur einnig skilað miklum og fjölbreyttum árangri s.s. með orkusparnaði með kröfum um sífellt hagkvæmari og endingarlengri ljósaperur, LED í stað gló og halogen, sem sparað hefur orku og losun á milljónum tonna af koltvísýringi árlega.

Þess vegna er sú breyting sem átt hefur sér stað með orkustefnu og orkupökkum 1, 2 og nú 3 innan ESB/EES svo mikilvæg, þar sem þær breytingar skapa grunn fyrir, aukinni hagkvæmni, öryggi og minni losun á koltvíoxíði í allri Evrópu, sem er svo mikilvæg í baráttu mannkyns við ógnvekjandi loftslagsbreytingar í kapphlaupi við tímann. Sú barátta verður að takast, þar sem ekkert plan eða pláneta B er til.

# Hverju gæti hugarfar grósku breytt?



**Ragnheiður Aradóttir**
stjórnendamarkþjálfi með dip. Master í jákvæðri sálfræði og eigandi PROcoaching

Hugarfar er magnað fyrirbæri. Það er eitt kraftmesta verkfæri sem við manneskjurnar höfum og það magnaða við það er að við höfum vald yfir hugarfarinu okkar. Það krefst þó nokkurrar þjálfunar að hafa gott vald yfir eigin hugarfari. Í jákvæðri sálfræði er sérstaklega fjallað um tvennslags hugarfar. Annars vegar hugarfar festu og hins vegar hugarfar grósku. Hugarfar þitt hefur áhrif á hvernig þú lifir lífi þínu, segir Carol S. Dweck höfundur metsölubókarinnar Mindset.

Hugarfar festu byggir á því að eiginleikar okkar og hæfileikar séu fasti sem við getum ekki breytt. Þannig leiðir hugarfar festu til þess að fólk forðast áskoranir, sér hindranir sem óyfirstíganlegar og gefst auðveldlega upp. Það álítur að það að þurfa að reyna á sig hafi ekki tilgang, líta á gagnrýni sem niðurrif og finnst þeim virkilega ógnað af þeim sem eru betri eða ná árangri. Mögulega öfundast þeir út í þá sem ná árangri og gera lítið úr þeim. Útkoman er því oft að þetta fólk nýtir ekki hæfileika sína til að ná þeim árangri og þeirri lífsfyllingu sem það gæti náð. Það er mikil sóun á hæfileikum og lífshamingju.

Hugarfar grósku byggir á því að eiginleikar okkar séu breytanlegir þ.e. að við getum haft áhrif á þá. Þeir sem hafa þetta hugarfar fagna áskorunum, finnst gaman að takast á við þær, sjá tilgang í að leggja eitthvað á sig og sjá það sem leiðina að árangri og vellíðan. Viðkomandi tekur leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og hlustar eftir tækifærum til að læra og bæta sig. Sá sem er með hugarfar grósku sækir í og nærist í nærveru þeirra sem ná árangri og lítur á árangur sem smitandi. Útkoman er því oft að þetta fólk nær meiri ánægju og árangri út úr lífinu því það nýtir hæfileika sína vel, öðlast meiri lífsfyllingu og er hamingjusamara.

Hvað hefur þetta allt með árangur fyrirtækja að gera? Árangur fyrirtækja byggir að stærstum hluta á mannauði fyrirtækisins því það er sú breyta sem getur skapað fyrirtæki samkeppnisforskot. Helgun í starfi skiptir þar sköpum. Hvað er helgun og hvernig tengist hún hugarfari grósku? Helgun í starfi er orðin forgangsfókus hjá stjórnendum í hinu hraða hagkerfi nútímans, stjórnendur vita að helgun í starfi hefur mikil áhrif á árangur starfsmanna og að hún

> **Af þessu má draga þá ályktun að fólk með gróskuhugarfar gefst síður upp, sér ný tækifæri og hugsar út fyrir boxið.**

er nauðsynleg til vaxtar og þess að lifa af í samkeppninni. Niðurstöður af rannsókn á vegum Harward Business Review sýna að helgun í starfi hefur áhrif á frumkvæði og lausnamiðaða hugsun starfsmanna sem hefur bein áhrif á afkomu fyrirtækja. Af þessu má draga þá ályktun að fólk með gróskuhugarfar gefst síður upp, sér ný tækifæri og hugsar út fyrir boxið. Mögulega má draga þá ályktun að þeir sem hafa hugarfar grósku séu líklegri til að vera helgaðir í starfi og huga jafnframt að eigin velferð. Með þjálfun má efla og fjölga þeim sem hafa hugarfar grósku að leiðarljósi. Draga má þá ályktun að hugarfar grósku á meðal starfsfólks gæti því breytt árangri fyrirtækis úr því að vera góður í að vera framúrskarandi.



# Sigraði jafnt innan vallar sem utan

**Skúli Jón Friðgeirsson, leikmaður KR, var manna ánægðastur á Valsvelli þar sem KR tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn. Skúli glímdi við afleiðingar höfuðhöggs í byrjun tímabils og brotnaði niður og grét gleðitárum eftir að hafa spilað fyrsta leikinn í sumar.**




Skúli kom inn í lið KR þann 23. júní í sigurleik gegn FH á Kaplakrikavelli. Þá hafði hann verið frá æfingum og keppni í hartnær þrjá mánuði vegna höfuðhöggs. Hann sest á skólabekk til að leggja stund á meistaranám í markaðsfræði eftir tímabilið í Svíþjóð og skórnir fara því upp í hillu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**FÓTBOLTI** „Það var ekkert annað í stöðunni, þegar ég tók þessa ákvörðun um að hætta, en að enda tímabilið með titli. Það yrði auðveldari sigling inn í framtíðina með það á bakinu. Af mörgum ánægðum í liðinu þá er ég einn af þeim ánægðustu. Þetta var mér mikilvægt,“ segir Skúli Jón Friðgeirsson leikmaður Íslandsmeistara KR.

Fari svo að Skúli spili síðustu tvo leiki KR í deildinni mun hann spila alls 243 leiki með KR á sínum ferli því skórnir eru komnir upp í hillu. Hann er 31 árs og er sestur á skólabekk í Stokkhólmsháskóla og ætlar að klára mastersnám í markaðsfræði. „Ég byrjaði þar fyrir tveimur vikum og fór út eftir leikinn við ÍA og er búinn að vera þar síðan. Kom til landsins aftur síðastliðinn föstudaginn. Rúnar var svo almennilegur að gefa mér færi á því og svo fer ég eftir síðasta leikinn alfarið til Svíþjóðar.

Kærastan mín, Jennifer, er sænsk og þetta var ákvörðun hjá okkur. Við vildum breyta til og mig langaði að fara í nám og þetta einhvern veginn passaði.

Hún er fyrirsæta og það er betra fyrir hana að vera þar en hér á Íslandi. Hún vann ekkert á Íslandi og vinnur þannig lagað lítið í Svíþjóð en það eru betri tengingar til þeirra staða sem hún þarf að komast til upp á sína vinnu. Þetta gat verið smá vesen fyrir hana að komast á staðina.“

### Grét gleðitárum í Krikanum

Skúli kom inn í lið KR þann 23. júní í sigurleik gegn FH á Kaplakrikavelli. Þá hafði hann verið frá æfingum og keppni í hartnær þrjá mánuði vegna höfuðhöggs.

„Það var algjört slys á æfingu. Ég og Arnór Sveinn hlupum á hvor annan á fullri ferð. Sáum ekki hvor annan og vorum meira að segja saman í liði á æfingunni. Skullum alveg svakalega saman og ég dett alveg út og var alveg frá í smá stund. Ég fékk mjög alvarlegan heilahristing sem ég var að fást við í hartnær þrjá mánuði.“

Skúli segist hafa verið slæmur af verkjum í mánuð og gat lítið hreyft sig. „Um leið og ég fór að hlaupa leið mér ömurlega daginn eftir. Eftir þennan mánuð tóku við tveir mánuðir þar sem ég var alltaf að prófa að æfa en varð alveg ónýtur í nokkra daga á eftir. Svo prófaði ég aftur og það var sama sagan. Þannig gekk þetta í tvo mánuði þangað til að allt í einu gekk þetta.

**Um leið og ég fór að hlaupa leið mér ömurlega daginn eftir. Eftir þennan mánuð tóku við tveir mánuðir þar sem ég var alltaf að prófa að æfa en varð alveg ónýtur í nokkra daga á eftir.**

Ég var í sambandi við lækna og þetta var það sem þeir mæltu með. Ég var náttúrulega bara að skokka og þurfti að trappa mig vel upp þegar ég byrjaði. Þetta var erfitt, bæði af því ég vissi að þetta yrði síðasta tímabilið mitt og einnig af því að þetta var ekki alveg eins og ég hafði séð mitt síðasta tímabil fyrir mér.“

Hann segist hafa óttast það versta á tímabili. Hvort líf hans yrði þjakað af höfuðverk og hreyfingarleysi. „Þetta var erfiður tími og mánuðirnir langir þannig að þegar ég komst loksins aftur af stað og spilaði fyrsta leikinn minn á móti FH í Kaplakrika þá gekk ég út af, inn í klefa og brotnaði algjörlega niður. Það er langt síðan ég hef grátið svona. En þetta voru gleðitár.

Mér var svo létt að þetta væri ekki, eins og ég var orðinn hræddur um, að ferillinn væri búinn. Að ná að spila aftur fótboltaleik var ótrúlega stór sigur fyrir mig á þessum tíma.

Síðan þá hef ég verið að spila þótt ég hefði viljað spila betur oft á tíðum en síðustu leikir hafa verið fínir og ég er mjög ánægður.“

### Vildi taka næsta skref

Skúli er hluti af mögnuðum árgangi KR sem vann flest mót í yngri flokkum. Hann kom snemma inn í KR-liðið, eða fyrir 14 árum. Þá spilaði hann tvo leiki enda rétt nýfermdur en var nánast orðinn fastamaður tveimur árum síðar. Eftir ótrúlegt ár 2011, þar sem KR fagnaði titlinum, gekk hann í raðir Elfsborg í Svíþjóð og kom svo heim í Vesturbæinn árið 2015 þar sem hann hann hefur spilað síðan. Alls hefur hann leikið 241 leik fyrir KR og skorað átta mörk. Þá eru landsleikirnir fjórir og yngri landsleikirnir hartnær þrjátíu.



Skúli ásamt kærustu sinni Jennifer Berg.

Hann er aðeins 31 árs og gengur nú burt úr félagi sínu sem Íslandsmeistari. „Ég spilaði lengi hérna heima og ég ætlaði aldrei að spila fyrir neitt annað félag en KR. Ég tók þessa ákvörðun um að setja skóna upp í hillu þannig að þegar ég kom heim 2015 ætlaði ég að stoppa í eitt ár og fara þá aftur út í atvinnumennsku.

Ég sá ekki fram á að fara að spila hérna í einhver tíu ár í viðbót. Fannst eins og ég þyrfti að breyta til í lífinu og gera eitthvað annað. Taka næsta skref. Það var aðdragandinn.

Það hefur reyndar ekkert hjálpað til að mér hefur aldrei fundist jafn gaman og núna í sumar. Úrslitin, strákarnir í liðinu og þjálfarateymið – það er gaman að vera í kringum klúbbinn núna.

Þetta var erfið ákvörðun en samt er ég ótrúlega sáttur við hana.“

### Rúnar kom með ró

Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, hefur náð ótrúlegum árangri með KR-liðið frá því hann snerti fyrst á þjálfun hér heima. Sex titlar á sex árum og það var einhvern veginn nánast vitað að KR myndi gera atlögu að titlinum fyrir sumarið með Rúnar í brúnni. Enda ber Skúli Jón honum góða söguna.

„Hann hefur, eins og flestir vita, gríðarlegt vit á knattspyrnu. Hann er góður fótboltaþjálfari en það sem gerir hann sérstakan er hvað hann er auðmjúkur og góð manneskja. Hann fær alla til að vinna fyrir sig því hann sýnir leikmönnum traust. Hann vinnur þetta vel með öllum einstaklingum og er góður vinur strákanna í liðinu og styður það sem þeir eru að gera. Hann hjálpar þeim líka utanvallar og það held ég gefi þetta litla extra sem gerir það að verkum að menn eru tilbúnir að fórna sér fyrir hann.“

KR-ingar fögnuðu vel og lengi á Valsvelli á mánudag og skelltu sér svo yfir í sitt eigið félagsheimili þar sem leikmenn, velunnarar og sjálfboðaliðar hittust og áttu gleðistund. Nokkrir fóru svo á Gumma Ben sportbarinn til að mála bæinn svarthvítan.

„Þessi hópur, sem er núna hér í KR hefur orðið til undanfarin tvö til þrjú árin. Við héldum nánast öllum frá því í fyrra og þeir sem komu smellpassa inn í liðið og hópinn. Það er búið að búa til hóp af mönnum sem eru góðir vinir og róa í sömu átt. Flestir eru á svipuðum aldri og á svipuðum stað í lífinu og vita út á hvað þetta gengur.

Það er búið að vera ofboðslega gaman í langan tíma en þegar úrslitin detta inn og það fer að ganga vel þá kemur allur klúbburinn með.

Þjálfarateymið núna er frábært og þetta verður bara betra. Það kom stöðugleiki með Rúnari og hann Bjarni og Stjáni eru búnir að búa eitthvað til sem virkar. Þegar það er þannig þá sé ég ekki annað í kortunum en að það sé bjart fram undan.“ **benediktboas@frettabladid.is**


ENN HOLLARI OLÍA
það byrjar allt með fjórum fræjum
Lesieur
isio 4
OMEGA 3 & 6
+ D- & E-VÍTAMÍN
NAUÐSYNLEGAR FYRIR LÍKAMANN
ISIO 4 FÆRIR ÞÉR MIKILVÆG NÆRINGAREFNI
4 GRAINES
dont du LIN
Riche en
Oméga 3
VITAMINES D&E
Lesieur
isio 4
ORIGINE FRANCE*



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þórður Haraldsson**
*húsgagnabólstrari,*

lést á heimili sínu þann 6. september. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju, Garðabæ, fimmtudaginn 19. september, kl. 15.

**Halla Sigríður Þorvaldsdóttir og aðstandendur.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásta Björt Thoroddsen**
*tannlæknir,*

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 4.9. síðastliðinn. Útför hennar fer fram í Seljakirkju þriðjudaginn 24. september klukkan 13.

**Guðmundur Auðunsson**
**Sveinbjörn Auðunsson**
**Eyjólfur Bjartur Eyjólfsson**
**Guðrún Lína Thoroddsen**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elsku faðir, bróðir, frændi og vinur,

**Sigurður Axel Gunnarsson**
*frá Ísafirði,*

lést á heimili sínu þriðjudaginn 10. september. Minningarathöfn fer fram 20. september kl. 13.00 í Fossvogskapellu. Blóm afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á góðgerðarsamtök.

**Rakel Björk, Fanney Ebba, Fjóla Katrín, Hanna Lára.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erna Særún Vilmundardóttir**
*Hjúkrunarheimilinu Eir, áður Mýrargötu 23, Neskaupstað,*

andaðist laugardaginn 14. september. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 23. september kl. 15.

**Smári Björgvinsson** — **Kristín Arnardóttir**
**Þorsteinn Örn Björgvinsson** — **Hulda Sigurðardóttir**
**Vildís Björgvinsdóttir** — **Charles Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir og afi,

**Lúðvík Gizurarson**
*hæstaréttarlögmaður,*

er látinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 20. september kl. 13.

**Dagmar Sigríður Lúðvíksdóttir**
**Dóra Lúðvíksdóttir**
**Einar Lúðvíksson**
**tengdabörn og barnabörn.**

---



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar og ömmu okkar,

**Sólveigar Guðnýjar Gunnarsdóttur**

Sérstakar þakkir fá hjúkrunarfræðingar HERU og starfsfólk líknardeildar Landspítalans.

**Anton Kristinsson**
**Andri Már Helgason** — **Ragna Lind Rúnarsdóttir**
**Ævar Þór Helgason**

---

# Vona að ég hafi gert gagn

**Þótt ótrúlegt sé er Sveinn Einarsson, fyrrverandi þjóðleikhússtjóri, áttatíu og fimm ára í dag. Hitt kemur síður á óvart að afmælisgestir fá nýtt óvísindalegt leikhúskver .**



„Þetta er óvísindalegt leikhúskver í fremur léttum dúr, blanda af hugleiðingum, fróðleik og skemmtiefni,“ segir Sveinn um bók dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sveinn ætlar að halda upp á 85 ára afmælið með útgáfuhófi í Tjarnarbíói. „Þetta verður ekki hátíðlegt, það verða engar ræður, hvorki um mig né þann sem heldur ræðuna. En ég ætla að gefa vinum og vandamönnum, sem nenna að mæta, litla bók í stað þess að skenkja þeim brennivín. Þetta er óvísindalegt leikhúskver í fremur léttum dúr, blanda af hugleiðingum, fróðleik og skemmtisögum.“

Íslensk leiklist hefur notið þess að Sveinn er listhneigður enda voru hann og Kjarval náfrændur úr Meðallandinu og bera sama Sveinsnafnið. Hann segir afa sinn hafa verið listasmið. „En ég get ekki rekið óskakkan nagla, þetta gen fór á annað svið hjá mér!“ segir hann hlæjandi.

Eftir nokkrar vikur kemur út stór bók eftir Svein um Jóhann Sigurjónsson leikskáld, í tilefni af 100 ára ártíð hans. „Ég hef voða gaman af að skrifa. Reyndar hef ég haft mikla ánægju af öllu sem ég hef fengið að gera,“ segir hann og ég bið hann að stikla þar á stóru.

„Það var blómaskeið hjá okkur í Leikfélagi Reykjavíkur því við breyttum dálítið landslaginu. Í Þjóðleikhúsinu settum við aðsóknarmet ár eftir ár, bæði í leikritum og óperum og stór partur af leikritunum voru ný verk sem hittu í mark hjá áhorfendum. Svo vann ég hjá menntamálaráðuneytinu og því fylgdu líka störf í útlöndum, ég var til dæmis í stjórn UNESCO, það fannst mér ákaflega gefandi. Ég vona að ég hafi gert gagn. Leikfélagið Bandamenn fór á stórar hátíðir erlendis og í Leikhúsi okkar Vigdísar er unnið með leiklestur, þar eru viðfangsefnin ólík, allt frá rútubílasöngvum til háklassíkur eins og Strindberg.“

Það er ekki tilviljun að hófið í dag er haldið í Tjarnarbíói. „Þar var leiklistarskóli Leikfélags Reykjavíkur og þar vorum við með Litla leikfélagið, Svo var móðir mín fædd í Brunnhúsum, þau stóðu þar sem sviðið í Tjarnarbíói er nú,“ lýsir Sveinn kíminn. Þegar talið berst að aldrinum viðurkennir hann að vera stirðari en hann var. „En ég fór í Qi Gong klukkan átta í morgun, geri það þrisvar í viku, svo hef ég verið á Þingvöllum og í Skálholti í dag með vinafólki frá útlöndum. Aldrei er maður nógu oft á þeim stöðum.“ **gun@frettabladid.is**

---



Þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Friðriks Þórs Einarssonar**
*Raufarhöfn.*

Sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarbrekku fyrir kærleiksríka umönnun, hlýhug og virðingu.

**Rósa Lilja Þorsteinsdóttir**
**Guðný Sigrún Baldursdóttir** — **Jón Eiður Jónsson**
**Þór Friðriksson** — **Sigrún Hrönn Harðardóttir**
**Olga Friðriksdóttir** — **Ragnar Axel Jóhannsson**
**Berglind Mjöll**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Minn ástkæri eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Helgi Arnlaugsson**
*skipasmiður,*

lést á Líknardeild Landspítalans 15. september. Útför fer fram frá Lindakirkju mánudaginn 23. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð líknardeildar og heimahlynningar Landspítalans.

**Erna R. H. Hannesdóttir**
**Hilda E. Hilmarsdóttir** — **Ólafur Þórðarson**
**Kristinn Helgason** — **Maneerat Anutai**
**Arnlaugur Helgason** — **Anna Birgitta Bóasdóttir**
**Guðrún Helgadóttir** — **Ómar Garðarsson**
**Elsa Kristín Helgadóttir** — **Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson**
**Finnbjörg Skaftadóttir**
**Jóhann Örn Skaftason** — **Anna Helgadóttir**
**Halldóra Skaftadóttir** — **Bjarni Ingvarsson**
**Íris Hv. Skaftadóttir** — **Halldór Geirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Kjartan Konráð Úlfarsson**
*Boðaþingi 24, Kópavogi,*

sem andaðist 4. september, verður jarðsunginn frá Lindakirkju föstudaginn 20. september kl. 13.00.

**Margrét Andersdóttir**
**Anders Kjartansson** — **Dagbjört Þuríður Oddsdóttir**
**María Ingibjörg Kjartansdóttir** — **Andrés Eyberg Jóhannsson**
**Úlfar Kjartansson** — **Ingunn Heiðrún Óladóttir**
**og barnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 18. september 2019

34. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







# Skilja ætti samkeppni frá öðrum þáttum

**Sveinbjörn Indriðason** er 47 ára Borgnesingur og forstjóri Isavia, eins stærsta fyrirtækis landsins. Á næstu þremur árum er gert ráð fyrir um 30 milljarða króna framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli. Hann segir æskilegt að fá fagfjárfesta með þekkingu á rekstri flugvalla inn í Isavia. Tengja þurfi betur saman þarfir viðskiptavina og framtíðarþróun flugvallarins. » 6

> **Fjárhæðin er vel norðan við hundrað milljarða króna þegar uppbyggingaráætlunin er fullframkvæmd.**



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



»2

## Hætt við skráningu og fjárfestingarráð skipað

Ekkert verður af skráningu Almenna leigufélagsins á Aðalmarkað. Sjóðfélagar fá ríkari aðkomu með skipan fimm manna fjárfestingarráðs og fulltrúa í stjórn félagsins. Þóknun sjóðsins lækkuð um 75 prósent.

»4

## Telur brýnt að breyta samkeppnislögum

Viðskiptaráð segir veltuviðmið fyrir samruna margfalt lægri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Mál geti verið inni á borði Samkeppniseftirlitsins svo árum skiptir með tilheyrandi kostnaði.

»8

## Innreið á bankamarkaðinn

Fjártæknifyrirtækið indó vinnur að umsókn um leyfi til viðskiptabankastarfsemi. Fyrirtækið hyggst bjóða innlán sem eru tryggð að fullu með ríkisskuldabréfum og alfarið stafræna þjónustu. Stofnendurnir með víðtæka reynslu úr íslenska fjármálageiranum.




# Seldi í Siggi's Skyr með 3,4 milljarða hagnaði

Eignarhaldsfélagið Eldhrímnir, sem er í eigu hjónanna Ingimundar Sveinssonar arkitekts og Sigríðar Arnbjarnardóttur, ásamt þremur börnum þeirra, hagnaðist um liðlega 3,4 milljarða króna á síðasta ári vegna sölu á hlut sínum í fyrirtækinu The Icelandic Milk and Skyr Corporation, betur þekktu sem Siggi's Skyr.

Þetta má lesa út úr nýbirtum ársreikningi Eldhrímnis. Félag Ingimundar og fjölskyldu, sem lagði The Icelandic Milk and Skyr Corporation fyrst til fjármuni við stofnun þess 2006, var á meðal helstu hluthafa fyrirtækisins þegar það var selt til franska mjólkurrisans Lactalis fyrir að lágmarki 370 milljónir Bandaríkjadala í ársbyrjun 2018. Það jafngildir um 40 milljörðum króna miðað við þáverandi gengi.

The Icelandic Milk and Skyr Corporation, sem var stofnað sem kunnugt er af Sigurði Kjartani Hilmarssyni, var í um 75 prósenta eigu Sigurðar, ættingja hans, vina og annarra sem þeim tengjast. Þá átti svissneski mjólkurframleiðandinn Emmi Group, eini fagfjárfestirinn í hluthafahópnum, um 22 prósenta hlut og nam hagnaður félagsins við söluna til Lactalis, eins og upplýst var um í Markaðinum fyrr á þessu ári, samtals um 80,9 milljónum dala.

**370**

**milljónir dala var skyrfyrirtækið selt fyrir að lágmarki í ársbyrjun 2018.**

Fram kemur í ársreikningi Eldhrímnis að hagnaður félagsins hafi numið samtals 3,5 milljörðum 2018 en þar munaði langsamlega mest um söluhagnað hlutabréfaeignar að fjárhæð rúmlega 3,39 milljarðar. Heildareignir í lok síðasta árs námu 3,92 milljörðum og eigið fé var um 3,78 milljarðar. Eignir Eldhrímnis samanstóðu einkum af verðbréfum, eða fyrir um þrjá milljarða, og þá nam bókfært virði eignarhluta í ýmsum félögum, meðal annars Florealis, Hval hf. og Matorku, samtals um 700 milljónum.

Sonur Ingimundar, Sveinn, var á meðal fyrstu samstarfsmanna Sigurðar þegar hann stofnaði fyrirtækið í New York og hannaði meðal annars umbúðirnar um skyrið. Var Sveinn jafnframt í hópi stærstu hluthafa skyrfyrirtækisins. – **hae**




MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG Torg.**, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**

Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

ATVINNUHÚS EHF



Fyrirtæki með mikla möguleika

Gamalgróin og vel þekkt raftækjaverslun á besta stað í Reykjavík er til sölu.

Mikill eigin innflutningur á ýmis konar rafmagnsvörum sem gefur töluverða möguleika á veltuaukningu bæði í verslun og heildverslun.

Tilvalið fyrirtæki fyrir hugmyndaríkt fólk eða samhenta fjölskyldu.

Atvinnuhús ehf • Atli Vagnsson hdl., lögg. fasteignasali
Hverfisgata 4 • 101 Reykjavík • Sími: 561 4433 / 698 4611
atli@atvinnuhus.is



Eignasafn Almenna leigufélagsins telur samtals rúmlega 1.200 íbúðir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hætt við skráningu og fjárfestingarráð skipað

**Ekkert verður af skráningu Almenna leigufélagsins á Aðalmarkað. Sjóðfélagar fá aðkomu með skipan fimm manna fjárfestingarráðs. Þóknun lækkuð um 75 prósent og til skoðunar að slíta sjóðnum og færa félagið beint til hluthafa.**

Almenna leigufélagið, næststærsta leigufélag landsins, hefur hætt við áform, sem stefnt hefur verið að síðustu misseri, um skráningu félagsins á Aðalmarkað í Kauphöllinni. Þetta var á meðal þess kom fram á fundi með sjóðfélögum Almenna leigufélagsins eignarhaldssjóðs (ALE), sem er eigandi leigufélagsins og er í stýringu hjá Kviku banka, í síðustu viku, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Þá verður sett á fót sérstakt fimm manna fjárfestingarráð, skipað fulltrúum sumra af stærstu hluthöfum ALE sjóðsins, en hann var áður í stýringu hjá GAMMA Capital Management, sem mun í kjölfarið einnig tilnefna tvo nýja fulltrúa í stjórn leigufélagsins.

Stofnanafjárfestar í hluthafahópnum hafa komið sér saman um að Markús Hörður Árnason, forstöðumaður fjárfestinga hjá TM, og Óðinn Árnason, sjóðsstjóri hjá Stefni, taki sæti í fjárfestingarráðinu og þá mun að auki Einar Sigurðsson, fjárfestir og sonur Guðbjargar Matthíasdóttur, meirihlutaeiganda Ísfélags Vestmannaeyja, setjast í ráðið, samkvæmt heimildum Markaðarins. Í röðum einkafjárfesta á hins vegar enn eftir að ákveða hvaða tveir fulltrúar til viðbótar verða skipaðir í fjárfestingarráðið en gert er ráð fyrir að sú niðurstaða muni liggja fyrir á næstu dögum.

Aðkoma sjóðfélaga, að sögn þeirra sem þekkja vel til stöðu mála, kemur til vegna vaxandi undiröldu margra úr röðum þeirra með rekstur sjóðsins, einkum hvað varðar rekstrarkostnað. Hlutverk fjárfestingarráðsins verður í upphafi að leggja mat á stöðu leigufélagsins, sem skilaði aðeins um þrettán milljóna hagnaði á fyrri árshelmingi, og taka ákvarðanir um næstu skref. Þar er meðal annars til skoðunar að sjóðnum verði slitið áður en líftími hans rennur út, sem er um mitt næsta ár, og að hluthafarnir eignist þá sjálfir hlutabréf í Almenna leigufélaginu og taki við rekstri fyrirtækisins.

**48**

**milljarðar voru eignir Almenna um mitt þetta ár.**

Til að koma til móts við meðal annars gagnrýni sjóðfélaga um mikinn rekstrarkostnað var samþykkt á fyrrnefndum fundi í liðinni viku að lækka verulega þá þóknun sem sjóðurinn hafði innheimt fyrir stýringu eigna. Þannig var ákveðið að hún myndi lækka um 75 prósent – úr því að nema 0,4 prósentum af heildareignum í 0,1 prósent – eða sem jafngildir liðlega 150 milljónum króna á ársgrundvelli en heildareignir leigufélagsins voru um 48 milljarðar króna í lok júní á þessu ári.

Verði rekstri fagfjárfestasjóðs Almenna leigufélagsins slitið og félagið færist beint í eigu hluthafa er óvíst um á hvaða gengi sú tilfærsla yrði gerð. Þrátt fyrir að búið sé að falla frá áformum um skráningu leigufélagsins á aðalmarkað útiloka ekki sumir stofnanafjárfestar á meðal sjóðfélaga þann möguleika, þótt hann sé engu að síður talinn ólíklegur, að félagið kunni að verða skráð á First North markaðinn í Kauphöllinni á seinni hluta næsta árs.

Heimavellir, stærsta leigufélag landsins, var sem kunnugt er skráð á Aðalmarkað í fyrra. Aðeins um níu mánuðum síðar var tillaga stærstu hluthafa um afskráningu leigufélagsins samþykkt af meira en 80 prósentum hluthafa á aðalfundi. Kauphöllin hafnaði hins vegar sem kunnugt er beiðni Heimavalla um að taka bréf félagsins úr viðskiptum á Aðalmarkaði. Afar lítil velta hefur einkennt viðskipti með bréf Heimavalla og hefur hlutabréfaverð félagsins lækkað um 15 prósent frá skráningu.

Hagnaður Almenna leigufélagsins, sem á samtals um 1.200 íbúðir, á fyrstu sex mánuðum ársins dróst verulega saman á milli ára og nam tæplega 13 milljónum borið saman við rúmlega 400 milljónir á sama tíma 2018. Þar munaði mestu um að matsbreyting fjárfestingaeigna var aðeins jákvæð um 62 milljónir borið saman við 770 milljónir árið áður. Vaxtaberandi skuldir félagsins námu 30,6 milljörðum og eigið fé var tæplega 13 milljarðar.

**hordur@frettabladid.is**

# Kvika og fjárfestar vinna að stofnun allt að 14 milljarða sjávarútvegssjóðs

Kvika banki, í samstarfi við bresku viðskiptafélagana Mark Holyoake, sem var stærsti hluthafi Iceland Seafood og stjórnarmaður á árunum 2010 til 2019, og Lee Camfield, fyrrverandi framkvæmdastjóri rekstrar hjá Iceland Seafood, vinna nú að stofnun framtakssjóðs sem mun einkum fjárfesta í evrópskum fyrirtækjum í sjávarútvegi.

Sjóðurinn hefur að undanförnu, samkvæmt heimildum Markaðarins, verið kynntur íslenskum fagfjárfestum – lífeyrissjóðum, verðbréfasjóðum og einkafjárfestum – og eru væntingar um að hægt verði að ljúka fyrstu umferð söfnunar áskriftarloforða frá fjárfestum á næstu vikum. Lagt er upp með að heildarstærð framtakssjóðsins, sem heitir Bluevest Capital, við stofnun verði um 40 milljónir evra, jafnvirði 5,5 milljarða króna, með möguleika á að stækka hann í allt að 100 milljónir evra innan tólf mánaða.

**100**

**milljónir evra er áætlað að stærð sjóðsins geti orðið innan tólf mánaða.**

Áætlanir gera ráð fyrir að Kvika banki komi að fjármögnun framtakssjóðsins sem minnihlutaeigandi en bankinn verður hins vegar ekki rekstraraðili hans. Gunnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri dótturfélags Kviku í Bretlandi, sem leiðir verkefnið fyrir hönd bankans, mun taka sæti í fjárfestingarráði sjóðsins ásamt meðal annars Holyoake og Camfield en þeir hættu störfum sem stjórnarmaður og framkvæmdastjóri hjá Iceland Seafood í byrjun þessa árs. – **hae**

REYKJASTRÆTI
FASTEIGNAFÉLAG



# URÐARHVARF 8 FYRIR STÓRNOTENDUR

## GÆÐI - ÚTSÝNI - HAGKVÆMNI

Urðarhvarf 8 er nýtt húsnæði og hagkvæmur kostur fyrir leigjendur. Húsið er glerjað að miklu leyti og því nýtur sín vel stórbrotið útsýni yfir Reykjavík, í átt að Esjunni, yfir Elliðavatn og til Bláfjalla. Samnýting á mötuneyti, hjólageymslum, fundarherbergjum, móttöku og annarri fjölbreyttri þjónustu verður í boði fyrir leigjendur húsnæðisins.



Heildarstærð er um 17.200 fm • Útleigurými frá 640 fm • Næg bílastæði og gott aðgengi
Frábært útsýni yfir Esjuna og Elliðaárdalinn • Afhending hefst vorið 2020

REYKJASTRAETI.IS

# Reglur um kaupauka hygla stóru viðskiptabönkunum

Verðbréfafyrirtækið Arctica Finance telur ekki ástæðu til að takmarka kaupaukagreiðslur verðbréfafyrirtækja og viðskiptabanka með sama hætti. Fyrirhugað frumvarp um kaupaukagreiðslur gangi lengra en efni standi til.

Þetta kemur fram í umsögn Arctica Finance um frumvarpsdrög sem byggja á Evróputilskipuninni MiFID2 og reglugerðinni MiFIR. Íslenska verðbréfafyrirtækið bendir á að frumvarpið feli í sér mun meiri takmarkanir á kaupaukagreiðslum en gert er ráð fyrir í tilskipuninni. Þannig heimili önnur Norðurlönd mun meira svigrúm við greiðslu kaupauka þó að reglurnar byggi á sömu tilskipun.



**Stefán Þór Bjarnason, framkvæmdastjóri Arctica Finance.**

Stjórnendur Arctica Finance segja jafnframt óeðlilegt að minni fjármálafyrirtæki lúti sömu reglum og kerfislega mikilvæg fyrirtæki. „Minni fjármálafyrirtæki eru ekki kerfislega mikilvæg og ljóst er að ríkið muni ekki hlaupa undir bagga með þeim ef að kreppir í efnahagslífinu og því útilokað að ríkissjóður eða almenningur verði fyrir beinum eða óbeinum kostnaði af kaupaukagreiðslum þeirra fyrirtækja,“ segir í umsögninni.

**» Stóru bankarnir hafa meira svigrúm til að koma til móts við launakröfur starfsmanna.**

Þá eigi smærri fjármálafyrirtæki undir högg að sækja í samkeppni við stóru viðskiptabankana sem hafa meira svigrúm til að koma til móts við launakröfur starfsmanna. „Kaupaukareglurnar eru sérstaklega íþyngjandi gagnvart smærri fjármálafyrirtækjum sem eiga ekki kost á að halda grunnlaunum starfsmanna niðri en umbuna í stað starfsmönnum í takt við árangur fyrirtækisins.“

Fjármálaeftirlitið sektaði Arctica Finance um 72 milljónir árið 2017 vegna greiðslna sem verðbréfafyrirtækið innti af hendi til tiltekinna starfsmanna sinna á árunum 2012 til 2015. Héraðsdómur lækkaði stjórnvaldssektina úr 72 milljónum króna í 24 milljónir króna og þannig bar íslenska ríkinu að endurgreiða 48 milljónir króna með dráttarvöxtum. Arctica hafði krafist ógildingar á ákvörðuninni og áfrýjaði dómnum. – **þfh**



**Hrefna Sætran er eigandi Grillmarkaðarins og Fiskmarkaðarins.**

## Hjó skarð í afkomuna

Veitingastaðirnir Grillmarkaðurinn og Fiskmarkaðurinn, sem eru meðal annars í eigu matreiðslumeistarans Hrefnu Sætran, töpuðu samtals 109 milljónum króna á síðasta ári samkvæmt nýbirtum ársreikningum félaganna. Staðirnir högnuðust um 181 milljón á árinu 2017 og 235 milljónir árið 2016. Gjaldþrot Skelfiskmarkaðarins í vor hafði veruleg áhrif á afkomuna.

**152**

**milljónir var samanlagt tap Grill- og Fiskmarkaðarins vegna Skelfiskmarkaðarins.**

Tekjur Grillmarkaðarins námu 836 milljónum króna og drógust saman um 4,5 prósent á milli ára en tekjur Fiskmarkaðarins námu 449 milljónum og drógust saman um 8 prósent. Þannig var áframhaldandi samdráttur hjá Fiskmarkaðinum en milli áranna 2016 og 2017 drógust tekjur hans saman um 10,6 prósent.

Báðir staðirnir skiluðu rekstrarhagnaði. Hann nam 79 milljónum króna hjá Grillmarkaðinum og 14,8 milljónum hjá Fiskmarkaðinum. Tap vegna Skelfiskmarkaðarins var hins vegar bókfært á samtals 152 milljónir króna í ársreikningum veitingastaðanna tveggja sem fóru með samtals 75 prósenta hlut í árslok 2017.

Þegar 48 einstaklingar fengu matareitrun á Skelfiskmarkaðinum, sem var opnaður í ágúst 2018 eftir þriggja ára undirbúning, fór að halla undan fæti og var staðnum lokað í vor. Hrefna Sætran sagði í kjölfarið að salan hefði minnkað um helming eftir atvikið.

Hrefna Sætran á helmingshlut í Fiskmarkaðinum á móti Ágústi Reynissyni. Fiskmarkaðurinn á síðan 60 prósenta hlut í Grillmarkaðinum á móti Guðlaugi Papkum Frímannssyni sem á 30 prósent. Eigið fé veitingastaðanna nemur samtals 491 milljón króna. – **þfh**

# Viðskiptaráð segir brýnt að breyta samkeppnislögum

**Viðskiptaráð Íslands telur brýnt að breyta samkeppnislögum. Veltuviðmið fyrir samruna séu margfalt lægri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Mál geti verið inni á borði Samkeppniseftirlitsins svo árum skiptir með tilheyrandi kostnaði. Um 40 prósentum af tíma eftirlitsins varið í samrunamál á síðasta ári.**

**Þorsteinn Friðrik Halldórsson**
tfh@frettabladid.is



Viðskiptaráð Íslands telur brýnt að ráðist sé í breytingar á samkeppnislögum og framkvæmd þeirra, einkum til þess að tryggja samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum og ná fram eðlilegu jafnvægi milli krafta samkeppni og mikilvægs stærðarhagræðis. Þetta kemur fram í skoðun Viðskiptaráðs sem birt var í dag.

„Við höfum margbent á að íslensk fyrirtæki lúta strangari samkeppnisreglum og oftar en ekki með meiri ófyrirsjáanleika en fyrirtæki í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Slíkt getur hamlað eðlilegri starfsemi og framþróun fyrirtækja og þannig rýrt samkeppnishæfni Íslands sem heild,“ segir Ásta S. Fjeldsted, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, í samtali við Markaðinn.

Í skoðun Viðskiptaráðs er dregin fram sú staðreynd að markaðshlutdeild fyrirtækja með 100 starfsmenn eða fleiri hafi minnkað frá 2012, ekki hvað síst á mikilvægum neytendamörkuðum, þrátt fyrir að störfum hafi fjölgað og efnahagsumsvif hafi aukist um 24 prósent á tímabilinu. Það gefi vísbendingu um harða samkeppni og að minni fyrirtæki séu að taka til sín aukna markaðshlutdeild af vaxandi efnahagsumsvifum.

Bent er á að viðskiptalífið hafi lengi kallað eftir úrbótum á samkeppnislögum og í því samhengi leggur Viðskiptaráð einkum áherslu á fimm atriði í núverandi samkeppnilögum sem ráðið telur nauðsynlegt að endurskoða.

Í fyrsta lagi telur Viðskiptaráð brýnt að hækka veltumörk fyrir tilkynningarskyldu samruna. Ef að minnsta kosti tvö fyrirtækjanna hafa yfir 200 milljóna króna ársveltu hér á landi og samanlögð ársvelta allra fyrirtækja sem vilja sameinast er að minnsta kosti tveir milljarðar króna ber þeim skylda til að tilkynna samrunann til Samkeppniseftirlitsins. Samantekt Viðskiptaráðs sýnir að veltuviðmið fyrir samruna á Íslandi séu almennt margfalt lægri en á hinum Norðurlöndunum.

Greining Viðskiptaráðs á þeim gögnum Eurostat leiðir enn fremur í ljós að mun hærra hlutfall fyrirtækja á Íslandi þurfi að tilkynna um samruna en á öðrum Norðurlöndum. 110 íslensk fyrirtæki, 3,4 prósent fyrirtækja, ná 2 milljarða króna veltuviðmiði fyrir árið 2016 á meðan hlutfallið sem nær viðmiðum á hinum Norðurlöndunum er á bilinu 0,1-0,9 prósent.




**Samrunabylgja hefur gengið yfir smásölumarkaðinn á síðustu árum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Veltuviðmið**
milljarðar króna

Veltuviðmið samkeppnisstofnana á Norðurlöndum




**Heimildir:** Vefsíður Samkeppniseftirlita á Norðurlöndunum, gengi frá Seðlabanka Íslands 30. ágúst.

„Veltuviðmiðin hafa haldist óbreytt frá 2008 þrátt fyrir að verðlag hafi hækkað og hagkerfið stækkað með auknum efnahagsumsvifum. Segja má að veltuviðmiðin hafi lækkað um nærri helming án þess að tekin hafi verið ákvörðun um það,“ segir í skoðuninni. Að mati Viðskiptaráðs ætti að hækka veltuviðmiðin að minnsta kosti upp í sömu upphæð og þau voru 2008 á verðlagi dagsins í dag.

Þá er bent á að 40 prósentum af tíma Samkeppniseftirlitsins hafi verið varið í samruna árið 2018, en árið 2011 var þessi prósenta aftur á móti um helmingi lægri, eða um 21 prósent.

„Það getur ekki talist eðlilegt að 40 prósent af tíma Samkeppniseftirlitsins hafi verið varið í samruna árið 2018 og þannig farið ört vaxandi milli ára,“ segir Ásta. Hækkun á veltuviðmiðum sé til þess fallin að draga úr áherslu á smærri samrunamál og geti þannig stytt málsmeðferðartíma.

Annað atriði sem nefnt er í skoðuninni er að afnema þurfi heimild Samkeppniseftirlitsins að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla eða leggja niður áfrýjunarnefndina svo unnt sé að eyða réttaróvissu og þar með draga úr óhagræði.

„Ljóst er að sama málið getur því verið inni á borði Samkeppniseftirlitsins svo árum skiptir, með tilheyrandi kostnaði og óhagræði fyrir viðkomandi fyriræki. Líkur eru á því að þegar loksins fæst niðurstaða í mál af þessu tagi að forsendur samrunans séu brostnar og viðkomandi fyrirtæki þurfi að hefja samningaferli sitt á ný.“

**Við höfum margbent á að íslensk fyrirtæki lúta strangari samkeppnisreglum og oftar en ekki með meiri ófyrirsjáanleika en fyrirtæki í þeim löndum sem við berum okkur saman við.**



Ásta S. Fjeldsted, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs

Hin þrjú atriðin sem nefnd eru í skoðun Viðskiptaráðs eru að heimild Samkeppniseftirlitsins til inngripa í fyrirtæki verði felld niður, undanþágur vegna samstarfs fyrirtækja verði afnumdar og að réttarstaða fyrirtækja við rannsókn mála verði bætt.

Þá fagnar Viðskiptaráð því að samkeppnislöggjöfin sé komin á málefnaskrá Alþingis. „Við höfum væntingar um að staðið verði við gefin fyrirheit sem t.d. var fjallað um í nýgerðum Lífskjarasamningi. Við höfum lagt til nokkrar breytingar en aðalatriðið er að stjórnvöld endurskoði lög og að framkvæmd þeirra sé í takt við tímann og af gefinni reynslu,“ segir Ásta.

VOLVO XC JEPPARNIR

# HANNAÐIR FYRIR ÞIG

Það er ekki hægt að hanna einn jeppa sem hentar öllum. Þess vegna hönnuðum við þrjá. XC jepparnir eru hannaðir fyrir útivistina, íþróttirnar, dagsins önn, tónlistina, ferðalagið, fjölskylduna og með okkar sýn á lúxus – hver á sinn hátt. Allir eru þeir hannaðir fyrir þig og þinn lífstíl.

**Veldu þinn Volvo XC jeppa**




brimborg

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfði 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

# Vill mýkja ásýnd Isavia

**Sveinbjörn Indriðason, forstjóri Isavia, segir að tengja þurfi betur saman þarfir viðskiptavina og framtíðarþróun Keflavíkurflugvallar. Fagfjárfesta þurfi að Isavia með sérþekkingu á rekstri flugvalla.**


Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is




Sveinbjörn Indriðason var ráðinn forstjóri Isavia í sumar. Hann tók ekki við á auðveldum tíma því miklir sviptivindar hafa verið í íslenskum flugrekstri á þessu ári. Flugfélagið WOW var komið í þrot og út af stóðu kröfur Isavia á hendur félaginu upp á tvo milljarða. Fráfarandi forstjóri hafði hætt. Sveinbjörn, sem áður var framkvæmdastjóri fjármálasviðs og aðstoðarforstjóri, stóð skyndilega í gagnrýnu kastljósi íslenskra fjölmiðla.

Blaðamaður hitti forstjórann á aðalskrifstofu Isavia í flugturninum við Reykjavíkurflugvöll til að ræða stöðu félagsins og framtíðarverkefni þess. En fyrst aðeins um hann sjálfan.

Sveinbjörn er 47 ára gamall, fæddur og uppalinn Borgnesingur. Hann bjó þar allt fram að þeim tíma er hann fór í framhaldsnám. Að sögn var hann reyndar alltaf á talsverðum flækingi á sumrin. „Ég fór snemma í sveitastörf og sem unglingur vann ég í vegavinnu á sumrin. Þar ílentist ég alveg í gegnum allt háskólanámið. Það voru góðir tímar og ég naut þeirra starfa,“ segir hann.

Eftir útskrift frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1992 fór Sveinbjörn í hagfræði í Háskóla Íslands þar sem hann útskrifaðist árið 1998. „Þá stóð til að fara til frekara náms en mér bauðst spennandi starf í gjaldeyrismiðlun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sem var þá á nýstofnaður,“ segir hann. En hugurinn leitaði alltaf í átt að fyrirtækjarekstri. Og þegar starfstækifæri bauðst við áhættustýringu hjá Icelandair tók hann því. Þar var hann á árunum 1999 til 2005.

Sveinbjörn varð síðan framkvæmdastjóri fjármálasviðs FL Group frá árinu 2005 til 2008 þegar hann sagði upp í ársbyrjun.

„Haustið 2007 var ég kominn á þann stað að ég var hættur að ná utan um hvernig markaðurinn virkaði,“ segir Sveinbjörn. „Ég er ekki að segja að ég hafi séð hrunið fyrir. En það var komin sterk vantrú í mig á að hlutirnir væru hreinlega að ganga upp. Mér fannst það hvorki sanngjarnt gagnvart FL Group né sjálfum mér að halda áfram því að ég fann mig ekki lengur í þessu umhverfi.“

Eftir að hann hætti hjá FL Group tók hann sér tveggja ára hlé. Það hægði síðan skiljanlega á vinnumarkaði í hruninu. Tímann nýtti hann með sonum sínum og til að sinna hugðarefnum sínum. „Þessi tími með strákunum var ómetanlegur og styrkti tengsl okkar,“ segir hann. Sveinbjörn býr í dag með tveimur unglingssonum sínum í Kópavogi og segir samband þeirra sterkt.

Árið 2011 varð Sveinbjörn rekstrar- og fjármálastjóri nýsköpunar- og hugbúnaðarfyrirtækisins Clara þar sem hann dvaldi í tvö ár. Félagið þróaði gervigreind til textagreiningar. Verkefninu lauk með sölu félagsins til bandarísks aðila.

Hann varð framkvæmdastjóri fjármálasviðs Isavia árið 2013 þar til nú í júní að hann var ráðinn forstjóri þessa stóra fyrirtækis eftir að fyrri forstjóri lét óvænt af störfum.

Þá blasti við, eftir gjaldþrot WOW air, að skuld þess við Isavia nam um 2,1 milljarði króna.

Þessi saga hefur verið rakin í smáatriðum í fjölmiðlum.

**Lærdómurinn af WOW air**

*Hver er stóri lærdómurinn af falli WOW air fyrir Isavia og Keflavíkurflugvöll?*

„Þegar ég horfi til baka og á þær ákvarðanir sem voru teknar, frá því að WOW byrjaði að hiksta þar til það varð gjaldþrota, er ég algerlega á því að við höfum tekið réttar ákvarðanir á þeim tíma. Hið sorglega við málið er að rekstur WOW var kominn þokkalega fyrir vind á lokametrunum. Þau voru búin að losa sig við breiðþoturnar, skera niður mikinn kostnað og félagið var komið í mun viðráðanlegri stærð. Samkvæmt mínum upplýsingum var rekstrarmódel WOW farið að virka betur, en þungur baggi sem fylgdi efnahagsreikningnum felldi félagið á endanum.

Stóri lærdómurinn er að Isavia þarf að horfa með gagnrýnni augum á það sem er borið á borð fyrir okkur. Í dag leggjum við mun meiri áherslu á að greina áhættu okkar viðskiptavina og förum betur yfir ársreikninga þeirra,“ segir hann.

Sveinbjörn segir einnig mikilvægt að Isavia dragi lærdóm af samskiptunum við fjölmiðla og að gagnsæi í rekstrinum sé nauðsynlegt. „Við eigum að koma fram og segja hlutina eins og þeir eru. Þessi gamla feimni við fjölmiðla á ekki erindi inn í nútímann,“ segir hann ákveðinn.

**Isavia: Eitt félag um flugleiðsögu og flugvallarekstur**

Hið opinbera hlutafélag Isavia er þjónustufyrirtæki í flugvallastarfsemi og flugleiðsögu og leggur grunn að flugsamgöngum Íslands. Félagið rekur öflugt net flugvalla á Íslandi og flugleiðsöguþjónustu á einu stærsta flugstjórnarsvæði heims. Hjá Isavia og dótturfélögum vinnur stór hópur starfsmanna sem telur um 1.300 manns.

Félagið er í dag að fullu í eigu ríkisins en er rekið á eigin ábyrgð. Fjármála- og efnahagsráðherra fer með hluthafavaldið.

Að mati Sveinbjörns var hlutafélagavæðing Isavia skynsamleg. „Það er gild ástæða fyrir því að flugvellir þróast úr því að vera ríkisreknir yfir í það að fara í einhvers konar eignarhald eða hlutafélagaform. Það er óháð því hver eigandinn er. Það skiptir ekki máli, eða það á að minnsta kosti ekki að skipta máli, hvort sem það er íslenska ríkið, einkafjárfestir eða fyrirtæki á markaði. Ástæðan fyrir því að flugvellir eru reknir undir hlutafélagaformi er að það gerir þeim kleift að taka ákvarðanir á viðskiptalegum forsendum og þannig starfa á samkeppnismarkaði án afskipta ríkisins. Oft eru flugvellir sem ekki eru reknir undir hlutafélagaforminu og heyra beint undir ríkisrekstur reknir með halla vegna smæðar, eins og tilfellið er með innanlandsflugvellina á Íslandi.“

Að sögn Sveinbjörns var Isavia tvístígandi í hlutverki hlutafélagsins á fyrstu árum sínum. „Það var mín upplifun og ég tel að við séum þar svolítið enn.“

Hann segir að rekstur Keflavíkurflugvallar sé sjálfbær, það er að hann standi undir sér sjálfur. „Við rekum flugleiðsöguþjónustu sem fær stærstan hluta tekna sinna á grundvelli milliríkjasamnings um flug yfir Norður-Atlantshafið. Þessi rekstur er mikilvægur fyrir Isavia-samstæðuna en þar er innbyggð mikil sveiflujöfnun þegar kemur að afkomu.“

**Innanlandsflugið ósjálfbært**

*En hvað með innanlandsflugið?*

„Í innanlandsfluginu eigum ekki innviðina, það er mannvirkin, heldur erum við að reka kerfið samkvæmt þjónustusamningi við samgönguráðuneytið. Allar ákvarðanir um innanlandsflugvellina, svo sem þjónustustig, fjármagn og forgangsröðun fjármuna, eru teknar af ríkinu. Við sinnum eingöngu skilgreindri þjónustu samkvæmt samningnum.

Það hefur stundum verið umræða um hvernig við forgangsröðum verkefnum í innanlandsfluginu. Það er ekki rétt að kenna Isavia um fyrirkomulag fjármögnunar eða þjónustu á innanlandsflugvöllunum. Ákvarðanir um slíkt eru einfaldlega ekki á okkar forræði.“

Sveinbjörn segir að Isavia fái fjármuni til reksturs í innanlandsfluginu en þjónustan kalli á ýmsa innri þjónustu. Isavia sé með ýmis stoðsvið sem sinna innanlandsflugvallakerfinu en á árum áður hafi ekki verið rukkað sérstaklega fyrir það. „Í dag höldum við slíkum kostnaði til haga því mér finnst mikilvægt að við köllum fram raunverulegan kostnað við rekstur kerfisins. Við verðum að geta svarað því hvað kostar að reka innanlandsflugvallakerfi á Íslandi.

Við lendum stundum í því að fólk telur mig eða stjórnendur Isavia á móti innanlandsfluginu eða á móti landsbyggðinni. Það er alls ekki þannig. Innanlandskerfið er almenningssamgöngukerfi og sem slíkt eðlilegt að það sé fjármagnað af íslenska ríkinu. Arðsemi af svona samgöngukerfi er ekki eingöngu mæld í krónum og aurum. Þá skiptir miklu máli að vita hvað kostar að reka kerfið svo taka megi réttar ákvarðanir öllum til hagsbóta.

Þegar þú ert með flugvelli ertu með innviði, flugbrautir, húsnæði og alls konar rekstrarkostnað. Það kostar að reka flugvelli. Við segjum Keflavíkurflugvöll vera sjálfbæran, því við erum þar að fá inn tekjur frá viðskiptavinum sem duga fyrir rekstrinum. Við setjum skilyrði um að hann standi undir sér og hann er fjármagnaður með þeim hætti. Þarna ertu kominn með eignir sem bera eitthvert virði og skila arðsemi. En þegar þú horfir á eignirnar í innanlandskerfinu, sem eru þessar flugbrautir og það sem því tengist, þá eru þetta eignir sem munu ekki skila neinni fjárhagslegri arðsemi eða afkomu,“ segir Sveinbjörn.

> **Við lendum stundum í því að fólk telur mig eða stjórnendur Isavia á móti innanlandsfluginu eða á móti landsbyggðinni. Það er alls ekki þannig.**

Til tals hefur komið að Isavia taki við innanlandsflugvöllum Reykjavíkur, Akureyrar og Egilsstaða. Sveinbjörn segir að ef Isavia eigi að taka við þessum þremur innanlandsflugvöllunum þá verði meðal annars að svara því hver eigi að ákvarða þjónustustig flugvallanna. „Ef stjórn Isavia á að bera fjárhagslega ábyrgð á þá ekki stjórnin að hafa rými til að draga úr þjónustu ef kostnaðurinn er að fara fram úr hófi? Það er þó ekki Isavia að taka þessa ákvörðun en við höfum lagt mikla áherslu á að upplýsa um áhrifin af henni. Ef af þessu yrði þá hefði það bein áhrif á möguleika félagsins til áframhaldandi uppbyggingar á Keflavíkurflugvelli. Það hefði á endanum bein áhrif á fjölda flugtenginga til og frá flugvellinum og þar með neikvæð áhrif á hagvöxt á Íslandi.“

*Er núningur við ráðuneytið vegna þessa?*

„Nei það er ekki núningur. Við eigum gott samtal við öll ráðuneyti en við höfum áhyggjur af afleiðingum þessara breytinga ef af þeim yrði. Það er mikilvægt að minna á að fjármálaráðuneytið fer með eigandavaldið og gefur út eigandastefnu fyrir félagið. Hún er mjög skýr. Samkvæmt henni er ekki ætlast til að lagðar séu ófjármagnaðar ríkisbyrðar á félagið.“

**Risavaxin verkefni fram undan**

Isavia hefur kynnt viðamiklar áætlanir um uppbyggingu Keflavíkurflugvallar á næstu árum. Sérstök þróunaráætlun sem gefin var út haustið 2015 byggði á ákveðnum farþegaforsendum sem bjuggu til þörf á uppbyggingu flugvallarins. Nú, þegar virðist hafa hægt á fjölgun ferðamanna um Keflavíkurflugvöll, er eðlilegt að spyrja hvort uppbyggingunni verði haldið áfram.

Sveinbjörn segir að þær farþegaforsendur sem þróunaráætlunin frá haustinu 2015 gerði ráð fyrir standi óbreyttar. „Þrátt fyrir að WOW sé farið út af markaðinum þá er farþegaspáin 2019 enn þá ívið hærri



Að sögn Sveinbjörns varði Isavia um milljarði króna til landkynningar og markaðssetningar flugvallarins fyrir erlend flugfé

# Fólk
Tíska

MIÐVIKUDAGUR 18. SEPTEMBER 2019



Þuríður Ottesen, kaupkona í Bóel, í glæsilegum, svörtum kjól frá StudioB3 og með skart frá Fríðu, nágranna sínum á Skólavörðustíg 18. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fyrir konur sem vilja og þora að vera öðruvísi

Kaupkonan Þuríður Ottesen fagnar í dag eins árs afmæli verslunarinnar Bóel sem hún opnaði á Skólavörðustíg 22 fyrir sléttu ári. Af því tilefni verður mikið um dýrðir í Bóel og veittur 20 prósenta afsláttur af öllum vörum til 24. september. 2






Guðrún Lilja hér einkar töff í jakka og buxum frá meistara Rundholz sem er einstaklega laginn við að gera flíkur í einni stærð en sem eru glæsilegar á konum óháð stærð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Guðrún Lilja skartar hér afar kvenlegum, svörtum og rómantískum kjól frá þeim virta og vinsæla þýska hönnuði og listamanni Carsten Rundholz. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mig langaði að opna verslun með öðruvísi fatnað fyrir konur; kvenlegar flíkur sem undirstrika persónuleika og stíl, segir Þuríður, innt eftir því hvað hafi drifið hana af stað með að opna fataverslun í miðbæ Reykjavíkur þann 18. september í fyrrahaust.

„Ég hafði löngun til að bjóða upp á fatnað sem ekki hefur verið fáanlegur hér á landi lengi. Það féll strax vel í kramið hjá kvenþjóðinni og margar sem koma í Bóel upplifa að hér sé kominn vísir af ELM. Hjá okkur fæst einnig fatnaður eftir þýska fatahönnuðinn Rundholz en hann fékkst áður í versluninni ER sem var lokað árið 2009,“ upplýsir Þuríður hin kátasta í glæsilegri verslun sinni.

„Mér finnst ég oftar en ekki vera að handleika listmuni frekar en föt enda eru sniðin oftast flókin og flíkurnar breytast eftir því hver mátar þær. Þýski hönnuðurinn og listamaðurinn Carsten Rundholz er einstaklega laginn við að gera flíkur í einni stærð og sem eru glæsilegar á konum óháð stærð. Þá eru flíkurnar frá StudioB3 afar glæstar og töff og á dögunum datt í hús glæný sending af ómótstæðilegum haustfatnaði,“ segir Þuríður.

Viðskiptavinahópurinn í Bóel er breiður og samanstendur af heimskonum á öllum aldri.

„Minn elsti viðskiptavinur er 90 ára dama en helst koma til okkar konur á aldrinum 35 til 70 ára. Það eru konur sem þora og vilja vera öðruvísi,“ segir Þuríður.

## Hefur mikla trú á miðbænum

Þuríður hefur á fyrsta starfsári Bóel bætt við enn fleiri hönnuðum í búðina og í mars bættist við skófatnaður frá danska hönnunarfyrirtækinu Lofina.

„Lofina er heillandi skófatnaður og gaman að segja frá því að við höfum selt Dönum sem hér hafa verið á ferðalagi ófá Lofina-skópör. Þá höfum við í tvígang sent Lofina-skó vestur um haf til Bandaríkjanna eftir að ferðamenn sáu skó í búðarglugganum og höfðu samband þegar heim kom til að fá skóna senda út til sín, sem er afskaplega skemmtilegt,“ segir Þuríður.

Síðsumars bættist við austurríska skómerkið Puro í Bóel.

„Puro er einstaklega flott skómerki sem hefur hitt í mark hjá viðskiptavinum okkar. Í næstu viku er væntanleg ný sending frá Puro og við fáum líka nokkur pör af Trippen-skóm í byrjun október. Þá hafa ítölsku handtöskurnar frá Mandarina Duck slegið gjörsamlega í gegn og var þriðja sendingin að detta í hús í fyrradag,“ segir Þuríður, ánægð og þakklát fyrir viðtökurnar á fyrsta starfsári Bóel.

Hún hefur mikla trú á verslun í miðbæ Reykjavíkur.

„Ég hef einlæga trú á að verslunarrekstur eigi eftir að byggjast upp aftur í miðbænum og nú þegar eru margir kröftugir hönnuðir að poppa upp, ásamt fullt af spennandi listagalleríum, skartgripabúðum og síðast en ekki síst öll dásamlegu kaffi- og veitingahúsin. Það er enda skemmtileg og hressandi upplifun að ganga um götur gamla miðbæjarins sem hefur fengið á sig ferska mynd og þá er kjörið tækifæri að koma við í Bóel og kaupa uppáhaldsflíkina sína með 20 prósenta afmælisafslætti,“ segir Þuríður í sannkölluðu afmælisskapi.



Gullfallegar leður bumbags frá Mandarina Duck hafa slegið í gegn hjá íslenskum nútímakonum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Mér finnst ég oftar en ekki handleika listmuni frekar en föt enda eru sniðin oftast flókin og flíkurnar breytast eftir því hver mátar þær.**

Bóel er á Skólavörðustíg 22. Heimasíða Bóel, boel.is, verður opnuð nú á afmælisárinu og hægt fylgjast með á Facebook undir boel.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# **Probi Mage** mjólkursýrugerlar fyrir meltinguna og varnir líkamans








## Það eru ekki allir mjólkursýrugerlar eins!

**Probi Mage** hylkin innihalda 10 milljarða lifandi mjólkursýrugerla af gerðinni *Lactobacillus plantarum 299v* og ráðlagður dagskammtur er 1 hylki á dag.

"Einkenni eins og niðurgangur, hægðatregða, vindgangur eða uppþemba er ekki eðlilegt ástand til langs tíma og getur verið til marks um ójafnvægi í þarmaflóru okkar."
**Þorbjörg Hafsteinsdóttir** næringarþerapisti notar **Probi Mage** mjólkursýrugerla fyrir meltinguna og varnir líkamans.

Prófessor **Bengt Jeppsson**, starfar enn hjá Probi AB í Svíþjóð, 25 árum eftir að hann og kollegar hans báru kennsl á mjólkursýrugerilinn sem er að finna í **Probi Mage** og á hafa verið gerðar tugir rannsókna.
Probi AB er í dag leiðandi á heimsvísu í rannsóknum á mjólkursýrugerlum.



Sigríður Rita Ragnarsdóttir

Ég hef alla tíð verið mjög viðkvæm í maganum og var búin að prófa ýmislegt. Ég fann fljótt mikinn mun þegar ég byrjaði að nota **Probi Mage** mjólkursýrugerla. Það er frábært að hafa loksins fundið eitthvað sem virkilega hjálpar mér og ég tek 1 hylki á dag og mun svo sannarlega halda því áfram því þetta bjargar mér algjörlega. - ***Sigríður Rita Ragnarsdóttir***



Þórunn Kristjónsdóttir

Ég hef notað **Probi Mage** mjólkursýrugerla um nokkurt skeið með mjög áþreifanlegum árangri. Meltingin er mun betri og mér líður allri betur, þess vegna hika ég ekki við að mæla með þessari góðu vöru. Sjálf tek ég hana daglega og sleppi ekki degi úr. - ***Þórunn Kristjónsdóttir***



Birgir Þórðarson

**Birgir Þórðarson**, leiðsögumaður, teblöndunarmeistari og afi með meiru, veit hvað það skiptir miklu máli að hafa meltinguna í lagi og huga að heilbrigði þarmaflórunnar fyrir heilsuna alla. Hann fann fljótt hvað **Probi Mage** gerði honum gott og tekur það inn daglega.



Fríða Britt Bergsdóttir

Ég er allt önnur og betri í maganum eftir að ég fór að nota **Probi Mage** mjólkursýrugerlana. Ég á þeim að þakka að þeim dögum sem ég finn fyrir ónotum tengdum meltingu hefur fækkað stórlega. Þetta skilar sér hreint út sagt í betri lífsgæðum finnst mér því mér líður almennt allri betur þegar ég tek þetta inn.
- ***Fríða Britt Bergsdóttir***

**Probi Mage** mjólkursýrugerlarnir hafa verið söluhæstir í sínum flokki í Svíþjóð og fengið frábærar móttökur á Íslandi.

abel
heilsuvörur

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki mótorhjól. Komdu og kiktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

### Hreingerningar

**Hreinsun á:**
sófasettum • stólum
• dýnum • rúmum
• allar gerðir af mottum
• mygluþrifum
• ozonhreinsum
• lygtareyðingum

Hreinsandi
fyrir alla muni
**Við erum á facebook**
Eldshöfði 8, 110 Rvk. S: 577-5000

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA **562 8211** EURO

**SPÁSÍMINN 9086116.**
Ástir,Fjármál,Heilsa. Opið alla daga.

### Önnur þjónusta

**KONI**



**Demparar**
**- Styrkur**
**- Ending**

Fyrir:
- Fólksbíla
- Jeppa
- Vörubíla
- Flutningabíla
- Rútur

**AFLVÉLAR**
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

**LOK Á POTTA**



**HEITIRPOTTAR.IS**
**HÖFÐABAKKA 1**
**SÍMI 777 2000**

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsa

### Nudd

**NUDD.**
Nuddstofan, opið frá 10-20. Einnig um helgar S. 832 8863.

## Heimilið

### Barnavörur

Barnið Okkar



**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARFIRÐI**
Getum bætt við okkur tjaldvögnum og fellihýsum í vetur. S. 773-3376.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
**907 2003**
Hjálparstarf kirkjunnar

Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- **Andlitsbað, litun og plokkun**
- **Tilboð 9.500.-**
- **Meðferð tekur 60 mín**



Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**HLAÐVARPIÐ**
**á frettabladid.is**
*hlustaðu þegar þér hentar*



**Lifum lengur**



**Hismið**

FRETTABLADID.IS

**Matvinnslu uppþvottavélar**

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri www.geiriehf.is





...lög og flugþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

en farþegaforsendur þróunaráætlunarinnar frá 2015," segir hann og bætir við að þörfin sé enn til staðar og hafi ekki minnkað. „Við þurfum engu að síður að hafa vel í huga með hvaða hætti við fjármögnum þessa uppbyggingu. Þegar WOW var í fullum rekstri vorum við með meiri tekjur og betri nýtingu af innviðum okkar. Viðskiptaáætlunin lítur því ekki eins vel út eftir að WOW hætti rekstri."

Sveinbjörn segir að ekki megi gleyma því að WOW hafi komið með tekjur á tímum sem annars voru ónýttir tímar á Keflavíkurflugvelli. „Við þurfum að fá flugfélög til að nýta þá tíma dagsins sem ekki er verið að nota flugstöðina til að byggja traustari tekjugrunn fyrir það sem fram undan er.

Við vorum sem betur fer ekki farin að framkvæma svo heitið geti sem tengist þessari stóru uppbyggingaráætlun. Við höfum verið að undirbúa það að ráða inn hóp hönnuða til að hanna þessi miklu mannvirki og utanaðkomandi verkefnisumsjón og eftirlit til að styrkja okkur í að stýra uppbyggingarverkefnunum. Við sem fyrirtæki höfum ekki haft innviði til að verkefnastýra ein þessu risaverkefni." Hann gerir ráð fyrir að gengið verði frá samningum um verkefnisumsjón fyrir lok þessa árs.

Sveinbjörn segir þetta vera risavaxin verkefni. „Í peningum verður fjárhæðin vel norðan við hundrað milljarða króna þegar uppbyggingaráætlunin er fullframkvæmd. Á næstu þremur árum gætum við verið að horfa á um 30 milljarða íslenskra króna," segir hann.

„Fyrsta verkefni verkefnisumsjónarinnar er að meta núverandi uppbyggingaráætlanir og hversu raunhæfar þær eru. Setja þarf fram áhættumat fyrir flugvöllinn og

**Ég vil mýkja félagið. Það þýðir að þó svo að við séum að reka stór og mikil mannvirki þá er það mannauðurinn sem ræður úrslitum um árangur Isavia til lengri tíma litið.**

svara því hvort tekjugrunnurinn muni standa undir þessari uppbyggingu eða hvort Isavia þurfi að hækka gjaldskrá. Það viljum við auðvitað forðast í lengstu lög því að við verðum að verja samkeppnishæfni flugvallarins," segir hann.

„Þetta eru miklir fjármunir. Gert hafði verið ráð fyrir að hægt væri að fjármagna uppbygginguna með lánsfjármagni og að ekki yrðu sóttir fjármunir til eigandans. Þessar áætlanir gengu upp meðan WOW var til staðar, en nú þegar það félag er farið í þrot þá er þetta allt miklu þyngra."

### Breytingar á eignarhaldi Isavia

Í tengslum við mikla uppbyggingu Isavia á Keflavíkurflugvelli á síðustu misserum hafa vaknað spurningar um hvort það sé hlutverk ríkisins að eiga og reka flugvelli og bera rekstraráhættu þeirra. Eignarhald flugvalla er afar mismunandi í Evrópu og nokkuð algengt að þeir séu í eigu sérhæfðra félaga sem sinna eingöngu slíkum rekstri. Sú þróun hefur færst í aukana hin síðari ár.

Fram kemur í tölum frá Alþjóðasamtökum flugvalla, ACI, að árið 2010 hafi 78% flugvalla í Evrópu verið í opinberri eigu. Sex árum síðar er hlutfallið komið í 59%.

Aðspurður um þessa þróun segist Sveinbjörn skilja þessa umræðu og geta tekið undir margar þær spurningar sem hafa vaknað um áframhaldandi rekstur í Keflavík.

„Eins og staðan er í dag tel ég skynsamlegt að horfa með jákvæðum augum til þess að sækja viðbótarfjármagn með viðbótarhlutafé, sérstaklega eftir fall WOW air. Hvaðan á það viðbótarhlutafé að koma? Annaðhvort væri það frá núverandi eiganda, íslenska ríkinu, eða þá að það kæmi meðfjárfestir að borðinu."

*Hefur það verið rætt? Hafið þið rætt við fjárfesta?*

„Það banka reglulega upp á einhverjir áhugasamir fjárfestar. Við tökum vel á móti öllum og það fá allir kynningu á því sem við erum að gera. Það er mikill áhugi á að koma að fjármögnun slíkra innviðaverkefna."

*Hvað með til að mynda lífeyrissjóði?*

„Það er okkar mat að það sé ekki stórkostlega erfitt að sækja fjármagn til þeirra verkefna sem fram undan eru á Keflavíkurflugvelli. Það eru hins vegar mikil verðmæti fólgin í því að fá inn fjárfesta sem hafa þekkingu á þessu sviði frekar en að horfa einvörðungu á fjármagnið sem slíkt. Það er auðveldara að sækja fjármagnið en þekkinguna. Ef það kæmi hér inn erlendur fjárfestir sem sérhæfir sig í að fjárfesta í alþjóðlegum flugvöllum þá kemur með honum mikil þekking sem væri mjög jákvæð fyrir okkur. Við höfum á tiltölulega fáum árum vaxið úr litlum flugvelli í alþjóðlegan flugvöll með öllum þeim tækifærum og áskorunum sem því fylgir.

Við höfum náð að höndla þennan mikla vöxt gríðarlega vel en það eru þarna hlutir sem við getum gert betur. Samhliða auknu fjármagni gætum við náð í mikla rekstrar- og uppbyggingarþekkingu frá slíkum fjárfestum."

*En hvað með eigandann, er hann að skoða aðkomu annarra fjárfesta?*

„Nú veit ég ekki til þess að það sé einhver vinna í gangi í fjármálaráðuneytinu. Ég held að svo sé ekki.

Stjórn Isavia hefur ekki rætt þetta sérstaklega enda væri alltaf um að ræða ákvörðun eigandans en ekki stjórnar. Auðvitað upplýsum við stjórnina þegar hingað koma áhugasamir fjárfestar, en hlutverk stjórnar Isavia er fyrst og fremst að hugsa um hag hlutafélagsins en ekki hver eigandinn er. Það væri í mínum huga tiltölulega auðvelt að sýna fram á skynsemi þess að fá fagfjárfesti inn í félagið."

*En þarf þá ekki að skilja Keflavíkurflugvöll frá annarri starfsemi, til að mynda innanlandsfluginu?*

„Ekki endilega. Það er hægt að fá inn fjárfesti beint inn í Isavia þar sem innanlandsflugvallakerfið, sem er óarðbær rekstrareining, er rekin með þjónustusamningi.

Flugleiðsöguhlutinn er þannig að við erum ekki bara að stýra flugi yfir Atlantshafið heldur er hluti þess að auka afkastagetu Keflavíkurflugvallar að finna skilvirkari leiðir fyrir flugvélar í aðflugi o.s.frv. Það væri mikilvægt fyrir mögulegan fjárfesti að geta haft áhrif þar líka. Þannig gætum við líklega seinkað þriðju flugbrautinni í mörg ár með því að breyta ferlum í flugumferð."

*Við höfum ákveðnar heimildir fyrir því að í undirbúningi séu talsverðar skipulagsbreytingar á Isavia. Heyrst hefur að til standi að skipta upp fyrirtækinu og setja ákveðinn hluta þess í dótturfélög. Getur þú lýst þeim tillögum og hversu langt eru þær komnar?*

„Það er mikilvægt að greina betur á milli ólíkra þátta í rekstri Isavia. Meirihluti tekna innanlandsflugvallakerfisins kemur úr þjónustusamningi við íslenska ríkið og þar ríkir engin samkeppni. Svipaða sögu er að segja um flugleiðsöguþjónustuna. Þar ríkir ekki bein samkeppni og stærsti hluti starfseminnar er að fullu byggður á kostnaðargrunni þar sem afkoman sveiflujafnast milli ára. Aftur á móti er Keflavíkurflugvöllur viðskiptaeining sem er í mikilli samkeppni. Mér finnst mikilvægt að við gerum nú skýran aðskilnað milli þessara þátta til að þeir hætti að hafa truflandi áhrif hvor á annan og geti vaxið og dafnað í sínu náttúrulega umhverfi. Við verðum líka að viðurkenna þá staðreynd að rekstur Keflavíkurflugvallar er sú eining sem ber langmestu áhættuna og er í raun eina einingin sem getur haft veruleg neikvæð áhrif á eigin fé Isavia. Það þarf því að meðhöndla þá áhættu í samræmi við það," segir hann.

„Mín sýn á fyrirkomulagið er skýr en það er ekki tímabært að svo stöddu að útlista í smáatriðum hvað í því felst."



## Flugvallarekstur og flugleiðsöguþjónusta

Isavia ohf. varð til árið 2010 við sameiningu Flugstoða ohf. sem rak alla flugvelli nema Keflavíkurflugvöll og Keflavíkurflugvallar ohf. Þá færðust yfirstjórn og ábyrgð á flugvallarekstri og flugleiðsöguþjónustu á íslenska flugstjórnarsvæðinu á einn aðila.

Félagið heyrir undir C-hluta ríkissjóðs sem eru hlutafélög í meirihlutaeigu ríkisins sem rekin eru á eigin ábyrgð og heyra því ekki með beinum hætti undir ríkið. Íslenska ríkið á í dag alla hluti félagsins og fer fjármála- og efnahagsráðherra með hlutahafavaldið og skipar stjórn þess. Rekstur Isavia byggir á fimm rekstrarsviðum: Flugleiðsögusviði, flugvallasviði, rekstrarsviði Keflavíkurflugvallar, tækni- og eignasviði Keflavíkurflugvallar og viðskiptasviði Keflavíkurflugvallar. Stoðsvið Isavia eru þrjú talsins: Þróun og stjórnun, mannauður og árangur og fjármálasvið. Einnig er staðla- og gæðadeild sérstök stoðeining.

**Starfsmannafjöldinn Isavia september 2019**

| | |
|---|---|
| Keflavíkurflugvöllur | 760 |
| Flugleiðsögusvið | 307 |
| Flugvallasvið | 123 |
| Stoðsvið | 99 |
| Alls | 1.289 |

### Stór í markaðssetningu Íslands

Það kemur ef til vill mörgum á óvart hvað Isavia er virkt og umsvifamikið í að að markaðssetja Ísland sem áfangastað. Það er einkum gert með mikilli vinnu í markaðssetningu flugvallarins fyrir erlend flugfélög og flugþjónustu. Á síðasta ári varði Isavia þannig um milljarði króna til landkynningar.

„Ákvörðun flugfélags um að hefja flug á nýja áfangastaði er stór. Hún krefst fjárfestinga og það getur tekið talsverðan tíma fyrir þá að verða arðbæra. Bara það að fá flugfélög til að koma hingað er stórt skref. Það skiptir máli að flugfélögin geti komið hingað á hagkvæman hátt."

Hvatakerfið á Keflavíkurflugvelli veitir flugfélögum sem hefja flug á völlinn allt árið eða utan háannatíma afslátt af notendagjöldum. Endurgreiðslur vegna þess námu 887 milljónum króna á síðasta ári. Þessi kostnaður ásamt fjármögnun annarrar kynningarstarfsemi til flugfélaga og dótturfélaga Isavia fór yfir milljarð króna á síðasta ári.

Þar fyrir utan hefur Isavia tekið virkan þátt í markaðssetningu Íslands sem áfangastaðar. Það hefur félagið gert með þátttöku í verkefnum eins og Ísland allt árið, Iceland Naturally í Bandaríkjunum, hjá Íslenska ferðaklasanum og Startup Tourism. Þá sækir Isavia ráðstefnur víða um heim þar sem Ísland er kynnt.

*Eru einhver ný flugfélög í kortunum? Það var nefnt að þið hefðuð rætt við Emirates í Sameinuðu arabísku furstadæmunum?*

„Já, við erum að tala við fjölmörg félög. Við höfum ekki viljað gefa upp hvaða félög við erum í viðræðum við, flugfélögin hafa lagt áherslu á það. Við höfum aftur á móti ekki verið í viðræðum við Emirates. Það var bara einhver misskilningur í fjölmiðlum."

*Í tengslum við fjárfestingaráætlun Kínverja sem kennd er við Belti og braut hefur kínverski sendiherrann nefnt möguleika á beinu flugi frá Kína. Hvað getur þú sagt um það?*

„Við höfum verið í samskiptum við flugfélög í Asíu. Við sjáum möguleika á að fá hingað flugfélög þaðan þar sem félög frá Asíu gætu síðan notað Keflavík sem tengistöð. Það er stór ákvörðun að hefja flug milli Asíu og Íslands. Þetta eru löng flug og meiri áhætta fyrir flugfélögin, þannig að það er ekki skrítið að það taki langan tíma að komast að niðurstöðu um þetta. Það er auðveldara að stökkva inn á styttri flugleggina."

Aðspurður um hvort lengri flugdrægni flugvéla á borð við nýjar Airbus-vélar dragi úr framtíðarmöguleikum Keflavíkur sem tengistöðvar segir hann svo ekki vera. „Það geta verið meiri möguleikar á þeim áfangastöðum sem eru lengra í burtu. Það að nýta Keflavíkurflugvöll sem tengistöð milli Asíu og til dæmis Bandaríkjanna gerir flugfélögum mögulegt að nýta minni flugvélar frekar en breiðþotur.

*En telur þú það líklegt að af flugi til Asíu frá Keflavík verði?*

„Já, ég tel það augljóst."

*Hvað með önnur tækifæri? Eitt eru farþegar annað eru vörur?*

„Hluti af áskoruninni hér er að það er lítill innflutningur á móti útflutningi. Flugfélögin hafa getað notað farangursgeymslur sínar undir vöruflutninga þegar flogið er héðan. Þetta hefur nýst vel í flutningi á frakt héðan. Við höfum aðeins kannað möguleika þess að horfa á Keflavíkurflugvöll sem skiptistöð fyrir vöruflutninga, en ekki fylgt því sérstaklega eftir. Fraktflutningurinn hefur átt sér stað hjá flugfélögunum sem eru þegar til staðar og að miklu leyti í farþegageymslum þeirra véla."

*Hvert vilt þú leiða félagið?*

„Ég vil mýkja félagið. Það þýðir að þó svo að við séum að reka stór og mikil mannvirki þá er það mannauðurinn sem ræður úrslitum um árangur Isavia til lengri tíma litið. Verkefni okkar eru spennandi, krefjandi og skemmtileg og ég vil gera Isavia að eftirsóknarverðari vinnustað. Til að svo megi verða er lykilatriði að greina betur á milli eininga félagsins.

Ef við horfum á Keflavíkurflugvöll sérstaklega þá þurfum við að setja viðskiptavini enn frekar í forgrunninn og tengja betur saman þarfir þeirra og framtíðarþróun flugvallarins. Stafræn þróun verður umfangsmikil í rekstrinum til framtíðar."

# Undirbúa innreið á bankamarkaðinn

**Fjártæknifyrirtækið indó vinnur að umsókn um leyfi fyrir viðskiptabankastarfsemi. Fyrirtækið hyggst bjóða innlán sem eru tryggð að fullu með ríkisskuldabréfum og alfarið stafræna þjónustu. Stofnendurnir með víðtæka reynslu úr fjármálageiranum.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is





Haukur Skúlason og Tryggvi Björn Davíðsson hafa þekkst frá því í grunnskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Íslenska fjártæknifyrirtækið indó mun á næsta ári bjóða Íslendingum upp á veltureikninga sem verða að fullu tryggðir með ríkisskuldabréfum og innistæðum í Seðlabankanum. Vinnur indó þessa dagana að því að sækja um leyfi fyrir viðskiptabankastarfsemi og er vonast til þess að starfsemin verði komin á skrið á fyrri hluta næsta árs. Fyrirtækið hefur lokið tveimur umferðum af fjármögnun og stefnir að því að ljúka þeirri síðustu þegar starfsleyfið er í höfn.

„Hugmyndin snýst um valdeflingu viðskiptavina. Þú færð launin þín inn á bankareikning og átt að hafa heilmikið um það að segja hvernig þeim er ráðstafað. Þá ætti til dæmis ekki að nota hann til að fjármagna eitthvað sem þér er á móti skapi,“ segir Haukur Skúlason, sem stofnaði indó ásamt Tryggva Birni Davíðssyni en þeir hafa báðir víðtæka reynslu úr fjármálageiranum.

Mun indó bjóða upp á veltureikninga sem hægt er að tengja við debetkort og verður þjónustan alfarið á snjallsímaforriti. Ólíkt hefðbundinni bankastarfsemi verða innistæður viðskiptavina indó ekki lánaðar út nema til ríkisins. Þannig verða öll innlán hjá indó lögð inn á reikning hjá Seðlabankanum eða þau verða fjárfest í ríkisskuldabréfum. Undirbúningsvinna að verkefninu hófst fyrir um einu og hálfu ári. Að sögn Hauks og Tryggva er slíkt algert nýnæmi í bankastarfsemi þar sem innlánseigendur geta í fyrsta skipti treyst því að innlán þeirra séu algerlega örugg óháð fjárhæð, og eins munu þeir vita nákvæmlega hvar peningar þeirra eru á hverjum tíma.

„Við höfðum báðir fundið fyrir togstreitunni sem er á milli deilda í bönkum og þeim áskorunum sem fylgja aukinni samkeppni, tæknibreytingum og regluverkinu. Við settumst niður til að greina bankastarfsemina eins og hún leggur sig og veltum fyrir okkur hvort hægt væri að vera banki án þess að bjóða upp á alla þá þjónustu sem bankar í dag bjóða upp á með öllum þeim kostnaði sem því fylgir,“ segir Tryggvi. Á endanum ákváðu þeir að fara inn á veltuinnlánamarkaðinn með nýja og einfaldari nálgun. indó gekk frá fyrstu fjármögnunarumferð haustið 2018 og hóf í kjölfarið að byggja upp teymi í kringum verkefnið.

„Fram að því höfðum við verið í bílskúrum, fundarherbergjum á Þjóðarbókhlöðunni og ótal kaffihúsum bæjarins að vinna að stofnun fyrirtækisins,“ segir Tryggvi. Þá var gengið frá annarri fjármögnunarumferð í ágúst og stefnt er að síðustu umferðinni eftir að starfsleyfið er komið í hús.

Haukur segir að starfsemi indó muni einnig skera sig frá stóru íslensku bönkunum með því að búa til samfélag í kringum þjónustuna. „Við ætlum að feta í fótspor erlendra banka á borð við Monzo með því að hanna þjónustuna þannig að hún hvetji til jákvæðrar hegðunar og markmiðasetningar, hvort sem það er í fjármálum eða á öðrum sviðum lífsins,“ segir Haukur og tekur dæmi.

„Segjum sem svo að þú ætlir að byrja í ræktinni og mæta tvisvar í viku, þá gætirðu sett þér markmið í gegnum appið og ef þú nærð þeim standa þér fríðindi til boða. Þannig er hægt að stuðla að jákvæðri hegðun og að því að viðskiptavinum finnist þeir tilheyra samfélagi.“

*Hvenær verður starfsemin komin á fullt skrið?*

Haukur: „Það eru margir þættir sem spila þar inn í og þeir eru ekki allir á okkar valdi. Við erum búin að teikna upp alla kerfisinnviðina og vel á veg komin með að ljúka smíði þeirra, og erum núna að vinna að því að ganga frá umsókn um starfsleyfi til Fjármálaeftirlitsins. Í kjölfarið hefst samtal við eftirlitsstofnanir um hvernig reksturinn geti uppfyllt öll skilyrði. Þegar það er frágengið munum við byrja á því að veita þjónustuna til prufuhópa þannig að við getum stýrt aðgenginu og fjölda notenda. Við erum nú þegar að taka á móti skráningum í prufuhóp á heimasíðu okkar. Ef allt gengur vel þá sjáum við fram á að starfsemin verði komin á fullt skrið á fyrri hluta næsta árs.“

*Munuð þið einblína á íslenska markaðinn?*

Haukur: „Við horfum fyrst og fremst á markaðinn á Íslandi og einskorðum starfsemi fyrirtækisins við hann. En seinna meir, ef nálgunin hér á landi gengur vel, munum við skoða það að hefja starfsemi í öðrum Evrópulöndum þar sem regluverkið er svipað. En ef við förum með viðskiptamódelið út fyrir landsteinana verður starfsemin þar aðskilin frá starfseminni hér heima. Kjarninn í rekstrarmódelinu er að peningarnir séu alltaf öruggir og að hlutirnir séu framkvæmdir með einföldum og gegnsæjum hætti.“

*Það hljóta að felast ýmsar áskoranir í því að hefja viðskiptabankastarfsemi, ekki satt?*

Tryggvi: „Stærsta áskorunin, og sú sem hefur verið skemmtilegast að yfirstíga, var sú að hlusta ekki á þá sem sögðu að þetta væri ekki hægt. En þetta er víst hægt, við erum að framkvæma hugmyndina og það hefur skipt sköpum að vera hluti af teymi sem hefur sama hugarfar.“

**Við höfðum báðir fundið fyrir togstreitunni sem er á milli deilda í bönkum og þeim áskorunum sem fylgja aukinni samkeppni, tæknibreytingum og regluverkinu.**

Tryggvi Björn Davíðsson, annar stofnenda indó

## Með víðtæka reynslu úr fjármálum og tækni

Báðir stofnendur indó hafa starfað á fjármálamarkaði um langt skeið. Haukur starfaði í tíu ár hjá Íslandsbanka þar sem hann var m.a. forstöðumaður framtaksfjárfestinga og forstöðumaður greiningar og stefnumótunar á viðskiptabankasviði. Tryggvi Björn var framkvæmdastjóri Markaða hjá Íslandsbanka á árunum 2011 til 2017 en fyrir það starfaði hann hjá Barclays Capital í London við að byggja upp skuldabréfafjárfestingasvið breska bankans.

„Fjártæknin hefur að mestu leyti verið til hliðar og feimin við það að fara inn í eftirlitsskyldan rekstur. Við komum báðir úr eftirlitsskyldum rekstri og okkar sýn er sú að til þess að fjártækni geti haft raunveruleg áhrif þá þurfi að fara alla leið,“ segir Tryggvi.

Starfsmenn indó eru sex talsins að stofnendunum meðtöldum. Þeir sem vinna að hugbúnaðarþróun fyrirtækisins hafa meðal annars starfað hjá Plain Vanilla, Reiknistofu bankanna og uppbyggingu á tölvukerfum WOW air.

„Í bankastarfsemi þarf þekking á ólíkum sviðum að koma saman. Það þarf þekkingu á regluumhverfinu, fjármálamörkuðum, kerfisinnviðum og markaðssetningu svo dæmi séu tekin,“ segir Tryggvi.



# Þurfum að brjóta upp úreltu kerfin

## Svipmynd
**Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir**

**Nám:**
Stúdent frá VÍ, BA-gráða frá HÍ í uppeldis-og menntunarfræði og sálfræði og meistaragráða í námssálfræði frá University of Washington í Seattle.

**Störf:**
Framkvæmdastjóri og stofnandi Köru Connect ehf. ásamt Hilmari Geir Eiðssyni. Stofnandi Tröppu þjónustu og Tröppu ráðgjafar 2014 ásamt Tinnu Sigurðardóttur og Kristrúnu Lind Birgisdóttur. Borgarfulltrúi og varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík frá 2006-2014. Faglegur aðstoðarmaður menntamálaráðherra 2003-2006, stundakennari við HR 1999-2003 og verkefnastjóri Auðs í krafti kvenna 2000-2003. Formaður markaðsverkefnisins Iceland Naturally, formaður fulltrúaráðs Verzlunarskóla Íslands og varaformaður Þjóðleikhúsráðs.

**Fjölskylduhagir:**
Gift Hallbirni Karlssyni verkfræðingi og á með honum fjögur börn, Karl Ólaf, Atla Frey, Ólöfu Stefaníu og Emblu Margréti. Fjölskyldan hefur búið í Palo Alto í Kaliforníu, Seattle í Washingtonfylki, Fontainbleu í Frakklandi og Barcelona á Spáni.


Þorbjörg Helga segist elska að ganga á fjöll sem eru hæfilega stór því hún sé ágætlega lofthrædd. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir er framkvæmdastjóri og stofnandi íslenska nýsköpunarfyrirtækisins Kara Connect. Fyrirtækið hefur þróað hugbúnaðarlausn sem auðveldar aðgengi að sérfræðiþjónustu á sviði heilbrigðis- og menntamála. Þorbjörg Helga segir að næsta verkefni sé að yfirfæra það sem hefur gengið vel hér heima á norræna markaði.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Mínar ær og kýr eru skólamál og stór hluti af starfi mínu tengist þeim vangaveltum. Ég hef áhuga á mörgu öðru, þar með talið heilsu og umhverfismálum. Mér finnst ótrúlega gaman að lesa skáldsögur og vildi að ég gæti gert meira af því. Lestur virkar eins og hugleiðsla fyrir mig. Ég hleyp og elska að labba á fjöll sem eru hæfilega stór því ég er ágætlega lofthrædd. Ég er bíla- og tækjadellukona og svo hjóla ég smávegis. Besta sem ég geri er að vera á fjallahjóli í íslenskri náttúru. Ég er mjög mikið fyrir hönnun og nýt þess að slaka stundum á með Instagram og skoða síður og nýjasta nýtt um hönnun og arkitektúr.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Hún er nú ekkert flókin, ég kveiki á tónlist til að vekja yngra settið í fjölskyldunni, sturta mig og kem öllum út. Ég nýt þess að geta gengið með dæturnar í skólann og svo í vinnuna og finnst það algjör lúxus. Ég flýg mikið og þá er morgunrútínan eiginlega farin að miða að því að geta farið út úr húsi á undir 15 mínútum til að bæta aðeins við svefninn. Ég er núna að vinna í því að ná meiri svefni og tók þá stóru ákvörðun að hætta að drekka kaffi fyrr á árinu. Það breytti morgunrútínunni talsvert verð ég að viðurkenna.

*Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?*

Líklega eru það bækur eins og Educated og Glass Castle og Mrs. Eleanor Oliphant is completely fine. Skáldsögur með sögulegri skírskotun eins og The light we cannot see, The Nightingale og The Great Alone hafa líka mikil áhrif á mig.

**Það þarf að brjóta þetta kerfi upp og hætta að horfa á hvernig kerfi geta talað hvert við annað. Það á að horfa á hvernig kerfi tala og þjónusta íbúa til að bæta þjónustu við þá.**

*Hver var kjarni erindisins sem þú fluttir á haustráðstefnu Advania?*

Skilaboðin voru að aðgengi að hjálp sérfræðinga eru í dag í sílóum hins opinbera sem tala ekkert saman. Það þarf utanaðkomandi aðila sem setur sig í spor þeirra sem þurfa á hjálp að halda og sérfræðinganna sem þurfa að glíma við mjög flókið kerfi til að laga þetta umhverfi. Það þarf að brjóta þetta kerfi upp og hætta að horfa á hvernig kerfi geta talað hvert við annað. Það á að horfa á hvernig kerfi tala og þjónusta íbúa til að bæta þjónustu við þá. Þannig hjálpum við fleirum, spörum pening og náum betri árangri.

*Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin undanfarin misseri?*

Það hefur verið krefjandi að sannfæra ólíkt fólk, bæði fjárfesta og viðskiptavini, um að stórar hugmyndir eins og lausnin sem Kara leggur fram sé ekkert endilega flókin. Hugbúnaðurinn tryggir að sérfræðingar geti á öruggan hátt tengst skjólstæðingum sínum og um leið nýtt nýjustu tækni til að leysa margt af hólmi sem í dag er í úreltum kerfum eða hreinlega á blaði og í möppum.

*Hvað áskoranir og tækifæri eru fram undan hjá Kara Connect?*

Það eru ótrúleg tækifæri í farvatninu og mjög mikið að gera hjá okkur. Það er áskorun þegar maður vex að sinna kúnnunum sínum vel og hjálpa þeim að innleiða og stíga inn í nýja veröld. Við förum í gegnum miklar áskoranir til að tryggja að Kara verði örugg fyrir alla aðila og kláruðum í sumar að fá samþykki Landlæknis fyrir hugbúnaðinn, öryggisúttekt Syndis og GDPR-úttekt. Næstu verkefni eru að yfirfæra það sem hefur gengið vel hér heima á norræna markaði.

*Hvar sérðu þig eftir 10 ár?*

Ég sé mig sátta og spræka eftir að hafa ýtt úr vör fyrirtæki og verkefnum sem bæta samfélagið. Ég hef það raunar sem markmið að þá verði meiri tími til að lesa góðar bækur og sinna fjölskyldu og vinum. Ég sá mig nú alltaf sem skólastjóra einu sinni – hver veit?

# Þegar hauststressið heltekur hugann



**Kristín Hrefna Halldórsdóttir**
framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Flow

Eftir sælusumarið mikla sem dældi yfir okkur sól og gleði í sumar getur verið erfitt að mæta aftur í haustrútínuna. Þar bíða sumra stútfull innhólf af tölvupósti sem allir öskra á svör, krefjandi skilafrestir, stressaðir stjórnendur, alls konar foreldrafundir, skutl á fótboltaæfingar svo ég tali nú ekki um stressið sem fylgir því að komast í jógatíma á réttum tíma. Klukkutímarnir þjóta áfram og eftir vinnudaginn upplifa margir að þeir hafi ekki gert nokkurn skapaðan hlut í vinnunni því þeir hringsnúast bara. Þeir ná ekki að einbeita sér og hugurinn þeytist eins og vindhani sem er við það að fjúka af festingunum. Margir eru samt fegnir að komast aftur inn í rútínuna, sérstaklega þeir sem eru með lítil börn. Ætli rútínan verði ekki komin í sæmilegt horf þegar jólastressið byrjar að hellast yfir mann með yfirlýsingum frá þeim sem eru löngu búnir að kaupa allar jólagjafirnar.

Öll þessi streita er ekki góð fyrir heilsuna. Bandarískar rannsóknir sýna að þrír af hverjum fimm starfsmönnum upplifa mikla streitu. Streita getur leitt til kvíða, þunglyndis, meltingarvandamála, svefnvandamála og margra annarra alvarlegra heilsubresta.

Neikvæð og erfið vinnustaðamenning þar sem allt er á yfirsnúningi og tölvupóstur er sendur allan sólarhringinn af því hugur stressaðs stjórnanda er í endalausu kappi við haustlægðirnar einkennir suma vinnustaði. Þó að langt sé komið fram yfir háttatíma þeirra sem ætla að vakna með skýran huga daginn eftir heldur stressaði stjórnandinn áfram að dæla út kröfum, skilaboðum og einhverju sem má alveg bíða fram á næsta dag. Ástæðan er oft einföld. Þeir sem eru of stressaðir til að ná að kyrra hugann upplifa falskt öryggi í því að dæla út póstum á alla í kringum sig til þess að létta á pressunni á eigin hugarstormi en átta sig ekki á því að þeir stressa alla aðra með þessu háttalagi. Þetta er því miður allt of algengt á íslenskum vinnumarkaði.

**Það er frábært að sjá stór og leiðandi fyrirtæki taka forystu í því að bjóða starfsmönnum *sínum tækifæri til þess að hugleiða í vinnunni.***

Sá sem er í stöðugu stríði við steituna á erfiðara með að sýna samkennd, vera skapandi eða hugmyndaríkur. Streitan tekur svo mikla orku. Það er mikilvægt að hvíla hugann og leyfa laufunum sem erill dagsins þyrlar upp að falla til jarðar. Hugleiðsla er áhrifaríkt og hraðvirkt vopn í baráttunni við streituna. Þetta er margsannað en samt hugleiða ekki fleiri en raun ber vitni. Það getur verið erfitt að setjast niður og ætla að róa hugann og hugleiða í opnu vinnurými með allt ónæði nútímans í rassvasanum. Þá geta hugleiðsluöpp, sýndarveruleiki og aðrar leiðir komið til hjálpar og þjálfað fólk upp í því að róa hugann.

Það er frábært að sjá stór og leiðandi fyrirtæki taka forystu í því að bjóða starfsmönnum sínum tækifæri til þess að hugleiða í vinnunni. Það að setjast niður í skamma stund, hugsa aðeins um andardráttinn, hverfa jafnvel inn í sýndarveruleika og læra að maður getur stjórnað storminum sem stundum ræðst á hugann eins og þúsund millibara haustlægð er ótrúlega verðmætt, bæði fyrir einstaklingana og fyrirtækin.

# Skotsilfur

## Efst á lista



**Ásdís Kristjánsdóttir**, forstöðumaður efnahagssviðs SA, var ein af þeim sem sóttu um að stýra fjármálastöðugleikasviði Seðlabankans. Hún og Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri hafa áður unnið saman, fyrst í greiningardeild Arion á árunum fyrir og eftir fall bankanna og síðan við gerð skýrslu um framtíð íslenskrar peningastefnu. Ásgeir, sem mun leiða sameiningu Seðlabankans og FME, er líklegur til að vilja fá sér til halds og trausts einhvern í forystu sem hann treystir og þekkir vel til.

## Átján ár hjá Goldman



**Gunnar Jakobsson** var annað nafn sem birtist á listanum yfir þá sem vilja stýra fjármálastöðugleikasviði en hann hefur starfað hjá bandaríska fjárfestingarbankanum Goldman Sachs í meira en 18 ár. Gunnar, sem er ættaður af Vestfjörðum, nam lögfræði við Háskóla Íslands áður en hann hélt til Bandaríkjanna í MBA-nám við Yale. Eftir útskrift hóf hann starfsnám hjá Goldman og stýrir hann nú sviði lausafjáráhættu hjá bankanum í London. Áhuginn á starfinu í Seðlabankanum bendir til þess að Gunnar vilji nú snúa aftur heim.

## Bras með Basko



Eftir yfirtöku Skeljungs á Basko lýkur aðkomu framtakssjóðsins Horns III að smásölurekstri félagsins. Horn keypti 80 prósenta hlut í Basko 2016 fyrir um 1,5 milljarða. Söluverðið nú var rétt yfir 300 milljónum og bendir til þess að sjóðurinn hafi ekki komið sérlega vel út úr fjárfestingunni en í millitíðinni hafði félagið einnig selt frá sér verslanir til Samkaupa. Endurskipulagning félagsins kostaði sitt og tapaði Basko milljarði á rekstrarárinu sem lauk í febrúar í fyrra. **Árni Pétur Jónsson**, forstjóri Skeljungs, ætti að þekkja smáatriðin enda var hann forstjóri Basko þegar Horn keypti eignarhlutinn en nú situr hann hinum megin við samningaborðið.

## Stefna þýskra stjórnvalda í loftslagsmálum kostar tugi milljarða evra



Útblástur stígur upp úr kæliturnum þýsks orkuvers sem knúið er af brúnkolum. Víðtæk stefna þýskra stjórnvalda sem ætlað er að draga verulega úr losun kolefnis gæti kostað 40 milljarða evra, jafnvirði 5.480 milljarða íslenskra króna, á næstu fjórum árum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hvað er að SKE?




**Katrín Olga Jóhannesdóttir**
formaður Viðskiptaráðs



**Agla Eir Vilhjálmsdóttir**
sérfræðingur á lögfræðisviði Viðskiptaráðs


Í litlu og opnu hagkerfi eins og á Íslandi skiptir virk samkeppni miklu máli. Hún er drifkraftur framleiðnivaxtar og verðmætasköpunar í þjóðfélaginu, sem um leið eykur almenna velsæld. Við erum öll sammála um að reglur sem koma í veg fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu og mismunun á markaði, t.d. vegna opinberra afskipta, eru því af hinu góða. Á sama tíma er þó mikilvægt að stjórnvöld tryggi að ekki sé gengið of langt í slíkri reglusetningu og að íslensk fyrirtæki verði ekki undir í alþjóðlegri samkeppni vegna þeirrar framkvæmdar samkeppnisyfirvalda sem tíðkast hér á landi.

Breytingar á samkeppnislögum og bætt framkvæmd þeirra hafa lengi verið til umræðu. Slíkt tal er ekki að undra þar sem samkeppnislöggjöfin og framkvæmd samkeppnismála hérlendis er strangari en á Norðurlöndunum og í Evrópu. Það getur rýrt samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja, sem bitnar ekki aðeins á viðskiptalífinu, heldur einnig á neytendum. Viðskiptaráð Íslands fer yfir stöðu samkeppnismála í nýrri Skoðun sinni, þar sem þessi atriði eru tekin fyrir.

### Ósamkeppnishæf löggjöf

Fyrirtæki hafa til dæmis gagnrýnt málsmeðferðartíma Samkeppniseftirlitsins, þar sem þeim hefur reynst erfitt að sjá fyrir með einhverri vissu hvenær niðurstaða eftirlitsins berst. Málsmeðferð hjá SKE hefur oft á tíðum tekið bagalega langan tíma, jafnvel fjölda ára, með tilheyrandi tjóni fyrir fyrirtæki. Mikill tími eftirlitsins fer í að sinna samrunamálum, en þau njóta lögbundins forgangs hjá eftirlitinu. Samkeppniseftirlitið varði til að mynda 40% af tíma sínum í samrunamál árið 2018.

Á sama tíma hafa veltuviðmið fyrir tilkynningarskylda samruna, sem segja til um hvaða mál SKE verður að skoða, haldist óbreytt frá 2008. Síðan þá hefur verðlag hækkað og hagkerfið stækkað með auknum efnahagsumsvifum. Veltuviðmiðin hafa því í raun lækkað um nær helming án þess að tekin hafi verið ákvörðun um það. Þannig er sífellt meiri tíma eftirlitsins varið í samrunamál.

Sé litið til annarra Evrópulanda er ljóst að veltuviðmið eru endurskoðuð með reglulegu millibili og uppfærð með tilliti til verðbólgu en einnig stækkun hagkerfisins sem birtist í stækkun markaða og auknum viðskiptum. Hækkun þessara viðmiða myndi draga úr áherslu á smærri samrunamál og gæti þannig stytt málsmeðferðartíma, öllum aðilum til hagsbóta. Ekki síst Samkeppniseftirlitinu sjálfu sem hefði þá aukið svigrúm til að sinna öðrum málum.

### Úrbóta er þörf

Samkeppniseftirlitið hefur þar að auki heimild til að grípa inn í lögmætan rekstur fyrirtækis og krefjast breytinga á skipulagi þess og rekstri, án þess að viðkomandi fyrirtæki hafi gerst brotlegt við samkeppnislög. Heimild þessi hefur verið harðlega gagnrýnd og hafa sérfræðingar í samkeppnisrétti dregið í efa að hún standist stjórnarskrárvarinn eignarrétt.

Samkeppnisreglur sem stuðla að virkri samkeppni eru af hinu góða. Kröfur og gagnrýni viðskiptalífsins snúast ekki um það að fá að starfa án eftirlits eða utan laga. Því fer fjarri og slíkt væri engum til hagsbóta. Gagnrýnin snýst um það að heimildir Samkeppniseftirlitsins ganga lengra en víðast hvar í Evrópu og lengra en þörf krefur. Ef íslensk fyrirtæki eiga að vera samkeppnishæf á alþjóðamarkaði verður að bæta úr því. Um leið og gagnrýnisraddir heyrast um vinnubrögð SKE birtast gjarnan harðorðir pistlar frá forstjóra eftirlitsins, kostaðir á samfélagsmiðlum fyrir skattfé almennings. Það er því ekki að undra að atvinnulífið sé tortryggið í garð eftirlits, sem rígheldur með slíkum hætti í óþarflega íþyngjandi heimildir. Það er í höndum stjórnvalda að bregðast við og skapa hér sanngjarnt og samkeppnishæft umhverfi fyrir fyrirtæki til að starfa innan og stofnanir að hafa eftirlit með, í þágu viðskiptalífsins og almennings. Það er því ánægjulegt að sjá að samkeppnislöggjöfin er komin á málefnaskrá Alþingis – og áhugavert verður að fylgjast með viðbrögðum SKE við slíku – mun eftirlitið átta sig á breyttum heimi viðskipta eða ríghalda í forræðishyggju fortíðar?

# Vonarglæta í vonleysinu

**SKOÐUN**




Þorsteinn Friðrik Halldórsson


Útþensla ríkisvaldsins á undanförnum árum er áfellisdómur yfir þeim sem haldið hafa um stjórnartaumana. Ríkisútgjöldin aukast ár frá ári, reglugerðir margfaldast og eftirlitsstofnanir þenjast út. Á sama tíma hafa opinberir starfsmenn leitt launaþróun á vinnumarkaði. Þegar öllu er á botninn hvolft eru þetta helstu mælikvarðarnir á árangur þeirra stjórnmálamanna sem tala fyrir öflugu atvinnulífi. Þróunin á síðustu árum vekur óhjákvæmilega spurningar um hvort forysta flokksins sem talar hvað mest um markaðsfrelsi og minni ríkisafskipti hafi burði til að þess að glíma við stjórnkerfið.

Kerfið er hannað til þess að þenjast út vegna þess að það grundvallast á því að ávinningur dreifist á fáa en kostnaður á marga. Kostnaðurinn við fyrirhugaðar niðurgreiðslur á einkareknum fjölmiðlarekstri mun kannski nema um 1.500 krónum á hvern landsmann. Það tekur því varla að kynna sér áformin og hvað þá andæfa þeim. Ávinningurinn fyrir hvern fjölmiðil nemur hins vegar allt að 50 milljónum króna. Kemur því ekki á óvart að sumir fjölmiðlar hafi notað vettvanginn sem þeir hafa til að mála dökka mynd af stöðu íslenskrar fjölmiðlunar.

Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum. Þrýstingurinn kemur úr öllum áttum, bæði frá ríkisstofnunum og atvinnulífinu. Hönnunargalli kerfisins leiðir til þess að allir reyna að lifa á kostnað annarra. Því er stærsta pólitíska prófraun þeirra stjórnmálamanna, sem vilja stuðla að öflugu atvinnulífi, sú að spyrna á móti öllum þeim kröftum sem verka í áttina að auknum umsvifum ríkisins. Það er heljarinnar prófraun sem krefst staðfestu og leiðtogahæfni. Á síðustu árum hefur enginn staðist þessa prófraun sem er grafalvarlegt í ljósi þess að sífellt erfiðara verður að snúa þróuninni við.

En í vonleysinu er ein vonarglæta og hana má finna í Íslandspósti þar sem nýr forstjóri er í meiriháttar tiltekt. Þar hefur 12 prósentum starfsmanna verið sagt upp og óskyldur rekstur settur í sölu. Forstjórinn virðist starfa eftir allt öðrum lögmálum en hinir ríkisforstjórarnir og má ætla að hann hafi fengið skýr tilmæli frá ráðherra um að hagræða í rekstrinum. Líklega voru þau skýrari en tilmæli stjórnvalda um launakjör æðstu stjórnenda sem stjórnir ríkisfyrirtækja hafa hunsað. Hvort Íslandspóstur verði fordæmi eða einsdæmi á hins vegar eftir að koma í ljós.

wagner

ÞÝSK HÖNNUN · EINSTÖK GÆÐI

EINU STÓLARNIR MEÐ

Dondola®

360°

VELTITÆKNI

# Einn besti skrifstofu-stóllinn fyrir bakveika

-36%

NÚ Á TILBOÐSVERÐI

**119.900 kr.**

ÁÐUR Á 189.900

Hirzlan Skrifstofuhúsgögn eru þessa dagana með sérstakt tilboðsverð á hinum rómuðu Wagner skrifstofustólum, þeir einu sem eru með Dondola® 360° veltihreyfingu á setu. Hreyfingin miðar að því að létta álag á bakið og styrkja það.



*ERGOMEDIC 100-3 skrifstofustól frá Wagner, þeir einu sem eru með Dondola® 360° veltihreyfingu á setu.*

**Skrifstofustólarnir frá Wagner hafa heldur betur slegið í gegn, enda hafa fjölmargir fagaðilar og einstaklingar mælt sérstaklega með þessum frábæru stólunum. Ólafur Gunnar Guðlaugsson barnabókahöfundur er einn þeirra.**



Ólafur Gunnar Guðlaugsson

„Ég hef unnið sem grafískur hönnuður, barnabókahöfundur og teiknari í nærri 30 ár. Eins og gefur að skilja er ekki mikil hreyfing við svona störf og ég sit nánast allan daginn við mína iðju. Það er auðvitað dauði og djöfull fyrir krónískt bakveikan mann. Í tugi ára hafði morgunrútína mín verið að liðka um klemmdu taugina í mjóbakinu, koma mér úr vinkilstöðu í lóðrétta. Sem sagt óþolandi og viðvarandi ástand sem var nóg til að æra óstöðugan.

Síðan kynntist ég Wagner stólunum með 360 gráðu Dondola veltitækninni. Málið er að ef þér tekst að halda hryggsúlunni á stöðugri hreyfingu þá stífnar hún síður og festist. Vinnuveitandi minn fjárfesti í Ergomedic 100-3, og viti menn, eftir eina viku voru öll mín bakvandamál algjörlega horfin!

Það hljómar eins og lygasaga en mér hefur aldrei liðið betur í bakinu.“

FAGAÐILAR MÆLA MEÐ WAGNER

SJÚKRAÞJÁLFUN ÍSLANDS

Elís Þór Rafnsson
sjúkraþjálfari

KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS

2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið keldan

MYNDFORM GRAFÍK

Hirzlan
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · www.hirzlan.is

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 18. september 2019

FRÉTTABLAÐIÐ IS
frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins
@frettabladid


## Stjórnarmaðurinn

## Gæði en ekki magn

**Í ágúst** nýliðnum fóru 14 prósent færri Íslendingar til útlanda en á sama tíma í fyrra. Vafalaust spilar brotthvarf WOW þar stóra rullu en líklega frámuna veðurblíða á landinu ekki síður.

**Eftirtektarverðast** er þó að þrátt fyrir að flugferðum til Íslands hafi fækkað um þriðjung milli ára, og að í ágúst hafi um 350 þúsund færri farið um Leifsstöð en fyrir ári, þá hafa veltutölur vegna erlendra ferðamanna sáralítið breyst. Að flugi undanskildu nemur samdrátturinn einungis um 0,2 prósentum. Velta gististaða og veitingahúsa er óbreytt milli ára, og nýtingarhlutfall gististaða lækkaði einungis lítillega. Á sama tíma hefur talsverð hagræðing átt sér stað í ferðaþjónustunni. Launþegum hefur fækkað um 10 prósent, og hefur fækkað í öllum flokkum ferðaþjónustu.

**Ef draga á** ályktanir af þessum nýbirtu tölum þá virðist sem arðbærari ferðamenn komi enn til landsins. WOW var auðvitað lággjaldaflugfélag og því var sennilega um annars konar ferðamenn að ræða en þá sem sætta sig við oft á tíðum himinhá fargjöld Icelandair. Þeir sem setja slíkt ekki fyrir sig eru einfaldlega líklegri til að borga meira í mat, drykk, verslun og afþreyingu þegar til landsins er komið.

**Margir** hafa kallað eftir því lengi að Ísland setji sér almennilega stefnu hvað varðar ferðaþjónustuna. Kannski er þarna uppskriftin komin. Ísland er dýrt land og verður það sennilega alltaf. Við erum einfaldlega ekki samkeppnishæf þegar kemur að verðlagi. Er ekki allt í lagi að gera sér grein fyrir því, og stuðla að ferðaþjónustu sem er kannski minni að umfangi en byggist á efnameiri ferðamönnum?

**Það á ekki** að vera markmið í sjálfu sér að fá marga ferðamenn til landsins. Frekar að þeir sem hingað komi fái fyrsta flokks upplifun af landi og þjóð. Til að svo megi verða þarf að passa átroðning á náttúruperlum, og að sjá til þess að innviðir séu ásættanlegir. Slíkt kostar.

**Gæði** umfram magn ættu að vera kjörorðin. Slík stefna væri bæði efnahag og náttúru til bóta.




# Kerfélagið tapaði 40 milljónum

Kerfélagið, eigandi Kersins í Grímsnesi, tapaði 40 milljónum á síðasta ári en til samanburðar hagnaðist félagið um 58 milljónir á árinu 2017.

Tekjur námu 142 milljónum og jukust um tæp 26 prósent á milli ára. Laun og launatengd gjöld fóru hins vegar úr 0 krónum í 156 milljónir. Óskar Magnússon, einn af eigendum Kerfélagsins, segir að um einskiptiskostnað hafi verið að ræða.

„Þetta ár var undantekning og ekki marktækt dæmi um almennan rekstur Kersins. Við höfum verið að leggja í mikinn kostnað vegna deiliskipulagsvinnu og höfum til að mynda þurft að ráða verkfræðinga, arkitekta og skipulagsfræðinga,“ segir Óskar. Auk þess hafi félagið greitt uppsafnaðan launakostnað í einu lagi.



Óskar Magnússon.

„Við sjáum fram á að tekjurnar á þessu ári verði nálægt því sem þær voru í fyrra þrátt fyrir almennan samdrátt í ferðaþjónustunni.“

Gjaldtaka við Kerið hófst 2013 og er aðgangseyrir þar nú 400 krónur. Félagið er í jafnri eigu Óskars, Ásgeir Bolla Kristinssonar, Sigurðar Gísla Pálmasonar og Jóns Pálmasonar. - þfh

**12.09.2019**

**Erum við að byggja þetta fjárlagafrumvarp á raunhæfum forsendum? Verðum við í stöðu til að standa við þau loforð sem hér eru gefin?**



Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar



# Atvinnuauglýsingar | Job.is

## Lögfræðingur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti

capacent

Hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er laust til umsóknar starf lögfræðings á skrifstofu umhverfis og skipulags.

Upplýsingar og umsókn á
**capacent.is/s/14585**

## Forstöðumaður þróunarsviðs

capacent

Byggðastofnun óskar eftir að ráða öflugan og traustan einstakling í starf forstöðumanns þróunarsviðs. Forstöðumaður þróunarsviðs gegnir lykilhlutverki við mótun og framkvæmd byggðastefnu á Íslandi og er hluti af yfirstjórn stofnunarinnar.

Upplýsingar og umsókn á
**capacent.is/s/14535**

Þú finnur draumastarfið á Job.is

## Mannauðsstjóri

RÚV leitar að öflugum mannauðsstjóra til að framfylgja stefnu RÚV í mannauðsmálum.

Upplýsingar veitir:
Sverrir Briem
**sverrir@hagvangur.is**

Umsóknir óskast fylltar út á:
www.hagvangur.is.
Umsóknarfrestur er til og með
26. september nk.

## Starfsmaður í iðgjalda- og lífeyrisdeild

Almenni lífeyrissjóðurinn óskar eftir starfsmanni í iðgjalda- og lífeyrisdeild sjóðsins. Um er að ræða fullt starf sem felst m.a. í samskiptum við sjóðfélaga og vinnuveitendur sem greiða til sjóðsins, innheimtu iðgjalda og vinnu við lífeyrisúrskurði.

Upplýsingar veitir:
Inga Steinunn Arnardóttir,
**inga@hagvangur.is**

Umsóknir óskast fylltar út á:
**www.hagvangur.is.**
Umsóknarfrestur er til og með
**22. september nk.**

**Sjá nánar á job.is**

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426

## Breyting á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020

### *Áningarstaður ferðamanna í Fossárvík – breytt landnotkun*

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 12. september 2019 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 í Fossárvík dags. 10. maí 2019 m.s.br. Tillagan var auglýst frá 12. júlí til 23. ágúst 2019.

Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga og hefur tillagan verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska frekari upplýsinga geta snúið sér til undirritaðs.

***Skipulagsfulltrúi Djúpavogshrepps***




STRÁ



## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

**Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.**

**Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.**

**Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.**

www.stra.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 7 | 9 |
| Ísafjörður | 3 | 4 |
| Akureyri | 7 | 4 |
| Egilsstaðir | 6 | 5 |
| Kirkjubæjarklaustur | 7 | 5 |
| Hveravellir | 1 | 7 |

Suðaustan og austan 8-15 m/s í dag, en 15-20 með suðurströndinni þangað til síðdegis. Víða rigning, talsverð á suðurhelmingi landsins. Hiti 6 til 11 stig yfir daginn.

## Fimmtudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 12 | 7 |
| Ísafjörður | 5 | 2 |
| Akureyri | 12 | 2 |
| Egilsstaðir | 11 | 2 |
| Kirkjubæjarklaustur | 12 | 4 |
| Hveravellir | 6 | 10 |

## Föstudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 12 | 7 |
| Ísafjörður | 11 | 3 |
| Akureyri | 13 | 1 |
| Egilsstaðir | 12 | 3 |
| Kirkjubæjarklaustur | 11 | 5 |
| Hveravellir | 9 | 8 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | 6 | | 1 | | 7 | | |
| | | 1 | | | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 9 | | | | | | 2 | 6 |
| 9 | | 7 | 6 | | | | | 8 |
| | 8 | 4 | | 2 | | | 3 | |
| 3 | | | 1 | | | | | |
| 6 | | 5 | | | 1 | | 9 | |
| | 2 | | 9 | | | 4 | | |
| | | | | 4 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | 2 | 8 | 1 | | |
| | | 2 | | | 6 | | 3 | 5 |
| | | 6 | | | 5 | | | |
| | | | 7 | | | 2 | | 4 |
| | 1 | | | 9 | | | | |
| 9 | | | | 6 | | 7 | | 8 |
| 5 | 6 | 8 | | 1 | | | | 2 |
| 3 | | | | | 7 | | | 1 |
| 2 | | | | 8 | 9 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 9 |
| | | 8 | | | 2 | 5 | | 3 |
| 2 | 4 | | | 8 | | | | |
| | 9 | | 4 | | 3 | 7 | | |
| 7 | | | | | 1 | | 2 | |
| 8 | | 4 | | | | | | |
| | 6 | | | 7 | | 3 | | |
| | | | 2 | 1 | | | | 4 |
| 9 | | | | | | | 7 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 klár
5 útgerðarstaður
6 hljóm
8 sóun
10 tveir eins
11 grasey
12 erfið
13 sæla
15 titill
17 slaki

**LÓÐRÉTT**
1 óknyttur
2 mökk
3 umyrði
4 röðullinn
7 prangari
9 flík
12 fitl
14 tangi
16 gat



**LÁRÉTT:** 1 hross, 5 ver, 6 óm, 8 eyðsla, 10 kk, 11 vin, 12 þung, 13 unun, 15 rektor, 17 slapi.
**LÓÐRÉTT:** 1 hvekkur, 2 reyk, 3 orð, 4 sólin, 7 mangari, 9 svunta, 12 þukl, 14 nes, 16 op.

## Skák Gunnar Björnsson

James átti leik gegn Miles árið 1911.

**1. Bh7+! Kh8 2. Rxf7+! Hxf7 3. Rg6+! Kxh7 4. Rf8+ Kg8 5. Dh7+ Kxf8 6. Dh8# 1-0.**

Heimsbikarmótið er í fullum gangi í Khanty-Mansiesk. Fimmta umferð Haustmóts TR fer fram í kvöld.

**www.skak.is:** Haustmót TR

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 | 7 | 6 | 4 |
| 4 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 | 9 | 8 |
| 7 | 1 | 9 | 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 7 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 | 3 |
| 8 | 4 | 6 | 3 | 2 | 5 | 9 | 1 | 7 |
| 9 | 3 | 2 | 7 | 8 | 1 | 4 | 5 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | 4 | 2 |
| 1 | 5 | 4 | 8 | 3 | 2 | 6 | 7 | 9 |
| 2 | 9 | 7 | 5 | 4 | 6 | 3 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 8 | 3 | 4 | 6 | 2 |
| 6 | 2 | 3 | 5 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 3 | 6 | 9 | 5 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 5 | 7 | 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 9 | 8 |
| 3 | 1 | 2 | 4 | 9 | 5 | 8 | 7 | 6 |
| 7 | 5 | 8 | 1 | 6 | 2 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 6 | 4 | 8 | 3 | 7 | 1 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 3 | 1 | 9 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 5 | 3 |
| 6 | 5 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 |
| 3 | 8 | 2 | 4 | 1 | 9 | 7 | 6 | 5 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 |
| 7 | 9 | 6 | 5 | 3 | 2 | 4 | 8 | 1 |
| 8 | 6 | 5 | 2 | 4 | 1 | 3 | 9 | 7 |
| 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 6 | 5 | 4 | 2 |
| 2 | 4 | 7 | 9 | 5 | 3 | 8 | 1 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.









## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# Við getum ekki kennt þér á net- & samfélagsmiðla...

# En við getum tryggt að þú vitir hvað er að frétta!

FRETTABLADID.IS

# Mér finnst gaman að leiða saman kynslóðir

**Bergrún Íris Sævarsdóttir myndskreytir nýja barnabók sem hún vann í samvinnu við Ævar Þór Benediktsson og aðra og Eva Rún Þorgeirsdóttir skrifar. Sendir svo einnig frá sér lokabók í seríu.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Stórhættulega stafrófið er ný bók með teikningum eftir Bergrúnu Írísi Sævarsdóttur og texta eftir Ævar Þór Benediktsson. Bókin er fyrsta samvinnuverkefni þeirra.

„Okkur hefur lengi langað að vinna saman,“ segir Bergrún. „Lestrarátakið hans Ævars er þrekvirki og hefur gert meira gagn en nokkur læsisstefna. Honum finnst bækur fyrir börn eiga að vera vandaðar og vel skrifaðar og vel myndskreyttar og þau eigi að hafa úr nógu að velja. Við Ævar deilum þessari ástríðu. Góð og vönduð barnabók er miklu mikilvægari fyrir lestur barna en ljósritaður texti á blaði og tímataka með skeiðklukku eins og nú tíðkast. Ég á erfitt með að skilja slíka tímatöku því í asanum er erfitt að þjálfa lesskilning. Hvernig eiga börn að læra að gleyma sér í sögu þegar verið er að mæla hversu hratt þau lesa?“



Við sykurhúðum svo margt til að vernda börnin okkar, segir Bergrún. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Ein myndskreytinga Bergrúnar í Stórhættulega stafrófinu.

> GÓÐ OG VÖNDUÐ BARNABÓK ER MIKLU MIKILVÆGARI FYRIR LESTUR BARNA EN LJÓSRITAÐUR TEXTI Á BLAÐI OG TÍMATAKA MEÐ SKEIÐKLUKKU EINS OG NÚ TÍÐKAST.

Stórhættulega stafrófið segir frá Fjólu sem á í stökustu vandræðum með stafina. Dag einn ákveður hún að halda tombólu og rekst á forvitnilega götu þar sem húsin minna á bókstafi. „Þetta er fyrsta bókin sem Ævar skrifaði. Hann hafði átt handritið ofan í skúffu í átta ár og fór svo að endurskrifa það fyrir um það bil ári,“ segir Bergrún. „Við vorum að leita að smá Hvar er Valli? stemningu. Það þarf að rýna í myndirnar og aftast í bókinni er langur listi af orðum sem hægt er að leita uppi í bókinni. Þetta er bók sem bæði er hægt að lesa í einum rykk en líka dvelja við, fletta upp orðum og leita að þeim í myndunum.“

### Friður og ró

Bergrún er einnig myndhöfundur bókarinnar Ró eftir Evu Rún Þorgeirsdóttur, sem væntanleg er á markað innan skamms. „Þetta er fjölskyldubók um það hvernig maður finnur frið og ró og slakar á. Eva kennir börnum jóga og báðar eigum við börn á öllum aldri sem eiga það sameiginlegt að vera stundum þreytt og æst eftir langan dag í leikskóla og skóla. Þessi bók á að leysa úr því með hugleiðsluæfingum og fleiru.“ Bergrún segir myndirnar í Ró afar ólíkar teikningum hennar í Stórhættulega stafrófinu. „Þarna eru vatnslitamyndir. Þar sem bókin fjallar um frið og ró vildi ég ekki hafa myndirnar teiknaðar í tölvu. Ég tók mér góðan tíma í þær og fann mikla ró meðan ég teiknaði, eins og ég held að sjáist á myndunum.“

### Lokabók í seríu

Bergrún er höfundur nokkurra bóka sem hún myndskreytir sjálf. Fyrr á árinu fékk hún verðlaun sem kennd eru við Guðrúnu Helgadóttur fyrir spennubókina Kennarinn sem hvarf. Fyrir jólin kemur út ný barnabók eftir hana sem hún myndskreytir vitanlega sjálf. Þetta er lokabókin í seríu um vinina Eyju og Rögnvald. Fyrri bækurnar eru Langelstur í bekknum og Langelstur í leynifélaginu og nú kemur út Langelstur að eilífu. „Í fyrstu bókinni var Rögnvaldur 96 ára og fastur í fyrsta bekk og neitaði að læra að lesa. Hann þurfti að leggja sig í frímínútunum, tók úr sér tennurnar þegar hann borðaði brauðsúpu sem hann hafði með sér í nesti. Hann hefur allt öðruvísi orðaforða en krakkarnir og Eyja, sem var sex ára í fyrstu bókinni, lærir til dæmis skemmtileg veðurorð af honum. Í bók númer tvö flytur hann loks að heiman, 97 ára, beint inn á dvalarheimili þar sem hann verður skotinn í eldri dömu. Eyja hjálpaði honum að læra að lesa í fyrstu bókinni og kenndi honum á klukku í bók númer tvö. Í lokabókinni finnur Rögnvaldur að hann er farinn að eldast og á ekki langt eftir. Þau búa því til lokalista fyrir hann yfir það sem hann á eftir að prófa eins og að fara í fallhlífarstökk, renna sér í rennibraut og smakka sushi.“

### Verðum að tala um dauðann

Bergrún segir að sér finnist gaman að leiða saman kynslóðir í bókum sínum. „Elsta og yngsta kynslóðin eiga svo margt sameiginlegt. Þetta er mjög hreinskilið fólk sem eyðir ekki tíma í óþarfa.“

Dauðinn er meðal viðfangsefna Bergrúnar í Langelstur að eilífu. „Barnabækur sem fjalla um dauðann, eins og Bróðir minn Ljónshjarta, sitja í manni og snerta mann virkilega. Við sykurhúðum svo margt til að vernda börnin okkar en dauðinn er hluti af lífinu og við verðum að tala um hann,“ segir hún.

Spurð hvaða máli teikningar skipti í bókum svarar hún: „Ég held að þær skipti meira máli en við gerum okkur grein fyrir. Ég var að skrifa unglingabók fyrir menntamálastofnun sem heitir Hauslausi húsvörðurinn og er dálítið blóðug saga. Þar er fullt af myndum því unglingar vilja myndir, alveg eins og börn. Við eigum að rækta þetta myndlæsi, við megum ekki tapa því. Litlu krakkarnir á leikskólunum eru gríðarlega myndlæs og sjá oft hluti sem fullorðnir sjá ekki. Við eigum að halda í þennan hæfileika sem lengst.“

# Sú vinstri æddi um hljómborðið

**TÓNLIST**

**Sinfóníutónleikar**

★★★★½

**Verk eftir Bizet, Ravel, Debussy, Sibelius og Önnu Þorvaldsdóttur.**

**Stjórnandi:** Yan Pascal Tortelier.
**Einleikari:** Jean-Efflam Bavouzet.
**Eldborg í Hörpu**
fimmtudaginn 12. september

Flestir píanóleikarar myndu leggja árar í bát við það að missa hægri höndina. Ekki þó Paul Wittgenstein, sem var uppi á fyrri hluta aldarinnar sem leið. Hann hélt ótrauður áfram, pantaði verk fyrir vinstri höndina eina, og flutti þau á tónleikum víða um heim.

Af þessum tónsmíðum ber konsertinn eftir franska tónskáldið Maurice Ravel af. Hann hafði áður samið píanókonsert fyrir tvær hendur, sem er einstaklega skemmtilegur, fágaður og fullur af grípandi laglínum. Konsertinn sem hér um ræðir er myrkari og dramatískari. Mikið gengur á í tónmálinu. Stefin eru einkar lokkandi, bæði þau hvössu og einnig hin mýkri. Framvindan er viðburðarík og rafmögnuð, og hún skilaði sér fyllilega á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið.

### Tærir og pottþéttir

Einleikari var Jean-Efflam Bavouzet, en hann lék einmitt einleikinn hér þegar hinn konsertinn eftir Ravel var fluttur fyrir ekki löngu síðan. Bavouzet var með hægri höndina á lærinu megnið af tímanum, en vinstri höndin æddi um hljómborðið. Í mestu átökunum þurfti hann samt að halda sér í flygilinn með hægri hendinni, annars hefði hann dottið um koll! Túlkun hans var sérlega sannfærandi. Hröðu kaflarnir voru tærir og pottþéttir, hægu stefin þrungin hrífandi nostalgíu, heildarmyndin svo glæsileg að það var alveg einstakt.

Bavouzet lék aukalag sem hann kynnti ekki, en það var fyrsti kaflinn úr Images I eftir Debussy. Hann ber heitið Endurkast á vatni, dásamleg tónlist sem píanóleikarinn spilaði af tæknilegri fullkomnun. Laglínurnar og hljómarnir voru fagulega mótaðir; útkoman var mergjuð náttúrustemning.

### Hefur alltaf eitthvað að segja

Þrjú hljómsveitarverk voru einnig á efnisskránni. Yan Pascal Tortelier stjórnaði, en hann er ekki lengur aðalstjórnandi hljómsveitarinnar. Ég verð að segja að ég á eftir að sakna hans. Hann hefur sýnt margoft að hann býr yfir djúpu, listrænu innsæi og hefur alltaf eitthvað að segja með tónlistinni. Svo var einmitt nú. L'Arlesienne svítan eftir Bizet var gædd innileika og ástúð, en samt stílhrein og yfirveguð. Aeriality eftir Önnu Þorvaldsdóttur var jafnframt fagurlega mótuð. Og fyrsta sinfónían eftir Sibelius var frábær!

Þetta mikla verk samanstendur af krassandi stefjum, sem tónskáldið vinnur úr á alls konar hátt. Þar eru mörg yndisleg augnablik sem maður óskar sér að vari lengur. Sibelius leyfði sér engan slíkan munað, dýrðarstundirnar brotna fyrr en varir í alls konar útúrdúra, sem eru spennandi í sjálfu sér, en virðast einkennast af ótta, ef ekki skelfingu.



Einleikara, stjórnanda og hljómsveitinni var innilega fagnað í lokin.

### Vildi að tíminn stæði kyrr

Þannig er um annan kaflann, sem er ótrúlega margbrotinn. Allt frá stórfenglegu, einföldu stefi yfir í hraðar, leitandi tónarunur þar sem allt mögulegt á sér stað. Hápunkturinn í lokakaflanum er sömuleiðis yfirgengilegur, þar vildi maður svo sannarlega að tíminn stæði kyrr.

Tortelier náði ávallt að magna upp seiðinn í tónlistinni og hljómsveitin spilaði af gríðarlegri fagmennsku. Grímur Helgason spilaði afar fallega á klarinettuna í byrjuninni, og hörpuleikur Katie Buckley var glitrandi og nákvæmur. Strengirnir í heild voru hnausþykkir og munúðarfullir, akkúrat eins og þeir áttu að vera. Útkoman var stórbrotin og verður lengi í minnum höfð.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Glæsilegur einleikur, hljómsveitin með allt á hreinu.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 18. SEPTEMBER 2019

### Tónleikar

**Hvað?** Tónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Vinaminni, Skólabraut 19, Akranesi
Tónlistarhópurinn Umbra flytur blöndu af trúarlegri og veraldlegri miðaldatónlist frá Evrópu í bland við íslensk þjóðlög.

### Myndlist

**Hvað?** Örnámskeið í teikningu
**Hvenær?** 17.00-18.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið Árbæ
Kristín Arngrímsdóttir myndlistarmaður kennir. Þátttakendur eru beðnir að koma með spegil eða ljósmynd sem hægt er að nota sem fyrirmynd. Annars er allt efni á staðnum. Ókeypis og allir velkomnir.

### Orðsins list

**Hvað?** Áróður 2.0
**Hvenær?** 12.00-13.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41
Renée DiResta, forstöðumaður tæknirannsókna hjá internet rannsóknarmiðstöð Stanford, skoðar hinar ýmsu hliðar upplýsingaóreiðu, eins og falsupplýsingar, upplýsingafölsun og stafrænan áróður. Fyrirlesturinn er á ensku.



Heimspekingarnir Gunnar Hersveinn og Elsa Björg spjalla í Gerðubergi.

**Hvað?** RIGMORs SAGA
**Hvenær?** 12.00-13.15
**Hvar?** Stapi, stofa 210 (milli Þjóðminjasafns og Gamla – Garðs)
Rigmor K. Johnsen heldur fyrirlestur á ensku á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljós. Allir velkomnir!

**Hvað?** Verndun menningarminja í þéttbýli
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Norræna húsið
Á málþingi Íslandsdeildar ICOMOS verður fjallað um reynslu sem fengist hefur með fornleifarannsóknum síðari ára.

**Hvað?** Upphaf – Árstíðaljóð
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Gunnarshús, Dyngjuvegi 8
Gunnhildur Þórðardóttir myndlistarmaður kynnir nýjustu ljóðabók sína.

**Hvað?** Útgáfuhóf
**Hvenær?** 17.00-18.30
**Hvar?** Tjarnarbíó, Tjarnargötu
Í tilefni af 85 ára afmæli Sveins Einarssonar útdeilir hann nýrri bók sinni Leikhúskver til vina og velunnara.

**Hvað?** Fyrirlestur og hugleiðsla
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Lífsspekifélagið, Ingólfsstræti 22.
Yangsi Rinpoche, kennari í búddisma, sér um stundina. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Sjálfið á tímum Alnetsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið Gerðubergi
Gunnar Hersveinn býður heimspekingnum Elsu Björg Magnúsdóttur til sín.





Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —
89%
Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til 89% lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.




TVÖFÖLD VIRKNI
Ný tvöföld virkni sem veitir hraða og langvarandi vörn gegn tannkuli




G·U·M SensiVital+




HLAÐVARPIÐ

á frettabladid.is

*hlustaðu þegar þér hentar*



Helgin

FRETTABLADID.IS

# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

### RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin**
**13.00 Útsvar 2017-2018 Dalvíkurbyggð - Skeiða- og Gnúpverjahreppur**
**14.15 Mósaík**
**15.00 Á tali hjá Hemma Gunn 1989-1990** Skemmtiþáttur þar sem Hemmi Gunn tekur á móti góðum gestum í sjónvarpssal. Slegið er á létta strengi, stiginn dans og sungið. Hljómsveit Magnúsar Kjartanssonar leikur af fingrum fram. Stjórn útsendingar: Björn Emilsson. e.
**16.20 Hemsley-systur elda holt og gott**
**16.45 Krónikan**
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Tímon & Púmba**
**18.18 Sígildar teiknimyndir**
**18.25 Líló og Stitch**
**18.50 Krakkafréttir**
**18.54 Vikinglotto**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Með okkar augum** Í fimmta þætti tökum við Sóla Hólm tali, mætum á æfingu með fötluðu fólki sem stundar júdó, heimsækjum Sigtrygg Einar Sævarsson, einstakan listamann á Sólheimum sem teiknar fallegar dýramyndir, hittum Jón Gunnarsson sem starfar á vegum Atvinnu með stuðningi hjá Marel og kynnumst því hvernig er að fljóta í saltvatni.
**20.35 Lífsstíll og heilsa Offita, mataræði, hreyfing**
**21.05 Á önglinum** Finnsk glæpaþáttaröð um fíkniefnalögreglumanninn Oskari sem fær óvænt heimsókn frá barnsmóður sinni, Kristu, sem hann hefur ekki séð í sextán ár. Krista er gamall eiturlyfjafíkill og kunnug undirheimum Helsinki og þau komast að leynilegu samkomulegi um að hjálpa hvort öðru. Aðalhlutverk: Tommi Eronen, Matleena Kuusniemi og Jussi Nikkilä. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Þrælaslóðir** Heimildarþáttaröð í fjórum hlutum sem rekur sögu þrælaviðskipta í heiminum, allt frá sjöundu til nítjándu aldar, og leitast við að svara því hvers vegna Afríka varð skjálftamiðja þessara viðskipta. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.15 Krónikan**
**00.15 Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**08.50 A Military Tribute at the Greenbrier** Útsending frá lokadegi
**11.50 Golfing World**
**12.40 Solheim Cup** Útsending frá lokadegi Solheim Cup.
**18.40 Golfing World**
**19.30 Champions Tour Highlights** Svipmyndir frá helstu mótunum í Champions Tour.
**20.25 Omega European Masters** Útsending frá Omega European Masters á Evrópumótaröðinni.

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Single Parents**
**14.15 The Orville**
**15.00 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 American Housewife**
**20.10 George Clarke's Old House, New Home**
**21.00 Chicago Med**
**21.50 The Fix**
**22.35 Charmed**
**23.20 The Tonight Show**
**00.05 The Late Late Show**
**00.50 NCIS**
**01.35 The Passage**
**02.30 In the Dark**
**03.15 The Code**
**04.00 Síminn + Spotify**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tónlist frá A til Ö Hvernig velur tónlistarfólk hljóðfæri?**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Samtal Erla Hulda Halldórsdóttir**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Stormsker**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.40 Kvöldsagan. Svipir dagsins og nótt**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.00 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.30 Cry Baby**
**12.55 Ghostbusters**
**14.40 Trumbo**
**16.45 Cry Baby**
**18.10 Ghostbusters**
**19.55 Trumbo**
**22.00 The Dark Tower**
**23.35 Rough Night**
**01.15 Miss Sloane**
**03.25 The Dark Tower**

### STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.45 Gilmore Girls**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Mom**
**09.55 Fresh Off The Boat**
**10.15 The Last Man on Earth**
**10.35 Arrested Developement**
**11.00 God Friended Me**
**11.45 Bomban**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hvar er best að búa**
**13.35 I Own Australia's Best Home**
**14.35 The Great British Bake Off**
**15.35 Einfalt með Evu**
**16.00 Born Different**
**16.30 Stelpurnar**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 Víkingalottó**
**19.30 First Dates**
**20.20 Ísskápastríð**
**20.55 Veronica Mars**
**21.40 Wentworth**
**22.30 Room 104**
**23.00 Burðardýr**
**23.35 Mr. Mercedes**
**00.40 Alex**
**01.30 Warrior**
**02.15 Silent Witness**
**04.05 Pretty Little Liars. The Perfectionists**

### STÖÐ 3

**19.10 Mom**
**19.35 The Big Bang Theory**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Splitting Up Together**
**21.15 Roswell, New Mexico**
**22.00 Westworld**
**23.30 Underground**
**00.20 Réttur**
**01.05 Mom**
**01.30 The Big Bang Theory**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.55 Seinni bylgjan**
**09.25 Ajax - Lille**
**11.05 Chelsea - Valencia**
**12.45 Dortmund - Barcelona**
**14.25 Inter - Slavia Prag**
**16.05 Napoli - Liverpool**
**17.45 Meistaradeildarmörkin**
**18.15 Meistaradeildarmessan**
**21.00 Meistaradeildarmörkin**
**21.30 Football League Show**
**22.00 Pepsi Max Mörk karla**
**22.40 LA Rams - New Orleans**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**16.45 Olympiacos - Tottenham** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**18.50 PSG - Real Madrid** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

### STÖÐ 2 SPORT 3

**18.50 Bayern München - Rauða stjarnan** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

### STÖÐ 2 SPORT 4

**18.50 Shakhtar Donetsk - Manchester City** Bein útsending rá leik í Meistaradeild Evrópu.

### STÖÐ 2 SPORT 5

**18.50 Atletico Madrid - Juventus** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


KEY nat ura
ÍSLENSKT gjörið svo vel
ICELANDIC NATURAL
KEY nat ura
VEGAN PRODUCT
ASTA EYE
Íslenskt Astaxanthin 4 mg
Lutein 10 mg & Zeaxanthin 2 mg
Formúla byggð á AREDS2
Styður heilbrigða sjón
NÝTT
Verndaðu augun!
● Vinnur gegn augnþurrki og verndar augu gegn aldurstengdri hrörnun
● Inniheldur íslenskt Astaxanthin, Lutein og Zeaxanthin
● Formúlan er byggð á AREDS2 rannsókn, formúla sem augnlæknar mæla með
● Nú með Astaxanthin, sem einnig styður við augnheilsu
ASTAFUEL
Astaxanthin
MCT olía úr kókoshnetum
Aukin orka og betri endurheimt
ÍSLENSKT ASTAXANTHIN
4 mg
Öflugasta andoxunarefni náttúrunnar
Heilsa Árangur Vellíðan
ASTA SKIN
Íslenskt Astaxanthin 6 mg
Myoceram™ seramíð 30 mg
Astaxanthin Seramíð Kollagen
Styður heilbrigða húð
ASTA CARDIO
Íslenskt Astaxanthin 4 mg
DHA úr þörungum 180 mg
Astaxanthin Omega-3 DHA
Náttúruleg hollusta fyrir hjartað
ASTALÝSI
Astaxanthin
Omega-3 | D-vítamín
Omega-3 styður hjarta, heila og sjón
Vörur frá KeyNatura fást í flestum apótekum, stórmörkuðum og vefverslun keynatura.is - Gefðu líkamanum gjöf!

# Syntu í gegnum grafreit draumanna

**Birna Bragadóttir** var mikil kuldaskræfa þegar hún prófaði sjósund 2016. Ári síðar myndaði hún kvennahóp til að synda yfir Ermarsundið og það tókst þegar hún synti 34 kílómetra boðsund frá Englandi til Frakklands ásamt fimm öðrum konum.



Birna um borð í bátnum Rowena sem hún pantaði ásamt skipstjóra fyrir tveimur árum.

Birna Bragadóttir prófaði sjósund í fyrsta sinn í apríl 2016, þegar Andrea Róbertsdóttir vinkona hennar lagði til að þær æskuvinkonurnar skelltu sér saman í sjósund í Nauthólsvíkinni. „Ég náði nú bara að dýfa mér í sjóinn í örskamma stund vegna kulda, enda var ég mjög mikil kuldaskræfa. En það var samt eitthvað hressandi við þessa upplifun og ég ákvað að gefa þessu tækifæri. Frá þessum tíma hef ég stundað sjósund reglulega og þá aðallega með Þóreyju Vilhjálmsdóttur útivistarvinkonu minni og Marglyttu,“ útskýrir Birna.

> **ÞAÐ ER ERFITT AÐ VERA SJÓVEIKUR Á BÁTNUM OG ÞURFA AÐ FARA ÚT Í AÐ SYNDA Í ÞVÍ ÁSTANDI. ÉG FÉKK LÍKA OLÍUBRÁK UPP Í MIG Á MEÐAN Á SUNDINU STÓÐ SEM VAR ÓGEÐSLEGT.**

### Æfðu sig í kulda og myrkri innan um marglyttur

Það var svo í september ári síðar að Birna synti boðsund yfir Skerjafjörðinn með góðum hópi kvenna. „Þá kom upp sú hugmynd að það væri skemmtileg áskorun og lífsmarkmið að setja saman öflugt kvennalið til að synda yfir Ermarsundið. Markmiðið var sett á dagskrá og ákveðið að nýta sundið til að styðja við umhverfissamtökin Bláa herinn.“ Um langtímamarkmið var þó að ræða enda Ermarsundsleiðin oft kölluð Mount Everest sjósundfólks, kröfur um hæfni sundfólks eru miklar og áskorunin það vinsæl að bið er eftir að komast að. „Eftir að hafa skoðað báta og lesið umsagnir frá Ermarsundsfólki, varð báturinn Rowena með feðgunum Peter og Peter jr. fyrir valinu og dagsetning negld eftir tvö ár.“ Æfingar hófust svo af fullum krafti síðasta vor þegar liðið sem fékk nafnið Marglytturnar var fullmannað. „Við lögðum áherslu á að undirbúa okkur bæði andlega og líkamlega. Við reyndum að búa okkur undir það að synda í öllum aðstæðum og æfðum okkur í miklum öldugangi, kulda, myrkri og syntum með marglyttum.“

### Synti áfram axlarbrotin

Það er augljóst að Birna lætur ekkert stöðva sig en hún lenti í reiðhjólaslysi síðastliðið vor og axlarbrotnaði sem setti strik í reikninginn enda segir hún meiðslin ekki aðeins hafa haft áhrif á æfingatímabilið heldur einnig sjálfstraustið. „Ég ákvað þó að reyna að vinna í kringum það og halda kuldaþolinu við með því að synda með blöðkum og öðrum hjálpartækjum sem gerðu mér kleift að synda í sjónum án þess að nota öxlina. Ég var því ótrúlega ánægð þegar ég gat farið að synda skriðsund á ný í lok júlí og er nokkuð viss um að sjósundið hafið hjálpað mikið til með batann.“

### Veðrið breyttist hratt á sundinu

Hópurinn var með bátinn Rowena á leigu dagana 4. til 10. september og beið veðurs í hafnarborginni Dover. Biðin varð töluverð sem reyndi á taugarnar og svo fór að þær syntu af stað að morgni 10. september, síðasta mögulega daginn. „Það reyndi á þolinmæðina að bíða og var stressandi þar sem maður veit vel að veðrið getur breyst mjög hratt á þessari siglingaleið. Það gerðist á sundinu okkar. Við lögðum af stað í frábæru veðri. Þegar líða tók á sundið og við nálguðumst Frakkland fór að hvessa og öldugangurinn varð mjög mikill, sem gerði sundið enn erfiðara, auk þess sem við urðum flestar sjóveikar bæði í bátnum og á sundi.“

### Sjóveikin helsta áskorunin

Birna segist ekki neita því að sundið hafi verið erfitt. „Straumarnir voru gríðarlega sterkir og við gáfum allt okkar í þetta.“ Boðsundið gengur þannig fyrir sig að hver sundkona syndir eina klukkustund í einu en það hlýtur að reyna á andlegu hliðina jafnt sem líkamlegu að vera einn í sjónum í svo langan tíma í erfiðum aðstæðum. „Ég lagði mig fram við að hugsa jákvæðar og uppbyggilegar hugsanir. Ég átti líka góða stund með sjálfri mér á sundi þegar ég var með einstakt útsýni á hvítu klettana við Dover. Á köflum var tíminn samt lengi að líða. Svo komst maður í gott flæði, náði að gleyma sér og láta hugann reika. Hvatning Marglyttnanna og fylgdarfólks um borð í bátnum skipti líka miklu. Þótt maður heyri ekkert í þeim var gott að ná augnsambandi og finna samstöðuna. Gréta Ingþórsdóttir stóð vaktina allan tímann með spjöld sem sýndi okkur hvernig tímanum leið. Það var líka einstakt fyrir okkur að finna þessa jákvæðu og góðu strauma frá öllum þeim sem fylgdust með hérna heima.“ Birna segir sjóveikina hafa verið helstu áskorunina. „Það er erfitt að vera sjóveikur á bátnum og þurfa að fara út í að synda í því ástandi. Ég fékk líka olíubrák upp í mig á meðan á sundinu stóð sem var ógeðslegt.“



Marglytturnar, sundkonur og skipuleggjendur í miðbæ Folkstone: Gréta, Sigurlaug, Sigrún, Birna, Þórey, Soffía, Brynhildur og Halldóra.

### Aðstæður mjög erfiðar

Eftir 15 klukkustunda sund var markmiðinu náð, þegar Halldóra Gyða náði landi í Cap Gris í Frakklandi og segir Birna það hafa verið tilfinningaríka stund. „Ég er samt enn að meðtaka það að við höfum í alvörunni gert þetta og náð því að synda yfir Ermarsundið. Biðin eftir að komast af stað var svo löng að við vorum í fyrsta lagi gríðarlega ánægðar með að fá að reyna við sundið, hvað þá að ná að klára það. Aðstæður voru orðnar mjög erfiðar þegar leið á seinni hlutann, sjórinn úfinn og öldugangur mikill á erfiðasta svæði sundsins sem kallast „grafreitur draumanna“ þar sem flest sundfólk sem ekki nær að klára sundið þarf að hætta. Það var því gríðarlegur sigur að komast út úr straumnum sem þar er. Þegar okkur hafði tekist það vissum við að við myndum klára þetta. Samvinna, þrautseigja, samkennd og öflugur liðsandi Marglyttna og stuðningsliðs kom okkur yfir Ermarsundið.“



Á meðan sundkonurnar biðu vegna veðurs í Dover nýttu þær tíma til æfinga í sjónum. Hér er Birna ásamt þeim Þóreyju og Sigrúnu.

### Eiga eftir að fagna

Aðspurð hvernig þær hafi fagnað segir Birna þær hafa gert heiðarlega tilraun til að skála á heimleið í bátnum en eftir sundið tók strax við tveggja og hálfs tíma bátsferð aftur til Englands. „Það gekk ekkert alltof vel. Það var svo vont í sjóinn og okkur var öllum mjög óglatt.“ Þegar landi var náð á Englandi fór hópurinn beint upp í rútu á flugvöllinn til að ná flugi heim til Íslands. „Við komum því með sjávarseltuna og þarann úr Ermarsundinu heim,“ segir Birna hlæjandi en bætir við að þær muni fljótlega gera aðra tilraun til að fagna saman og skála enda þakklátar og stoltar af afrekinu.

bjork@frettabladid.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

FIMMTUDAGUR **19. SEPTEMBER** 19:30

# DEBUSSY OG PROKOFÍEV

Þú getur skannað og hlustað á verkin á Spotify

**Claude Debussy** Forleikur að Síðdegi skógarpúkans

**Jennifer Higdon** Fiðlukonsert

**Sergej Prokofíev** Sinfónía nr. 5

**Roderick Cox**
hljómsveitarstjóri

**Benjamin Beilman**
einleikari

Á næstu tónleikum Sinfóníunnar hljómar spennandi og fjölbreytt efnisskrá með tónlist frá Frakklandi, Rússlandi og Bandaríkjunum. Kraftmikil sinfónía Prokofíevs hefur lengi verið meðal hans vinsælustu verka, samin sumarið 1944 þegar síðari heimsstyrjöldin geisaði og heimurinn virtist á vonarvöl. Síðdegi skógarpúkans er eitt af lykilverkum impressjónismans í tónlist og raunar tímamótaverk í sögu tónlistarinnar. Jennifer Higdon hlaut hin virtu Pulitzer-verðlaun árið 2010 fyrir fiðlukonsert sinn sem er einstaklega glæsileg og áheyrileg tónsmíð.

Roderick Cox er einn áhugaverðasti ungi hljómsveitarstjóri Bandaríkjanna um þessar mundir. Hann gegnir starfi aðstoðarstjórnanda hjá Minnesota-hljómsveitinni, þar sem Osmo Vänskä er við stjórnvölinn, og hlaut nýverið hin virtu Solti-verðlaun. Benjamin Beilman er einn eftirsóttasti fiðluleikari sinnar kynslóðar og ferðast heimshorna á milli með hljóðfæri sitt, Stradivarius-fiðlu frá árinu 1709.

## Á DÖFINNI HJÁ SINFÓNÍUNNI

**26. SEPTEMBER** 19:30

### SÆUNN OG SHOSTAKOVITSJ

**Ludwig van Beethoven** Egmont, forleikur

**Joseph Haydn** Sellókonsert í D-dúr

**Dmítríj Shostakovitsj** Sinfónía nr. 5

**Karina Canellakis**
hljómsveitarstjóri

**Sæunn Þorsteinsdóttir**
einleikari

**10. OKTÓBER** 19:30

### BRAHMS OG TSJAJKOVSKÍJ

**Johannes Brahms** Píanókonsert nr. 2

**Pjotr Tsjajkovskíj** Sinfónía nr. 6, „Pathétique"

**Han-Na Chang**
hljómsveitarstjóri

**Stephen Hough**
einleikari

**18. OKTÓBER** 12:00

HÁDEGISTÓNLEIKAR

### BAROKK Í NORÐURLJÓSUM

**Arcangelo Corelli og Georg Friederich Händel**
Concerti grossi fyrir strengjasveit

**Strengjasveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands**

**Matthew Truscott**
konsertmeistari

# TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

**Aðalstyrktaraðili :**
GAMMA



Það er hægt að nálgast tónlist Marteins á öllum helstu streymisveitunum og á vínylplötu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kortlagði undarlega tíma

**Marteinn Sindri samdi lögin á Atlasi á undarlegum tíma, en nafnið á plötunni er vísun í kortagerð. Lögin samdi hann öll á lítinn kassagítar í litlu herbergi í Berlín fyrir hálfum áratug.**

Í dag kemur úr plata heimspekingsins, tónlistar- og útvarpsmannsins Marteins Sindra Jónssonar, Atlas. Hún hefur verið í meira en hálfan áratug í smíðum. Marteinn fór að leita í annars konar tónsmíði en hann hafði vanist áður þegar hann rakst á nokkurs konar andlegan vegg þegar hann var í námi í Þýskalandi. Útkoman var svo nýja platan, en henni fylgir Marteinn eftir með útgáfutónleikum í Iðnó í kvöld.

### Hálfan áratug í smíðum

„Platan hefur verið mjög lengi í smíðum. Gerð hennar hófst þegar ég rakst á nokkurs konar andlegan vegg, platan sprettur í raun upp úr því. Ég var í námi úti í Berlín þar sem ég var að læra heimspeki,“ segir Marteinn Sindri.

Á sama tíma starfaði hann á klínik þar sem hann vann með sjúklingum með langvinna sjúkdóma.

„Ég starfaði á sálfræðideildinni, og það hafði mjög mikil áhrif á mig. Þetta var fólk sem var með flókna samþætta líkamlega og andlega sjúkdóma.“

Marteinn stóð sjálfur á ákveðnum krossgötum í eigin lífi, hann var ekki viss hvað tæki við eftir námið og upplifði einhvers konar flóttaleið í tónsmíðunum.

> KORTIÐ ER VÍSUN Í HVERNIG FÓLK FINNUR SÉR EINHVERJA LEIÐ ÚT EÐA FLÓTTALEIÐ FRÁ RAUNVERULEIKANUM STUNDUM.

„Ég sat dögunum saman í litla herberginu mínu með lítinn kassagítar og samdi lög og söng,“ segir Marteinn en hann er píanóleikari að upplagi og því má segja að það hafi verið hliðarspor fyrir hann að grípa í gítar og byrja að syngja við lögin.

### Lagasmíðar helltust yfir hann

„Það var einhvern haustdag í Berlín að það breytist allt í einu hvernig ég syng eigin lög. Ég var byrjaður allt í einu að syngja mína eigin músík sem ég hafði aldrei gert áður. Megnið af lögunum er samið á þessum tíma.“

Hann líkir upplifuninni við lagasmíðarnar, að þær hafi nánast hellst yfir hann eins og brotsjór.

„Ég tók mér tímabundið leyfi frá námi. Það kom rosalega mikið af efni til mín og ég samdi mikinn fjölda laga. Bæði á íslensku og ensku. Ári síðar leið mér eins og að ég væri kominn með það efni sem ég þyrfti að koma frá mér,“ segir Marteinn, en hann hefur í gegnum tíðina verið í hljómsveitum og kórum, en segist ekki fyrr en á þessum tímapunkti hafa þorað að taka skrefið og koma fram einn með eigið efni.

„Það var stór áfangi fyrir mig þá um haustið að spila og koma fram einn. Frekar snemma í ferlinu fer ég að vinna með Daníel Friðrik sem var sjálfur í námi í Berlín að læra djass á gítar á sama tíma og ég var úti. Hann fer að pæla í þessu með mér og upp frá því vex góð vinátta líka, en við vorum kunningjar fyrir.“




### Túlkunarfrelsi hlustandans

„Við förum því í ferlið smám saman, að taka eitthvað mjög persónulegt sem fæðist og vex í mjög skrýtnum aðstæðum. Þar sem maður var mikið einn og veit ekki alveg hvert maður er að fara eða stefna. Svo byrjum við að byggja utan á þessi einföldu lög sem voru samin bara á lítinn kassagítar.“

Hann segir þá hafa byrjað að byggja utan á verkið og það tekið breytast. Afraksturinn er Atlas, sem er vísun í kortagerðina og að vera smá týndur.

„Kortið er vísun í hvernig fólk finnur sér einhverja leið út eðaflóttaleið frá raunveruleikanum stundum. Textarnir eru margir óræðir, draumkenndir og ljóðrænir þannig að hlustandinn hefur skáldaleyfi og túlkunarfrelsi á þeim.“

Vínylútgáfa Atlasar kemur út í dag og verður til sölu á útgáfutónleikunum í kvöld í Iðnó. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00, miðar eru seldir við innganginn og á tix.is.

**steingerdur@frettabladid.is**


OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA Láttu drauminn rætast

# Fjörugt haust í fjórum búðum

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði




September tilboðin {KOMDU NÚNA}

NATURE'S REST
heilsurúm m/Classic botni

DORMA Hausttilboð 20% AFSLÁTTUR

Nature's Bedding

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

| Stærð í cm | Fullt verð með Classic botni | DORMA HAUSTTILBOÐ |
|---|---|---|
| 80x200 | 55.900 | **44.720** |
| 90x200 | 59.900 | **47.920** |
| 100x200 | 63.900 | **51.120** |
| 120x200 | 69.900 | **55.920** |
| 140x200 | 79.900 | **63.920** |
| 160x200 | 89.900 | **71.920** |
| 180x200 | 99.900 | **79.920** |

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á $m^2$
- Góðar kantstyrkingar

**Afgreiðslutími Rvk**
Mán. til fös. kl. 11-18.30
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
**Smáratorgi, Kópavogi**
**Dalsbraut 1, Akureyri**
**Skeiði 1, Ísafirði**

DORMA Láttu drauminn rætast



LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.




Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*



Neglurnar eru sterkari, naglaböndin mýkri og raunar öll húðin.
MARGRÉT
SÝNILEGUR ÁRANGUR Á 30 DÖGUM
FYRIR HÚÐ, HÁR OG NEGLUR
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA OG HUGVIT
ÍSLENSKT Í HÚÐ OG HÁR
Kollagen frá Protis á sér enga hliðstæðu enda afrakstur íslensks hugvits, unnið úr afurðum sjávar og gætt meira af virkum innihaldsefnum en sambærilegar vörur. Kollagen er laust við öll aukaefni og skilar skínandi árangri fyrir húð, hár og neglur á aðeins 30 dögum.
PROTIS
KOLLAGEN
FYRIR HÚÐ, HÁR OG NEGLUR
íslenska

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**



Bjarna Karlssonar

## Fjögurra ára reglan

Síðustu ár hef ég einkum starfað við sálgæslu meðfram rannsóknarnámi við HÍ. Erfitt er að segja hvort vinnan eða námið hefur kennt mér meira. Eitt sem ég hef nýlega lært af fólki og tel eiga erindi við almenning er Fjögurra ára reglan. Það sem upphaflega vakti athygli mína í hjónaráðgjöfinni var það hve algengt það virðist vera að hjón steyti á skeri í sambandi sínu einmitt þegar yngsta barnið er á þeim aldri.

Ég tel að einhver stærstu tímamót í lífi hverrar móður verði þegar um fjögur ár eru liðin frá fæðingu yngsta barnsins. Þetta kann að koma einhverjum spánskt fyrir sjónir og líklega hefði ég ekki tekið eftir þessu ef barnabörnin mín hefðu ekki verið að fæðast hvert af öðru síðustu árin. Við karlar munum seint ná að setja okkur inn í það hvers konar framsal á sjálfum sér og eigin lífi það er að ala í sér, af sér og á sér heilt barn. Hvað þá ítrekað. Ég tek fram að þessi kenning er byggð á reynslu en ekki rannsóknum en jafnframt á samtölum við annað fagfólk sem staðfestir að það taki konu um fjögur ár að endurheimta sjálfa sig til líkama og sálar eftir barnsburð.

Ég hygg að pör mættu vel vera meðvituð um þau þöglu tímamót sem verða í lífi móður þegar yngsta barn er orðið fjögurra ára og tíma framsalsins er varanlega lokið í lífi konunnar. Þá vaknar hjá mörgum sterk þrá eftir því að lifa af alefli, finna rödd sína heyrast og eiga innihaldsríkt ástarsamband. En einmitt á sama skeiði eru hjón gjarnan komin í þægilega rútínu með svo margt, makinn áttar sig ekki á breyttum forsendum og telur hjónabandið komið í varanlegan farveg. Einmitt þá verða áföllin. Hjónaband er skip sem er smíðað á siglingu.








